

Fornleifaskráning í Skútustaðahreppi I:

Fornleifar á Hofstöðum, Helluvaði, Gautlöndum og í Hörghsdal

Orri Vésteinsson

Fornleifastofnun Íslands

FS022-96011

Reykjavík 1996

Skannað eintak af upprunalegri skýrslu hefur verið ljóslesið og
aðlagð af Minjastofnun Íslands.

Blaðsíðutöl gætu hafa færst úr stað og uppsetning breyst á
smávægilegan máta miðað við upprunalega útgáfu.

Efnisyfirlit

Skrá yfir kort	3
1. kafli. Inngangur	4
2. kafli. Byggðasaga	5
3. kafli. Fornleifaskrá	11
Hörghsdalur	15
Helluvað	26
Gautlönd	43
Stöng	63
Bjarnastaðir	68
Hofstaðir	72
4. kafli. Fornleifar og byggð í héraði	90
5. kafli. Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu	104
Heimildir	106

Skrá yfir kort

1. Skipting jarða og helstu býli og sel á skráningarsvæðinu	7
2. Fornleifakort. Hörghsdalur	14
3. Fornleifakort. Hörghsdalur - bæjarstæði	16
4. Fornleifakort. Helluvað	27
5. Fornleifakort. Helluvað - Laxárdalur	28
6. Fornleifakort. Gautlönd	44
7. Fornleifakort. Gautlönd - bæjarstæði	45
8. Fornleifakort. Stöng	62
9. Fornleifakort. Stöng - bæjarstæði	63
10. Fornleifakort. Bjarnastaðir	69
12. Fornleifakort. Hofstaðir	73
13. Fornleifakort. Hofstaðir - bæjarstæði	74
14. Gamlar leiðir á skráningarsvæðinu	102

1. Inngangur

Sumarið 1996 hófst skráning fornleifa í Skútustaðahreppi. Byrjað var á að safna heimildum um minjastaði í hreppnum öllum og reyndust þeir vera 1250 talsins. Það eru mun fleiri staðir en búist var við. Miðað við reynslu af fornleifaskráningu í Borgarfirði og Eyjafirði þar sem 10-15 minjastaðir eru á jörð þótti eðlilegt að reikna með um 25 minjastöðum á jörð í Skútustaðahreppi þar sem jarðir þar eru mun landmeiri. Í reynd eru hinsvegar um 60 staðir á jörð að meðaltali í Skútustaðahreppi. Ljóst er af þessu að fornleifaskráning í Skútustaðahreppi verður mun meira verk en upphaflega var áætlað en jafnframt að í hreppnum eru meiri og fjölbreyttari menningarsögulegar minjar en í flestum öðrum sveitum.

Fornleifaskráning í Skútustaðahreppi er unnin í sambandi við fornleifarannsóknir sem standa yfir á fornbylí á Hofstöðum í Mývatnssveit. Rannsóknir þar hófust 1992 og er áætlað að þær haldi áfram til aldamóta. Þær rannsóknir miða að því að varpa ljósi á aðlögun fyrstu kynslóða landnámsmanna að íslenskum aðstæðum og áhrifum þeirra á gróðurfari og lífríki. Fyrir utan eiginlegan uppgroft á Hofstöðum er áætlað að fram fari umfangsmiklar rannsóknir á breytingum á gróðurfari í Mývatnssveit á sögulegum tíma sem og þróun atvinnuhátta. Fornleifaskráning er grunnur undir slíkar rannsóknir og var sumarið 1996 byrjað að skrá svæðið næst uppgreftinum, Hofstaði sjálfa og nágrannajarðir til suðurs, Helluvað, Stöng, Hörgsdal, Gautlönd og Bjarnastaði (nú Heiði). Á þessu svæði hafa 259 minjastaðir verið skráðir og er því búið að vinna um fjórðung verksins þegar heimildavinnan er talin með.

Skýrsla þessi er þannig upp byggð að fyrst er stutt yfirlit um þróun byggðar á skráningarsvæðinu (kafla 2) en síðan er Fornleifaskrá (kafla 3). Í henni eru minjastaðir flokkaðir eftir jörðum og byggir tölusetningjarðanna á Jarðatali Johnsens frá 1847. Á undan minjaskrá hverrar jarðar er gerð grein fyrir takmörkum hennar, breytingum á þeim og öðrum upplýsingum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum. Einnig er gerð grein fyrir þáttum eins og gróðurfari og túnasléttum sem hafa áhrif á varðveislu minja. Í minjaskrá er síðan fjallað um hvern minjastað sérstaklega, gerð grein fyrir staðsetningu minjanna og aðstæðum og birtar lýsingar og myndir af tóftum þar sem við á. Í skránni eru einnig fornleifakort yfir hverja jörð sem sýna dreifingu minjastaða. Í kafla 4 er samantekt um helstu minjaflokka og gefið yfirlit um sérkenni svæðisins. Í kafla 5 eru síðan settar fram tillögur um verndun og kynningu fornleifa á skráningarsvæðinu.

Fornleifaskráning í Skútustaðahreppi er greidd af sveitarstjórn Skútustaðahrepps en verkið var unnið af Fornleifastofnun Íslands. Við skráninguna var beitt aðferðum sem þróaðar hafa verið í Eyjafirði undanfarin ár og hefur verið gerð grein fyrir þeim í skýrslum þar um.¹ Heimildakönnun var unnin af Sædísí Gunnarsdóttur en vettvangsathuganir gerði Orri Vésteinsson. Vill höfundur koma á framfæri þökkum til heimildamanna sinna fyrir margvíslega aðstoð.

2. Byggðasaga

Nokkrum árum eftir að svokölluð landnámsgjóska úr eldgosi í Vatnaöldum féll, en það er nú talið hafa verið 871 eð 872, tók fólk sér bólfestu á Hofstöðum efst í Laxárdal. Fyrsti bústaður þeirra virðist hafa verið niðurgrafið hús en það hefur fljótlega verið yfirgefið þegar tími hafði gefist til að byggja stærri og betri hús. Einnig hefur byggð verið kornin fljótlega á Gautlöndurn en þar hefur fundist kuml og bendir það til að þar hafi fólk tekið sér bólfestu fyrir árið 1000.

Niðurstöður fornleifarannsóknna á Hofstöðum benda til að Mývatnssveit hafi ekki byggst að ráði seinna en aðrar sveitir jafnvel þó hún liggi langt frá sjó. Líkur eru á að ríkulegt veiðifang hafi laðað að landnema og að sveitin hafi snemma orðið þéttbyggð. Mikið umfram það verður tæplega sagt á þessu stigi rannsókna.

Stóri skálinn, sem reistur hafði verið á Hofstöðum laust eftir 1000 (SP-214:012), var yfirgefinn fyrir lok aldarinnar og var aldrei byggt aftur á þeim stað. Hugsanlegt er að Hofstaðir hafi þá einfaldlega lagst í eyði og að þegar byggð hófst á ný hafi bærinn verið reistur á nýjum stað, sennilega þar sem hann stóð enn fram yfir miðja þessa öld (SP-214:001). Jafnlílegt er þó að skálstæðið hafi af einhverjum ástæðum þótt óhentugt og að bærinn hafi verið fluttur á hinn staðinn þegar skálinn stóri var farinn að ganga úr sér. Þriðji möguleikinn er að tvíbýlt hafi verið á Hofstöðum og að hitt bæjarstæðið sé ekki síður gamalt en þar sem skálinn er og geta þá margvíslegar ástæður legið að baki því að skálabúinn varð að bregða búi. Vera má að bygging slíks stórhýsis hafi orðið honum ofviða og væri hann þá ekki síðasti Íslendingurinn sem slíkt henti.

Áframhaldandi rannsóknir á Hofstöðum munu vonandi leiða í ljós hvernig stóð á því að

¹ Sjá Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson: *Fornleifaskráning í Eyjafirði I. Fornleifar í Eyjafjarðarsveit norðan Hrafnagils og Þverár*, Akureyri 1994, 5-13.

skálinn stóri var yfirgefinn. Í því felst lykillinn að skilningi á búsetuþróun í Mývatnssveit á 11. og 12. öld. Hafi Hofstaðir lagst alveg í eyði gæti það hent til að afturkippur hafi orðið í hálendisbyggð á 11. og 12. öld en til þess benda niðurstöður rannsókna á fornbylurum í Hrafnkelsdal og á Brúaröræfum.² Hafi tvíbyli orðið að einbyli gæti það einnig hent til afturkipps en einnig er mögulegt að það bendi til að menn hafi farið að dreifa meira úr sér, þ.e.a.s. að fyrstu kynslóðir landnámsmanna hafi hneigst til að búa þétt saman, nokkrar fjölskyldur á hverjum bæ og að langt hafi verið á milli bæja, en að seinna hafi þróunin orðið sú að aðeins ein fjölskylda bjó á hverju bæjarstæði og þá hafi orðið að finna ný bæjarstæði. Margbyli hefur verið á mörgum landnámsbylurum, t.d. í Herjólfssdal í Vestmannaeyjum, Hvítárholti í Hrunamannahreppi og í Reykjavík og gæti það styrkt þessa túlkun. Þannig er mögulegt að fyrverandi sambýlungar Hofstaðabóndans hafi reist bú t.d. á Geirastöðum og Hólkoti. Hafi hinsvegar Hofstaðabóndinn aðeins flutt bæ sinn til í túninu þá gæti það bent til mjög öflugrar búsetu á svæðinu.

Svör fást sennilega við þessum spurningum á næstu árum. Eins og stendur er næsta lítið hægt að segja um byggðaðróun í Mývatnssveit fyrr en kemur fram á 13. og 14. öld. Um 1300 hefur byggð í Mývatnssveit tekið á sig þá mynd sem hún hefur í stórum dráttum haft alla tíð síðan. 1318 voru 19 lögbýli í sveitinni³ og er það einu færra en 1847 og gæti þar munað um Syðri-Neslönd en ekki voru alltaf tveir bæir í Neslöndum á miðöldum.⁴ Af þeim jörðum sem skráðar voru sumarið 1996 er Gautlanda fyrst getið í ritheimildum en Gauti bóndi á Gautlöndum og hundur hans koma við sögu í Reykdæla sögu og Víga-Skútu frá 13. öld.⁵ Í máldaga Helgastaðakirkju er þess getið að kirkjan eigi, til jafns við bændahlut jarðarinnar, selför í Hörksdal.⁶ Þar hefur þá ekki verið föst byggð en í klausu sem bætt hefur verið neðan á máldaga Lundarbrekkukirkju í tíð Jóns biskups (1358-91) er þess getið að allir tollar eigi að greiðast frá


²Sveinbjörn Rafnsson: *Byggðaleifar í Hrafnkelsdal og á Brúardölum*, Reykjavík 1990.

³ Samkvæmt máldögum frá því ári áttu sex bæir að greiða tolla til Reykjahlíðarkirkju en í sókninni var einnig einn bær með hálfkirkju og hafa tollar ekki verið greiddir þaðan og hafa þá bæirnir í sókninni verið sjö. Til Skútustaðakirkju áttu ellefu bæir að greiða tolla en í þeirri sókn hefur sennilega einnig verið ein hálfkirkja ef marka má af kaupi prests og þar með tólf bæir í sókninni - DI II, 429-30. Athygli vekur að í máldaga Skútustaðakirkju frá 1394 er þess getið að frá Arnarvatni greiðist ekki heytollur til prestsins á Skútustöðum eins og frá öllum öðrum bæjum í sókninni og bendir það til að hálfkirkjan hafi verið þar - DI III, 557.

⁴ Það flækir málið að vísu að Fagranes og Brjánsnes virðast hafa verið lögbýli fram á 18. öld og eru sérstaklega traustar heimildir um að Fagranes hafi lengi verið sérstakt býli.

⁵IF X, 225.

⁶DIII, 436.



Kort 1. Skipting jarða og helstu býli og sel á skráningarsvæðinu

Hörksdal og Víðikeri til Lundarbrekkukirkju eins og af öðrum bæjum í sókninni.⁷ Þetta sýnir að föst búseta hefur hafist í Hörksdal og Víðikeri einhverntíma um miðja 14. öld. Sú byggð í Hörksdal hefur tæplega staðið mjög lengi því Helgastaðir eru enn taldir eiga þar selför 1394, 1429, um 1635 og 1712⁸ og er í Jarðabók Árna og Páls frá því ári ekki getið sagna né minja sem bentu til fastrar búsetu í Hörksdal en slíkar upplýsingar eru yfirleitt vandlega skráðar í því verki.

Árið 1902 voru grafnar upp fornminjar í Hörksdal en þar höfðu tíu árum fyrir fundist sérkennilegir steinar á grótvegg djúpt undir hlöðubyggingu sem þá var tekið fyrir (sbr. SP- 192:006). Stjórnendur uppgraftarins, Daníel Bruun og Björn M. Olsen voru ekki í vafa um að hér væri kominn hörgur eða lítið hús til heiðinna helgiathafna, einskonar bænhús eða einkablótstallur. Sú túlkun byggði ekki að litlu leyti á bæjarnafninu, en á það má benda að orðið 'hörgur' getur þýtt hrjóstur eða ófrjósamt landsvæði og getur það vel átt við um þennan stað, a.m.k. frá sjónarmiði þeirra sem byggðu niðri á láglandi. Það er a.m.k. alls ekki sannað að minjarnar sem grafnar voru fram 1902 séu frá því í heiðni, hvað þá að húsið hafi verið byggt til heiðinna helgiathafna.

Helluvaðs er fyrst getið í jarðasölubréfi frá 1468.⁹ Þá hafði jörðin verið eign Munkaþverárklosturs, sennilega þó ekki lengi því hennar ekki getið í eignaskráum klostursins frá því fyrir á öldinni. Hún komst síðar undir Hóladómkirkju um skeið í byrjun 16. aldar en Jón Arason seldi hana og var hún síðan bændaeign.¹⁰ Allmörg skjöl eru varðveitt um Helluvað frá 16. öld en þá urðu málaferli út af henni en hún lá vel við höggi þar sem Ari Jónsson lögmaður, sonur biskups sem afhöfðaður var með honum, hafði átt hana um skeið og auðvelt var að véfengja heimildir hans eftir að hann og ætt hans féllu í ónáð.¹¹

Hofstaða er fyrst getið í sölubréfi frá 1477. Þar kemur fram að bænhús sé á jörðinni og að hún eigi hlut í almenningi í Mývatni, skipstöðu og hrossagöngu í Geirastaðalandi.¹² Þetta bendir til að Hofstaðir hafi ekki átt land að Mývatni heldur hafi ræman milli Sortulækjar og

⁷ DI II, 438.

⁸ DI III, 573; IV, 376; BpS, 79; JÁM XII, 227.

⁹ DIV, 533.

¹⁰ DI VII, 731-32; IX, 301; XI, 872-73; XII, 560.

¹¹ DIXI, 115 sbr. DI XII, 86; XI, 538, 539; XII, 304. Af I, 76; III, 81-82, 278-79.

¹² DIVI, 109-10.

Laxár þá, eins og nú, tilheyrt Geirastöðum. Jörðin komst síðar í hendur barna Jóns Arasonar biskups, fyrst Þórunnar og síðan Ara en hefur ávalt verið bændaeygn.¹³

Gautlanda er fyrst getið í bréfum 1552 og hafði þá verið í eign Ara Jónssonar¹⁴ en sú jörð hefur einnig ávalt verið bændaeygn.¹⁵

Fyrir utan lögbýlin þrjú á skráningarsvæðinu (Hofstaði, Helluvað og Gautlönd) hefur verið byggð í Höragsdal um skeið á 14. öld. Einnig er í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns getið um eyðibýli á Beinisstöðum (SP-193:007) og Steinboga (SP-193:008) í Helluvaðslandi og Bjarnastöðum (SP-194c:001) og Litlu-Gautlöndum (SP-194:011) í landi Gautlanda. Allir þessir bæir höfðu þá verið lengi í eyði, sennilega alla 17. öldina en að öðru leyti verður ekki sagt hvenær byggð var þar. Á Bjarnastöðum hófst byggð á ný á 19. öld og sjást þar nú engin merki hinna eldri bygginga, en á Litlu-Gautlöndum, Steinboga og Beinisstöðum eru allmiklar rústir og túnstæði. Minjarnar benda til fastrar búsetu en á engum þessara staða eru stórir bæjarhólar sem bent gætu til að byggðin hafi verið langvinn. Auk þessara staða eru nokkrir þar sem búseta hefur getað verið um lengri eða skemmri tíma, sennilega skemmri. Í landi Gautlanda hafa verið allmörg sel (SP-194:040, 043, 050, 051) en við ekkert þeirra er túnstæði eða garðar, en slíkar minjar eru helstu vísbendingar um fasta búsetu.

Í landi Helluvaðs voru einnig sel á tveimur stöðum og á öðru þeirra, Arnarvatnsseli eða Ytraseli (SP-193:038), eru allmiklar rústir og túnstæði og getur vel verið að þar hafi verið föst búseta. Selið frá Hofstöðum var í svokölluðum Glúmsstaðahellrum (SP-214:054) og bendir nafnið til að þar nærri hafi verið bær sem heitið hafi Glúmsstaðir. Ekki eru þó sannfærandi minjar um býli neinsstaðar á þeim slóðum en bent hefur verið á nokkrar litlar tóftir á Lambatanga við suðurenda Sandvatns en ekki er þar túnstæði (SP-214:039). Einnig eru nafnlausar rústir sem gætu hafa verið sel eða smákot talsvert norðar með Sortulæk (SP-214: 04 3).

Nyrst í Helluvaðslandi er lítil hringlaga girðing og tóftir í, og utan um þær stór ferkantaður garður sem nær raunar inn í Brettingsstaðaland (SP-193:032). Þessar tóftir eru kallaðar Geldingatættur og eru aðrar mjög svipaðar nyrst í Hofstaðalandi og heita þær einnig Geldingatættur (SP-214:021). Alveg sambærilegar rústir eru einnig í Höragsdalslandi og heita

¹³ DI IX, 449; XI, 262-63 og enn fremur DI XII, 615-16, 754; Al, IX, 240; X, 97, 196, 279.

¹⁴ DI XII, 464

¹⁵ Sbr. Al IX, 34, 452, 495; X, 280.

Þrælagerði (SP-192:013). Þegar byggt var í Stöng um miðja 19. öld var þar hringlaga girðing með einhverjum tóftum í (SP-194b:019) og bendir lýsing á þeim minjum til að þær hafi verið svipaðrar gerðar og Þrælagerðið og Geldingatættumar. Ekki er vitað hvaða hlutverki mannvirki af þessu tagi hafa gegnt en verið getur að þar hafi verið föst búseta þó að túnstærðin séu fírnalítill.

Af þessu stutta yfirliti má ljóst vera að víða getur hafa verið búíð á skráningarsvæðinu á fyrri öldum en hvergi virðist sú búseta hafa orðið langvinn. Ekki er vitað hvenær búseta gæti hafa verið á þessum stöðum, annað en það hefur sennilega verið fyrir 17.öld og ekki er alltaf ljóst hvers eðlis byggðin hefur verið. Þannig er mögulegt að Geldingatættumar og Þrælagerðin hafi verið einskonar útibú, gegnt hlutverki selja á sumrin og beitarhúsa með fastri búsetu sauðamanna á veturna, og hafi þannig ekki verið sjálfstæð býli.

Undir lok 18. aldar fóru að byggjast upp nýbýli, sérstaklega inn til heiða, í SuðurÞingeyjarsýslu eins og víða annarsstaðar á landinu. Langoftast voru nýbýli þessi byggð á gömlum eyðibýlum eða selstöðum. Á skráningarsvæðinu var fyrsta nýbýlið á Litlu-Gautlöndum sem er á vesturbakka Arnarvatns, miðja vegu milli Helluvaðs og Gautlanda. Byggðin þar stóð þó stutt, aðeins í um 10 ár í kringum 1820 (SP-194:011). Sá sem byggði þar fluttist síðan í Hörgsdal og reisti þar nýbýli árið 1825. Næst voru nýbýli reist í landi Gautlanda, fyrst á Bjarnastöðum 1850 og síðan á Stöng 1857. Enn mun hafa verið býli kallað Nefrétt utan túns í Hörgsdal (SP-192:003) um stuttan tíma á 19. öld og eins var gerð tilraun til byggðar á Graðungagerði eða Höskuldsstaðaseli vestast í landi Hörgsdals (SP-192:022) en ekki varð af því vegna deilna sem risu um fyrirhugaða byggð.

Heldur dró úr stofnun nýbýla í Suður-Þingeyjarsýslu þegar dró á 19. öldina. Þó að fólksfjölgun í sveitum væri ennþá mikil fór fólk annaðhvort til Ameríku eða stofnað var til fleirbýlis á þeim jörðum sem fyrir voru. Þannig var lengst af tvíbýli á Hofstöðum og er enn á Gautlöndum, Helluvaði og Stöng. Einnig var algengt fram undir seinna stríð á fólk væri í húsmennsku á þessum bæjum. Síðan um miðja öldina hefur byggðin heldur dregist saman á skráningarsvæðinu. Bjarnastaðir fóru í eyði 1945 en þar var raunar byggt aftur nýbýlið Heiði 1957 en þar er nú takmarkaður búskapur. Hörgsdalur fór í eyði 1958 en á hinum jörðunum er byggð enn í fullum blóma þó ekki sé búíð lengur með fé á Hofstöðum.

3. Fornleifaskrá

Hér að neðan er birt skrá um fornleifar í landi Hörgsdals, Helluvaðs, Gautlanda og Hofstaða. Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti og hver jörð hefur númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetningjarðanna á því. Af þessu hlýst að býli sem orðið hafa til eftir 1847 fá ekki sérstök númer heldur fá þau auðkennisbókstaf á eftir númeri þeirrar jarðar sem þau byggðust úr. Þessvegna hafa Stöng og Bjarnastaðir númerin 194b og 194c, en þær byggðust úr landi Gautlanda (194) eftir 1847. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákveða á hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Sem dæmi má nefna að land það sem nú fylgir Gautlöndum austan Gautlandalækjar tilheyrði Sveinsströnd fram á seinni hluta 19. aldar og minjastaðir þar verða því skráðir með Sveinsströnd.

Hverri fornleif er gefið númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: 194:001). Í skránni er gefið yfirlit yfir skiptingujarðarinnar, sléttun túna og þar á eftir kemur listi yfir fornleifar sem fundist hafa heimildir um að þar hafi verið eða er þar enn að finna.

Á eftir númeri fornleifar kemur heiti hennar eða hlutverk og síðan og hnattstaða í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu var gerð með staðsetningartækjum og mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er um 25 metrar að meðaltali. Þar sem getur um "heimild um ... ¹¹ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki. Þá fylgir leiðarvísir að fornleifastaðnum, mat á þeirri hættu sem fornleifar kunna að vera í og tilvísanir í heimildir um minjastaðinn ef einhverjar eru. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) lítil hættu, 3) hættu og 4) mikil hættu. Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni. Þá er getið heimilda, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í Heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Alls hafa 259 minjastaðir verið skráðir á þessum sex býlum en það eru rúmlega 43 minjastaðir á býli en tæpir 65 ef miðað er við hin fjögur fornu lögbýli. Eins og áður er getið er þetta miklu herra hlutfall en á svæðum þar sem skráning hefur áður farið fram, eins og í Eyjafirði eða Borgarfirði þar sem meðalfjöldi minjastaða á jörð er yfirleitt undir 20. Skýringin á þessum mikla mun er einfaldlega sú að jarðir í Mývatnssveit eru miklu landmeiri en víðast

annarsstaðar. Ekki virðast endilega hafa verið fleiri mannvirki á hverri jörð í Mývatnssveit en í öðrum sveitum. Þau hafa hinsvegar verið dreifðari og oft hefur verið einfaldara að byggja nýjan stekk eða nýtt fjárhús á alveg nýjum stað en ofan á rústum hins eldra eins og menn hafa neyðst til þar sem landþrengsli eru meiri. Meiri dreifing mannvirkja í Mývatnssveit hefur líka tryggt betri varðveislu þeirra þar sem stór svæði eru enn ósnortin af framræslu og túnrækt og gæti það einnig átt þátt í hárri tölu minjastaða. Jafnvel þó að reynt sé að skrá allar minjar sem farið hafa undir tún eða byggingar, er sennilegt að fleiri staðir falli hjá garði við skráninguna á svæðum eins og í Eyjafirði þar sem nálega allt sléttlendi hefur verið tekið til ræktunar en á svæðum eins og Mývatnssveit þar sem stór svæði eru ósnortin og margar minjar enn óskemmdar. Nýting á víðlendum jörðum kallar líka á aðeins meiri og öðruvísi mannvirkjagerð en nýting landlýtilla jarða. Þannig eru oft fleiri en eitt sel á jörðum í Mývatnssveit og allmörg heystæði geta verið þar sem engjar eru langt frá bæ og eru þessi skilyrði hluti af skýringunni á hinum mikla fjölda minjastaða í Mývatnssveit. Um hitt munar líka að miklu fleiri götur og vöð eru á víðlendum jörðum upp til heiða en litlum jörðum niðri í dölum. Á dalajörðum eru yfirleitt aðeins einar götur á hverri jörð, götur þær sem liggja út og fram eftir viðkomandi dal beggja vegna ár, en á heiðajörðum liggja götur hinsvegar í allar átti frá hverjum bæ.

Af 259 minjastöðum sem skráðir voru eru 138 eiginleg mannvirki en af hinum eru mest um reiðgötur (36), vöð (20), mógrafir og torfristustaði (11) auk ýmiskonar náttúruminja (linda og hella) sem nýtt voru við búskap, huldufólsbústaða og staða þar sem grasafólk tjaldaði. Af þeim 138 stöðum þar sem mannvirki eru eða hafa verið eru 86 enn óskemmd en á 52 stöðum eru mannvirkjaleifar ekki lengur sýnilegar. Í langflestum tilvikum hafa tóftir horfið vegna framræslu og túnsléttunar (35) en einnig hafa nokkrar horfið undir byggingar og vegi (10). Ástand þeirra 86 minjastaða þar sem tóftir sjást enn, er yfirleitt gott, 3 gömul torfhús standa enn undir þaki á skráningarsvæðinu, á 22 stöðum standa hleðslur enn lítið sem ekki hrundar, en á 48 stöðum eru hleðslurnar signar en á 14 eru þær útflattar og ógreinilegar.

Á vettvangi var gert hættumat fyrir hvern minjastað. Ekki var hægt að meta hættu nema á tæpum helmingi staðanna eða 140 og töldust 73 vera í lítilli eða engri hættu en 67 töldust í hættu vegna nálægðar við staði þar sem framkvæmdir af ýmsu tagi eiga sér stað. Flestir þeirra staða sem taldir voru í einhverri hættu töldust í takmarkaðri hættu vegna almenns rasks og framkvæmda sem fylgir búskap, en enginn staður taldist í sérstaklega mikilli hættu. Engar verulegar framkvæmdir eru á skráningarsvæðinu, mjög hefur dregið úr framræslu og túnrækt og

byggingaframkvæmdir og nýlagning vega takmörkuð. Þjóðvegur 1 hefur farið yfir tóftir eyðibýlisins Steinboga og er fyrirsjáanlegt að þær muni enn hyljast við vegabætur í framtíðinni. Skipuleg skógrækt er engin en runna- og trjágróður er þó í mikilli framsókn á svæðinu og eru margar rústir komnar á kaf í víði og/eða fjalldrapa. Aðeins á einum stað, Geldingatóftum nyrst í Helluvaðslandi, er birki farið að sá sér í tóftir, og töldust þær í takmarkaðri hættu vegna þess. Rætur birkitrjáa sprengja hleðslur og gera uppgröft erfiðan eða ómögulegan auk þess sem mikill gróður á rústum hylur þær sjónum þannig að erfiðara verður að finna þær og skoða.

Ekki er vitað um hlutverk 40 minjastaða en á 15 stöðum hafa verið mannabústaðir á svæðinu, þar af um aldir á 3 stöðum. Flestar minjanna tengjast landbúnaði og má nefna 41 útihús, þar á meðal 4 geitakofa og 3 smiðjur, 10 stekki, 2 beitarhús, 8 sel, 8 kvíar, 1 myllu og 10 heystæði auk áveitugarða sem hafa verið á 8 stöðum. Einnig hefur mótak verið á 8 stöðum og torfrista á 3. Þá eru 4 landamerki (vörður og garðar), 8 samgöngumannvirki (brýr og upphlaðnir vegir) og 1 huldufólksbústaður. Nánari grein verður gerð fyrir hverjum minjaflokki í kafla 4.

SB-192 Hörgsdalur

1712: Ábúandi Arnarvatns kaupir "selför fyrir 20 álna toll á Hördal á Gautlandaheiði, það land liggur undir Helgastaði." Árið 1825 var nýbýli byggt í þessu selfararlandi Helgastaða af Jóni Magnússyni og hefur síðan verið sjálfstæð jörð. Hún var metin á 7 hdr. 1839, þá "nýlega tilkomið" - SSB, 123. Einnig Hördalur og Hörksdalur. Í eyði síðan 1958.

1919: 3 ha. 8/10 sléttað, garðar 77 m². 1839: " ... hefur nægilegt land, æði mikinn heyskap en harla vetrarþungt." SSB, 123. "Þar er gott til ræktunar, og sprettur túnið vel, þótt hæðin yfir sjávarmál sé um 360 m. Jörðin á mikið víðlendi um heiðar og ása ... Jörðin á veiði með Bárðdælum í Kálfaborgarárvatni." SSB, 245. Túnið hefur sennilega aldrei verið sléttað með stórvirkum vinnuvélum. Það hefur ekkert verið stækkað frá því að Túnakortið var gert 1919 en nyrstu hlutar þess eru sýnilega yngstir og hafa mögulega verið herfaðir. Beðasléttur eru allgreinilegar um miðbik túnsins. Gríðarmiklar engjar eru í landi Hörgsdals.

SB-192:001 bæjarstæði


65°32.735 N 17°17.570 V

Bærinn Hörgsdalur stendur á austurbakka Bæjargrófar og liggja vegarslóðar austan að, annar úr norðri frá Laugaseli en hinn úr suðri yfir Jafnafell frá Engidal. Túnið er langt og mjótt, í litlum halla frá N-S. Bærinn stendur sunnarlega í túninu fast á austurbrún Bæjargrófar.

Bæjarhúsin (A), sem yfirgefin voru 1957 (6. desember ef marka má dagatal inni í bænum), standa enn. Það er framhús með torfgöflum og skiptist það í 2 herbergi og norðan við það er eldhús í skúr með steypum strompi og veggjarstúf í norðausturhorni. Bæjarhúsin eru um 20x20 m að stærð og af henni að dæma eru það sömu byggingar og voru 1919. Bærinn hefur áður náð lengra til vesturs eða alveg út á brún grófarinnar og standa þar enn veggjarbútar sinn hvoru megin. Fast sunnan við framhúsið er kálgarður og vex þar enn rabbarbari en norðvestan við húsið, á gilbrúninni, er allstór ferhyrmd gryfja, sem gæti hafa verið heystæði. Öskuhaugurinn er í brekkunni beint vestur af húsinu.

"Í túni var lækur, nefndur Bæjarlækur. Hann var tekinn úr Grófinni við Sandbrekku og leiddur heim til að fá vatn í bæinn. Lækurinn var látinn liggja út að túni og svo rétt sunnan við túnið." segir í örnefnalýsingu. Handgráfin vatnsrás (B) sést enn í túninu en er nú þurr. Hún liggur á í litlum halla úr suðri heim að bænum en um 15 m frá honum er skarpt horn á henni og hún beygir til suðvesturs niður í Bæjargrófina. Skammt austan við hornið á Bæjarlæknum er lítill kúptur hóll, um 5x5 m og gæti verið öskuhaugur (C). Annar ekki ósvipaður (D) en heldur lægri er um 30 m austar og sunnar, syðst á Hesthúsvelli.

Heimreiðin (E) var áður sunnan við F (Skv. túnakorti 1919) en er nú norðan við það og hefur verið fyllt í garðinn sunnan við. "Efst í túninu, upp við vallargarð, heitir Hesthúsvöllur. Hann er í suðurhorni þess, fyrir austan læk. Þar stóð hesthús." segir í örnefnalýsingu. Hesthústóftin (F) er 14x5 m að utan og snýr N-S. Hún skiptist í tvö hólf sem bæði eru 4x3 að innan og standast tóftirnar ekki alveg á en er þó innangengt á milli. Veggir standa allt að 1,9 m háir og eru grjóthlaðnir að innan neðst, mest 6 umför, en annars eru veggirnir hlaðnir úr streng. Húsið hefur sennilega verið lengt eftir 1919. Skammt norðan við hesthústóftina, norðan við heimreiðina sem nú er, er stór fjárhústóft, 13x10 m að utan (G). Hleðslur standa allt að 2,2 m háar og eru veggir grjóthlaðnir að neðan, 4-5 umför, en strengur ofaná, mest 14 umför. Heytóft er aftan við fjárhúsin en í þeim hafa verið tvennir garðar sem nú eru orðnir óljósir. Húsið hefur sennilega verið stækkað til suðurs og austurs eftir 1919.



Kort 3. Fornleifakort. Hörgsdalur - bæjarstæði
torfhleðsla úr streng. Garðarnir tveir sjást enn vel en á milli þeirra hefur verið

21 m norðan við fjárhús þessi er útihústöft (H), sennilega fjárhús af eldri gerð, 1 4x5 m að utan og snýr A-V. Dyr hafa verið austarlega á syðri langvegg en vesturendinn er mjög óljós. Hleðslur eru signar, mest 0,7 m og hafa veggirnir verið hlaðnir úr streng á steinfæti. Óljós en rústalegur hóll er vestan og norðan við tóftina og austast á honum er lítil hringlaga tóft eða heygryfja. Skv. túnakorti frá 1919 var þessi tóft byggð utaní túngarðinn en sé það rétt hefur hann seinna verið færður til austurs og sjást nú engin merki um upphaflega staðsetningu hans. 25 m norðan við norðausturhorn tóftarinnar H er önnur minni tóft á lágum rústahól (I). Hún er 7x4 m að utan og snýr N-S. Engar dyr sjást. Hleðslur standa grónar, allt að 1,2 m og virðist alfarið hlaðið úr torfi. "Norðaustur í túninu, rétt innan við túngarð er hóll, sem heitir Harðangur. Hann er austar en Hólshúsinn [N] þar var frekar lítið gras, og vont var að slá hann. Vestan við Harðang var súrheystóft. Löngubeð hétu gamlar þaksléttur, þrjú beð, norðan til í túninu. Þau eru vestan við Harðangur, en norðan við súrheystóftina." segir í örnefnalýsingu. Harðangur er greinilegur ávalur hóll fast innan við túngarðinn um 50 m norðan við I. Hvergi sér þar til súrheystóftar lengur. Greinilegar beðasléttur eru þar vestan við og snúa þær N-S en þar norðan við eru einnig sléttur sem sennilega eru yngri.

"Norður í túni, beint norður af bæ, er Hólshúshóll, og stóðu þar fjárhús, sem hétu Hólshús. Kerlingarlaut er í túni, norðvestan við Hólshúsinn. Ekki er sérstök sögn um nafnið." segir enn í örnefnalýsingu. Hólshús (K) er lítil en djúp tóft, 5x4 m að utan með dyr í suður. Hleðslur standa allt að 1,4 m og er tóftin auglýsilega niðurgráfin. Veggir eru torfhlaðnir, úr hnausum. Tæpum 50 m sunnan við Hólshús eru stór tvístæð fjárhús með hlöðu aftan við (M). Þau eru 16x10 m að utanmáli, en fjárhúsinn er 7x7 m að innan og hlaðan/heyrtóftin 5x3 m. Aftan við hana er lítið útskot vestast sem gæti verið önnur tóft. Hleðslur eru allsignar nema veggurinn milli fjárhúsanna og hlöðunnar sem stendur alveg og er um 2 m hár. Sitt hvoru megin við hann var gengið niður í hlöðuna og eru þar hlaðnar tröppur, 3 þrep vestanmegin.

Í veggjum eru 5-6 umför af grjóti en ofan á er

skilrúm eða þil og er röð af hellum upp, á rönd þar sem það hefur verið. Hús þetta hefur bersýnilega verið stækkað síðan 1919, og er það sennilega hlaðan sem bæst hefur við norðanvið. Örskammt sunnan við þessi fjárhús er önnur fjárhústóft (N), 19x1 m að utanmáli. Hún er tvískipt og er heytóft við suðurenda beggja hólfa. Hleðslur eru allsignar og standa aðeins 0,7 m háar og er þessi bygging sýnilega eldri en M. 16 m austan við norðausturhorn M og 4 m norðar er lítil tóft (L), 5x4 m að utanmáli, opin í norður. Hleðslur eru signar og standa um 0,7 m.

"Í túninu er tangi við Grófina, sem heitir Bölti. Hann er hluti af túni, norðvesturhorn neðra túns. Grófin er vestan við Bölt, en önnur gróf er austan við hann og var talsverður lækur." segir í örnefnalýsingu. Sunnan við eða syðst á Bölt, heldur norðar en á móts við fjárhúsin Mer tóft niðri á tungunni milli grófanna (sú austari er mjög grunn og vatnslaus í ágúst - tungan heitir líklega öll Undirvöllur sbr. hér að neðan). Tóft þessi (O) er 1 lx5 m að utan og snýr A-V. Sennilega er hér um að ræða einstæð fjárhús með heytóft við endann og er hún 2x2 m að innan en fjárhúsin 5x3. Hleðslur eru signar en eru um 1 m á hæð í heytóftinni, sem er niðurgráfin. "Meðfram Grófinni heitir Undirvöllur í túninu. Svolítill brekka er í túninu, og stendur bærinn alveg á brekkuröðinni. Undirvöllur er þar fyrir neðan." segir í örnefnalýsingu. Syðst á Undirvelli, beint niðrunda bænum (A) eða heldur sunnar er hlykkur á læknum til austurs og norðan við hann er lág garðhleðsla niðri við lækinn. Hleðslan minnir að stærð og gerð á stíflugarð en staðsetningin er sérkennileg þó mögulegt sé að reynt hafi verið að veita vatni úr læknum á Undirvöllinn. "Beint neðan við bæ og neðan við tún stóð sumarfjós niður við Grófina, byggt í túngarðinum. Þar voru kýr hýstar um nætur og ef veður var slæmt á sumrin." segir í örnefnalýsingu. Niðri í Grófinni nær túngarðurinn norður að hlykknum í læknum sem áður var getið. Þar skammt frá læknum er lítil tóft (Q) hlaðin utan í garðinn, 5x3 m að utanmáli með grjóti í veggjum.

"Stór girðing var kringum tún. Ytri-Girðingagarður er yzt af öllu, norðurendi túngirðingar við Bæjargróf" segir í örnefnalýsingu. Túngarðurinn afmarkar túnið að austan og sunnan en annars endar túnið við Bæjargróf sem víðast er allbratt gil. Garðurinn nær aðeins niður í Grófina syðst og er þar lítilfjörlegri en annarsstaðar. Víðast er hann um 1 m á breidd, 1,2- 1,5 m hár að utan en 0,4-0,8 m að innan. Garðurinn virðist vera algerlega hlaðinn úr torfi og er víðast ófallinn en víða eru flög í hann utanverðan þar sem skepnur hafa leitað sér skjóls. Utan með honum nyrst hefur verið grafinn skurður og er það eina framræslan sem sýnileg eru merki um í Hörgsdal. Garðurinn hefur verið færður aðeins út til austurs ef marka má túnakort og hlið fyrir heimreið hefur verið fært. Einnig sést að fyllt hefur verið upp í hlið sem var skammt norðan við I en í gegnum það hafa götur legið í átt að Stöng og sjást þær bæði í túninu og utan þess. Auk útihúsanna sem hér hefur verið lýst er tóft fáum metrum suðaustan við N, um 30 m norðan við bæinn (A) en henni er lýst undir 006 en þar var hörgurinn sem Daníel Bruun og Björn M.

Olsen grófu í 1902 en þar var síðan fjóshlaða. Útihúsin F, G og M eru sennilega þau sem síðast voru í notkun í Hörgsdal og lítur út fyrir að þau hafi öll verið stækkuð milli 1919 og 1957. Það bendir til að á síðasta skeiði torfúthúsa á Íslandi hafi þau stækkað en orðið færri við hvern bæ.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Hörgsdalur, 1, 2, 3

SD-192:002 stekkur

65°33.049 N 17°17.709 V

"Stekkjarnef er vestanverðu við Grófina, norðaustur og lengra frá túni. Á Stekkjarnefi var stekkur." segir í örnefnalýsingu. Stekkjartóft




er um 150 m NNA við túngarðsendann (Ytri-Girðingargarð gegnt Sóleyjarnefi) en um 20 m vestan við brún Bæjargrófar. Á þessum stað gengur Bæjargróf hvað lengst í austur norðan túnsins. Stekkjarnefið er allbreitt. Í mjög grösugum móa, stórþýfðum með vallendisgróðri.

Sennilegt er að tóftin sé talsvert niðurgrafin en gólf hennar er um 0,5 m lægra en króarinnar.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Ö-Hörgsdalur, 2



SD-192:003 Nef 3 tóftir

65°32.797 N 17°17.708 V

"Vestan við tún og Gróf, á móti Bólta, hafði verið býli á 19. öld, og var kallað þar Nef. Það er norðan við Björgunarstein. Sumir, sem bjuggu þarna, kölluðu það Tagl. Rétt var gerð úr bæjartóftinni. Gott var að rækta í réttinni. Þetta er norðvestur af Hörgsdal." segir í örnefnalýsingu. Um 150 NNV við bæinn, vestan við Bæjargróf, er nef eða tangi þar sem lækurinn beygir til austurs. Um 10 m frá brún þessa nefs er ferhyrnd rétt sem notuð hefur verið sem kálgarður. 20-30 m vestan við hana, uppi í hallanum er 2 örsmáar tóftir sem gætu hafa tilheyrt búskap í Nefi og hafa klárlega verið aflagðar fyrir löngu þegar síðast var búið í Hörgsdal.

Réttin er í gróskumiklum grasmóa niðri við Grófina en tóftirnar tvær eru á brekkubrún þar fyrir ofan og er þar lyngmói. Milli réttarinnar og syðri tóftarinnar liggur lág garðhleðsla sem gæti verið girðingarundirstaða.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Ó-Hörgsdalur, 2

SD-192:004 Syðri-Girðingagarður

65°32.916 N 17°17.833 V

"Syðri-Girðingagarður er svolítill garður upp frá Grófinni rétt vestan við Sóleyjarnef, móts við nyrzta hluta túnsins. Þar er girðing á móti túni, hlaðinn garður og strengur ofan á, yfir Grófina." segir í örnefnalýsingu. Garðspotti er vestan við Grófina á móts við nyrsta hluta túnsins og nær frá læknum upp á brún og er þar smá skurður meðfram norðanvið. Frá brúninni gengur garðurinn 11 m til vesturs og síðan 2 m í SSV. Á gilbarmi, í þýfðum grasmóa. Flög eru víða í garðinum að norðan þar sem skepnur hafa leitað sér skjóls.

Hættumat: engin hætt

Heimild: Ö-Hörgsdalur, 2


SD-192:005 tóft

65°32.942 N 17°17.787 V

"Sóleyjarnef er beint norðan við tún, í girðingu, sem þar var. Það er tangi á móti því allra nyrzta í túninu. Nefið er vestan við Grófina, milli hennar og Bæjaráss. Þarna var vel gróið, mór og talsvert gras, og þar voru sóleyjar. Kýrnar voru oft þar." segir í örnefnalýsingu. Á Sóleyjarnefi miðju er allstór tóft um 10 m norðan við brún Grófarinnar. Á nefinu er afar grösugur mói, þýfður. Ekki vex þar nú mikið af sóleyjum en þess meira af fíflum.

Hættumat: engin hætt

Heimild: Ö-Hörgsdalur, 2

**SD-192:006** "hörgur" Fjóshlaða


65°32.748 N 17°17.623 V

"Nálægt fjóshlöðu er Hörgur í túninu. Þar voru útgrafnar fornmenjar og mun hafa verið rúst af einhverskonar bænhúsi. Gömul fjóshlaða var sett yfir rústina." segir í örnefnalýsingu. Fjóshlöðurústin sést enn um 30 m norður af NA-horni bæjarins.

Brynjúlfur Jónsson skrifaði fyrstur um fornleifafund í Hörgsdal: "Eru og þar í túninu miklar og fornlegar tóttarústir Árið 1890 eða 1891, byggði bóndinn (Árni Flóventsson) hlöðu þar á túninu skammt norður frá bænum. Þar var áður tóttu-upphækkun, sem höfð var fyrir heystæði. Gróf Árni fyrst gröf, nær 8 álna langa og 6 álna víða; og þá er hann hafði grafið 2,5 al. djúpt niður, varð fyrir honum grjótbálkur um þvera gröfina, nær miðju hennar. Gróf Árni ekki út fyrir enda hans. Bálkurinn var hlaðinn úr hnöllumagagrjóti, heldur smáu, - annað grjót var þar ekki-. Var hann nálega 1 alin á breidd, tæplega 1 al. á hæð um miðjuna, en lækkaði til endanna, svo að han var þar ekki yfir 1/2 al. á hæð. Viðarkola-agnir voru víða milli steina í honum. Á gólfinu, til beggja hliða frá bálkinum, svo vítt sem gröfin náði, var gólfskán, um 2 þuml. þykk; hún var mjög blandin viðrösku. Einnig voru viðarkolaagnir til og frá um gólfið. Viðarkola- eða öskuhrúga varð þó hvergi fyrir.

Á miðjum bálkinum, þar sem hann var hæstur, stóðu 4 steinar í ferhyrning; þeir voru jafnháir allir; hér um bil 8 þuml. á hæð. Hellusteinn mikill lá ofan á þeim; mynduðu þeir einskonar hlöð undir honum. Hann var vel 8 þuml. þykkur, 1,5 al. langur og 1 al breiður. Ofan í efra yfirborð hans, um miðju þess, beint yfir hlöðunum, var klöppuð hola eða skál, sporöskjumynduð, nálega 15 þuml. löng, 10 þuml. breið og á að gizka 3 þuml. djúp. Eldslitur var á henni innan, og á öllu yfirborði steinsins; náði sá eldslitur meir en 1/2 þuml. niður í steininn. Þar á móti sáust engin eldsmerki á neðra borðinu og ekki heldur á hlöðunum. Þar var aðeins lítið eitt af viðarkolaögnum, eins og annarsstaðar.

Í hlóðunum lá dálítill hnöllungssteinn, á stærð við lítinn hleðslustein. Hann var ívið-flatur, og er bolli klappaður ofaní efra yfirborð hans. Bollinn nær 4 þml. í þvermál, en varla 1 þml. á dýpt. Á þremur stöðum höfðu flísir verið brotnar úr hliðum steinsins, og þar á milli eru víða klöppuför, svo sést og, að ójafna nokkur hefur verið klöppuð bort á einum stað utan við bollann. Lítur út fyrir að byrjað hafi verið að laga steininn utan, en verið hætt við það aftur. Ekki sér eldslit á honum. Hjá honum lágu í hlóðunum fáeinir kljástear og tvö tinnubrot lítill."



Lýsing Brynjúlfs vakti mikla athygli og fékk Hið íslenska fornleifafélag styrk frá Alþingi til að rannsaka staðinn ferkar og fóru Daniel Bruun og Björn M. Olsen árið 1902 og grófu upp litla tóft sem veggurinn hafði verið í og fluttu steinana á Þjóðminjasafn.

Hlaðan er allmikið niðurgrafin, a.m.k. 1 m og er því óvíst hversu mikið er eftir af eldri byggingaleifum á þessum stað. Hlaðan sjálf er 10x5 m að utan en við SV horn hennar er önnur tóft minni, sem gæti hafa verið heystæði hlaðið úr torfi. Hlaðan sjálf er grjóthlaðin að innan og standa allt að 9 umför í NA horni hennar en að sunnan og vestan eru veggirnir hrundir niður í tóftina.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hörgsdalur, 3; Árb 1901, 7-8; Árb 1903, 1-16; DB 1928, 49-50; 1987, 134-7

SD-192:007 Kvíaból

65°32.718 N 17°17.415 V

"Kvíaból er austan (ofan) við túnið. Fráfærur voru líklega síðast í Hörgsdal 1942-1943. Þeim



hafði verið hætt á tímabili áður, en voru teknar upp aftur um skeið." segir í örnefnalýsingu. 3 tóftir eru 30-50 m austan við túngarðinn, fast sunnan við bílveginn að Hörgsdal. Í lyngmóa.

Austasta tóftin er sennilega yngri en hinar tvær en 10-12 m norðan við hana er hólhrúgald sem gæti verið byggingaleifar. Sjá einnig 028.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Ö-Höragsdalur, 3

SB-192:008 Klakkofi

65°32.663 N 17°17.600 V

"Klakkofi var við Grófina, rétt norðan við Lindina." segir í örnefnalýsingu. Örlútil kofatóft er fast á vesturbakka grófarinnar um 15 m sunnan við túngarðinn. Á lækjarbakka í þýfðum grasmóa.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Ö-Höragsdalur, 3



SB-192:009 Engidalsvað

65°32.637 N 17°17.598 V

"Töluvert sunnan við tún er Engidalsvað á Bæjargróf þar var farið að Engidal." segir í örnefnalýsingu. Um 100 m sunnan við túngarð eru grófir að læknum beggja vegna og skýrar reiðgötur vestan lækjarins sem liggja til SSV á ská upp á Bæjarásinn.

Lækurinn er allsstaðar auðveldur yfirferðar en sunnan við túnið eru bakkarnir víða talsvert brattir nema á þessum stað.

Heimild: Ö-Höragsdalur, 4


S_P-192:010 Sundpollur syðri


65°32.542 N 17°17.480 V

"Í Háumýri er Sundpollur syðri, og Sundpollur ytri er rétt sunnan við túngarðinn. Sundpollarnir voru búnir til þannig, að þeir voru hlaðnir í halla, þ.e. hlaðið var neðan við þá en ekki að ofanverðu Syðri pollurinn var grynri en hinn, ekki teljandi vatn í honum." segir í örnefnalýsingu. Syðri sundpollurinn er í sömu stefnu frá bænum og hinn nyrðri, um 150 m sunnan við túngarðinn og um 100 m austan við Grófina, í Háumýri þar sem henni fer að halla niður að grófinni. Efst í hallandi mýri, undir dálitlu móabarði.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Ö-Höragsdalur, 4





SP-192:011 Sundpollur ytri

65°32.000 N 17°17.547 V

"Í Hámýri er Sundpollur syðri, og Sundpollur ytri er rétt sunnan við túngarðinn. Sundpollarnir voru búnir til þannig, að þeir voru hlaðnir í halla, þ.e. hlaðið var neðan við þá en ekki að ofanverðu. ... Í ytri pollinum var þvegin ull." segir í örnefnalýsingu. Sundpollurinn er um 10 m sunnan við túngarðinn, aðeins vestar en beint suður af íbúðarhúsinu. Í aflíðandi halla í lyngmóa.

Hluti af Bæjarlæknum, handgrafinni rás sem leiddi vatn í átt að bænum, fór í sundpoll þennan þegar fylla átti hann af vatni.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Ö-Hörgsdalur, 1, 4

SP-192:012 Stíflusund


"Norður af austari bingu Jafnafells gengur ás, sem heitir Hali, og austan undir honum nyrzt er Stíflusund. Það re áframhald af Dýnu." segir í örnefnalýsingu. Þessi staður var ekki skoðaður 1996.

Heimild: Ö-Hörgsdalur, 4

SP-192:013 Þrælagerði

Friðlýstar minjar

65°32.540 N 17°16.715 V



"Bæjarás liggur frá Jafnafelli, vestan Grænagils, austan við Hörgsdal og norður með Föxugróf. Austan í Bæjarás, rétt vestan við Grænagilseyrar, eru bæjarrústir og túngirðing, og heitir þar Þrælagerði. Þetta er suðaustur af bænum." segir í örnefnalýsingu en Helgi Hallgrímsson lýsir staðnum svo í söguminjaskrá sinni: " .. : um 1 km SA af Hörgsdalsbæ. eru þær í dálitlum halland mólendskinn, er snýr móti austri. Er þar hringlagagarður, um 55-90 m í þvermál, og í honum miðjum er tættur, allgreinilegar. Er aðaltóttin um 9 x 14 m (utanmáld) og mótar þar fyrir 3-4 vistarverum. Suður af henni er lítill köntuð tótt (3x3 m) og e.t.v. fleiri tættur ógreinilegar. Í NA- horni

garðsins eru unglegar rústir, 5 x 9, að innanmáli, líklega eftir síðari tíma beitarhús. Þarna virðist vera um að ræða fornt býli, etv, hinn upphaflega Hörgsdalsbæ. Sú sögn fylgir staðunum, að ekki megi stíga inn fyrir túngarðinn. og er mælt að ábúendur í Hörgsdal hafi haft það bann í heiðri." Fyrstur hafði Brynjúlfur Jónsson lýst rústum á Þrælagerði 1901: "Og svo sem stekkjavegi fyrir austan túnið er forn girðing, á að gizka dagsláttu að stærð, og í henni dálítil bæjarrúst, forn. Þar heitir Þrælagerði, og bendir það einnig til heiðni." Þrælagerði er um 1,5 km ASA af Hörgsdalsbæ í austurhlíðum Bæjaráss ofan við þar sem Grænagil opnast norður í mýrarnar um 300 m vestan við lækinn í gilinu.

Tóftirnar eru í aflíðandi halla utan í bungulaga ási. Lyngmói er allsstaðar í ásnum,

smáþýfður og gróskulítill næst tóftunum. Í Grænagili skammt neðan við tóftirnar er hinsvegar valllendi og víðáttumiklar mýrar þar fyrir neðan (norðan og austan).

Friðlýstar minjar: "Þrælsgerði", er svo heitir, dálítill túngirðing, forn, austan á holtinu, sem er fyrir austan heimatúnið, og forn bæjarrúst í. Skjal undirritað af Matthíasi Þórðarsyni 25.10.1930. Þinglýst 1931. Uppi á hólnum vestan við túngarðinn er uppbornuð lind. Utan í garðinn norðaustantil hefur verið byggð yngri rétt en þar innan við garðinn eru ójöfnur sem gætu verið eldri byggingaleifar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hörgsdalur, 5; Söguminjaskrá, 56; Árb 1901, 7; Friðlýsingaskrá

SD-192:014 Gamlarétt


65°32.155N 17°18.717V

"Vestari-Ásendi er norðurendinn á Vestari-Bæjarás. Yfir hann allra norðastan liggur Ytri-Ásendalág norður í Mýri, og þvert yfir hann töluvert sunnar er Ásendalág. Ytri lágin er stutt. Nyrst á Vestari - Ásenda eru grónar réttartóftir, sem heita Gamlarétt." segir í örnefnalýsingu. Réttin er um 1 km NNV af bænum, á norðurenda ássins, sem er vestn við bæinn. Norðan við þennan stað gengur mýrin alllangt til vesturs.

Á lyngmóaás, skammt ofan við víðáttumiklar engjar. Allhált víðikjarr er á ásendanum kringum réttina.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Ö-Hörgsdalur, 6



SD-192:015 heimild um stekk

65°33.159 N 17°16.631 V

"Þvert yfir Föxugróf [er á merkjum við Stöng] koma Austari- Stekkjargróf og Vestari-Stekkjargróf Þær eru litlar, aðeins smálækir. Í tungunni milli þeirra er Stekkur; þar eru tóftir. Austari- og Vestari Stekkjargróf eru þó dálítið norðar og austar en Þrælsgerði." segir í örnefnalýsingu. Aðeins tvær grófir eru með lækjum sunnan við Stangarvað og er tungan milli þeirra aðeins 150-200 m breið. Þessi staður er beint norður af Grænagili. Í tungunni sjást hvergi skýrar tóftir en syðst og austast í henni, nær Austari-Stekkjargróf er um 10x7 m þúst sem gæti verið byggingaleifar. Bakkar Föxugrófar eru vallgrónir en fjær eru blautar mýrar.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Ö-Hörgsdalur, 6- 7

SD-192:016 Stangarvað

65°33.147 N 17°16.775 V

"Stutt neðan við Vestari-Stekkjargróf [015] er Stangarvað á Föxugróf. Þar lá gamli vegurinn í Stöng." segir í örnefnalýsingu Hörgsdals en vaðsins er einnig getið í örnefnalýsingu Stangar:

"Vað heitir á Föxugróf neðan við Heystæðið á Grófarás, og Vaðtangi er við Vaðið. Vaðið er fyrir ofan Mjódd." Allsstaðar er auðvelt að vaða Föxugróf og er vaðið á þessum stað af því að það er í línu milli Hörgsdals og Stangar en sunnan við stað verður brattara niður í grófina. Möl er í botni lækjarins á þessum slóðum og er han 3-5 m breiður. Bakkar grófarinnar eru hér aflíðandi og auðvelt að komast upp og niður úr henni.

Heimildir: Ö-Hörgsdalur, 7; Ö-Stöng, 7

SD-192:017 gata

"Stutt neðan við Vestari-Stekkjargróf [015] er Stangarvað [016] á Föxugróf. Þar lá gamli

vegurinn í Stöng." segir í örnefnalýsingu.

Göturnar sjást í túninu en hlaðið hefur verið upp í hliðið á túngarðinum þar sem þær lágu í gegn. Þær má síðan rekja yfir endann á Bæjarás en í mýrinni þar austan við eru torfvörður með um 30 m millibili allt að Stangarvaði. Vörðurnar eru 0,5-1 m háar og sennilega ekki gamlar.

Heimild: Ö-Hörgsdalur, 7.

SD-192:018 Kaupstaðarhvammur

"Norðarlega við Föxugróf er hvammur, sem heitir Kaupstaðahvammur. Hann er í norðausturhorni jarðarinnar. Áður en farið var í kaupstað, var farið með reiðinga og annað tilheyrandi í hvamminum og skilið þar eftir. Varningurinn var fluttur þangað á bílum, eftir að þeir komu, og síðan reiddur heim á hestum." segir í örnefnalýsingu. Þessi staður var ekki skoðaður 1996.

Heimild: Ö-Hörgsdalur, 7

SD-192:019 Laugaselsvað

"Norðan við Föxugróf er Sporðhólmi, viðarsvæði í Sporði. Eldri farvegur grófarinnar afmarkar hann Austan við Sporðinn við Föxugróf er Kringluhall, venjulega kallað Hall. Úr sporðinum er Laugaselsvað yfir Föxugróf Um það var farið að Laugaseli." segir í örnefnalýsingu. Þessi staður var ekki skoðaður 1996.

Heimild: Ö-Hörgsdalur, 7

SD-192:020 Reiðingahvammur

"Litlu ofar með grófinni en Hallið er Reiðingahvammur. Þar vorn geymdir reiðingar, er farið var í kaupstaðarferðir, eins og í Kaupstaðarhvammi." segir í örnefnalýsingu. Þessi staður var ekki skoðaður 1996.

Heimild: Ö-Hörgsdalur, 7

SD-192:021 Jónatansheystæði

"Eftir að Bæjargróf og Föxugróf koma saman, heitir grófin Niðurgróf. Niðurgróf rennur norður í Vesturgróf, sem myndar Reykjadal að hálfu. Við Niðurgróf heitir Jónatansheystæði. Það er kennt við Jónatan nokkurn, sem átti heima í Hörgsdal, en var sendur til Ameríku." segir í örnefnalýsingu. Þessi staður var ekki skoðaður 1996.

Heimild: Ö-Hörgsdalur, 7

SD-192:022 Graðungagerði - býli

"Graðungagerði, Graddagerði eða Höskuldsstaðasel er eyðibýli austan Kálfborgar, stutt frá Hrappstaðarseli. Bóndi var að byggja sér þar bæ, en Bárðdælingar tóku niður tóftina, meðan hann var ekki heima. Stórar rústir sjást þar enn, veggir hafa orðið það háir. Hörgsdalur átti Graðungagerði lengi, en það hefur nú verið selt." segir í örnefnalýsingu.

"... var talið að Höskuldsstaðir í Reykjadal ættu þarna selstöðu. Um 1840 var stofnað þarna til byggðar með sögulegum hætti. Var settur þar niður fátækur barnamaður úr Reykjadal, Ólafur Ólafsson að nafni. Bárðdælingar undu þessari sendingu illa og söfluðu mönnum og fluttu fjölskylduna aftur í Reykjadal. Urðu af þessu málaferli." Söguminjaskrá, 56. Vestasti hluti Hörgsdalslands hefur verið seldur til Hrappstaða í Bárðardal og er þessi staður á þeirri spildu. Hann er því ekki lengur í Skútustaðahreppi og var ekki skoðaður 1996.

Heimildir: Ö-Hörgsdalur, 9; Söguminjaskrá, 56

SB-192:023 mógrafir

65°32.891 N 17°17.983 V

"Svarðartekja var meðfram Grófinni. Gamlar grafir voru vestan Grófar og líka austan við túngarð." segir í örnefnalýsingu. Deiglendi er milli mýrar og brekkuróta Vestari-Bæjaráss ofan (vestan) við Bæjargróf og er það komið í víði. Hvergi sér nú til grafa á þessu svæði

Heimild: Ö-Hörgsdalur, 10

SB-192:024 mógrafir

65°32.925 N 17°17.651 V

"Svarðartekja var meðfram Grófinni líka austan við túngarð." segir í örnefnalýsingu. Grafir eru 15-30 m austan við túngarð, um 40 m norðar en á móts við hólinn Harðang í túninu. Grafirnar sjást á um 15x15 m svæði og eru svotil alveg samfallnar. Deiglendir lyngmói er utan (austan) við túngarðinn, að nokkru framræstur af skurði sem liggur meðfram túngarðinum nyrst.

Heimild: Ö-Hörgsdalur, 10

SB-192:025 torfrista

65°32.891 N 17°17.983 V

"Torfvar rist meðfram Grófinni." segir í örnefnalýsingu. Torfristuland við Grófina hefur verið norðan við túnið í Hörsdal


Heimild: Ö-Hörgsdalur, 10

SB-192:026 tóft

65°32.722 N 17°17.725 V

Lítill tóft er á vesturbakka grófarinnar, gegnt 006 í túninu. Vesturgafli tóftarinnar er undir leifum af vírgirðingu sem liggur N-S, um 40 m norðan við norðvesturhorn grafreitsins. Í lyngmóa.


Hættumat: engin hætta

**SB-192:027** gerði

65°32.790 N 17°17.809 V

Ferstrent lítið gerði er um 40 m vestan við grófina, gegnt nyrstu tóftinni í 003 og litlu sunnar en gegnt Hólshúsum. Í deigum grasmóa utan í lyngmóa sem stendur aðeins hærra sunnan við, skammt frá túni.


Hættumat: engin hætta

**SB-192:028** tóft

65°32.757 N 17°17.482 V

Lítill tóft er beint austur af bænum í Hörgsdal, um 40 m austan við túngarð en um 20 m norðan við bíslóðann heim að bænum. Í þýfðum lyngmóa. Undir syðri langvegg er trétunna í gólfinu. Mögulegt er að þessi tóft teljist til Kvíabólsins sbr. 007.

Hættumat: engin hætta

**SB-192:029** varða á Miðmorgunsholti

65°32.807 N 17°17.217 V

"Á Bæjarás, beint austur af bæ, er Miðmorgunsholt. ... Þetta eru eyktarnörk frá Hörgsdal. Vörður eru á báðum holtunum" segir í örnefnalýsingu. Vörðubrot er á Miðmorgunsholti, um 400 m austan við Hörgsdalsbæ, fast vestan í beygjunni þar sem vegarslóðinn í Laugasel beygir í norður.

Á lyngmóaási Varðan er úr torfi, um 1 m í þvermál við grunninn og um 0,5 m há. Fast norðan við hana er grunn hola eða flag þar em torfið í hana hefur verið rist.

Hættumat: engin hætta
Heimild: Ö-Hörgsdalur, 5

SP-192:030 varða á Dagmálaholti

65°32.711 N 17°17.224 V

"Aðeins sunnar [en Miðmorgunsholt] er einnig lítið holt eða hóll, sem heitir Dagmálaholt. Þetta eru eyktamörk frá Hörgsdal. Vörður eru á báðum holtunum." segir í örnefnalýsingu. Vörðubrot er rúmlega 100 m sunnan við 029 og er grunn lág á milli og er það um 400 m ASA frá Hörgsdalsbæ. Á lyngmóaási Varðan er nær alveg blásin niður í móann. Um 30 m austar er önnur varða í svipuðu ásigkomulagi.

Hættumat: engin hætta
Heimild: Ö-Hörgsdalur, 5

SP-192:031 Ropkarravarða

65°32.655 N 17°17.112 V

"Suðaustur frá bæ er varða á Bæjarásnum, þó nokkuð frá Hundapúfu [032], sem heitir Ropkarravarða. Karrarnir sátu þar oft lengi á daginn. Dálítið var um rjúpu á þessum slóðum og nokkuð stunduð veiði áður fyrr." segir í örnefnalýsingu. Sunnan við Dagmálavörðu eru allmargir smáhólar á Bæjarásnum og torfvörðubrot á þeim velflestum. Hnit var tekið á einni stæðilegustu vörðunni, um 130 m sunnan við 030. Á lyngmóaási. Allar eru vörðurnar á þessum slóðum úr torfi og mjög blásnar niður í móann.

Hættumat: engin hætta
Ö-Hörgsdalur, 5

SP-192:032 Hundapúfa

"Austan í Bæjarás, beint austur af bæ, er Hundapúfa. Það er dálítill hóll og varða á. Hún er austan við Miðmorgunsholt. Suður af Hundapúfu er svolítill lág, sem heitir Hundapúfulág." segir í örnefnalýsingu. Mikið er af vörðubrotum sunnan við Miðmorgunsholt sbr. 031 en engar austan við það og fannst þessi varða ekki 1996.

Heimild: Ö-Hörgsdalur, 5

SP-192:033 reiðgötur


Götur sjást stefna í SA yfir Bæjarásinn, austan við þann stað sem bíslóðin yfir Jafnafell beygir til suðurs. Þessar götur liggja í Gautlönd og er framhald þeirra í Stangarlandi SP-194b:027 en þær götur sameinast svo Stangargötum í Gautlandalandi skammt austan við Selgróf.

SP-193 Helluvað


12 hdr. 1712, í eyði frá um 1711. Steinbogi og Beitisstaðir eyðiból 1712. Jörðinni skipt í Helluvað I og II um 1930, Laxárbakki byggður á landi Helluvaðs II 1955 og er land Helluvaðs II nytjað þaðan. Einbýlishús byggt í landi Helluvaðs I árið 1972.

1919: 4 ha. 9/10 sléttað, garðar 184 ma. 1839: "... hefur mikið land en slitróttan heyskap." SSP, 123. 1986: "Landið er víðlent heiðarland vel gróið en heyskaparland á útengi var lélegt. Jörðin á margar eyjar og hólma í Laxá." SP 1986, 343. Gamla túnið hefur allt verið sléttað en heldur sömu lögun og það hafði 1919. Miklar nýræktir eru sunnan við bæinn, í Brekkum suður með Helluvaðsá að Arnarvatni. Engjaslægjur þóttu rýrar í Helluvaðslandi en þó er þær mjög víða. Mestar hafa þær verið í Kæfumýri vestast í alndinu en þar höfðu Arnarvatnsmenn selstöðu og nýttu engjarnar.

Heimildamaður: Ingólfur Jónasson f. á Helluvaði 04.05.1948



Kort 4. Fornleifakort. Helluvað



5. Fornleifakort. Helluvað. Laxárdalur

65°35.226 N 17°09.357 V

Bæjarhóllinn er ofan og vestan við íbúðarhús frá 1931 og er þar nú malarborið hlað framan við nýrra íbúðarhús á Helluvaði I. Fremst í hlaðinu sér í steypa rotþró en hún er þar sem forin var neðan við bæinn. Hóll eða bunga framan í allbrattri brekku. Tún er enþá upp á hólinn að austan og upp með honum að sunnan, en ofaná honum er malarhlað og ofan við nýlegt einbýlishús.

Bærinn var rifinn um 1960 en flutt hafði verið úr honum í nýtt íbúðarhús úr steini neðan við bæjarhólinn árið 1931. Kýr voru geymdar í bænum til 1955 en kindur allan tímann. Hóllinn er sennilega að mestu óskemmdur að öðru leyti en því að rotþró hefur verið sett framan í hann.

Hættumat: hætta vegna ábúðar Heimild: Túnakort 1919

SP-193:002 Ærhús - heimild um fjárhús

65°35.285 N 17°09.447 V

"Ærhúshnúta skagar fram beint yfir fjárhúsum, sem voru yzt á gamla túninu." segir í örnefnalýsingu. Ærhús stóðu um 30 m vestan við stór steypf fjárhús sem eru nyrstu útihúsin í túninu og um 30 m norðar en Miðhús (003). Á þessum stað er allbreið bunga framan í brekkunni og lítill kálgarður sunnan í henni. Timbur úr gamla bænum var notað til að lappa upp á þetta hús þegar bærinn var rifinn um 1960, en húsið var Kort síðan rífið 1982 í sambandi við fjárskurð vegna riðu.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Helluvað, 11

SD-193:003 Miðhús 65°35.260 N 17°09.427 V

"Miðhúsbarð er hundrað metrum ofar [en Hesthúsmelur], rofabarð." Miðhús eru ofarlega í gamla túninu, um 20 m sunnan við Ærhús 002 en 50 m norðan við 004. Bárujárnsþak er nú á húsinu en veggir eru upprunalegir, hlaðnir úr hraungrýti að neðan (5-7 umför) en torfi ofaná. Heytóft var aftan við húsið en nú hefur verið hlaðið upp í hana. Húsið er enn í notkun sem vargskýli hesta á sumrin.


Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Helluvað, 11

SD-193:004 hesthús 65°35.227 N 17°09.442 V

"Hesthúsmelur, nær túni, smágrjótamelur." segir í örnefnalýsingu. Hesthús þau sem melurinn er kenndur við eru byggð innaní túngarðinn beint upp af yngra íbúðarhúsi á Helluvaði I, um 50 m sunnan við Miðhús 003. Um er að ræða tvær tóftir sambyggðar, sem liggja N-S með fram túngarðinum og er sú eystri enn undir þaki að hluta.

Vestari tóftin var hesthús, stundum geitakofi og síðast lambhús. Austari tóftin er nú reykhus en þakið er af gamla bænum og var sett þarna á gamla tóft um 1960. Amk nokkrir áratugir eru síðan þessi hús voru notuð sem hesthús. Bú barna er aftan við vestari tóftina og inni í henni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Helluvað, 11



SD-193:005 Fjóshlaða heimild um hlöðu 65°35.210 N 17°09.387 V


Fjóshlaða var um 70 m beint suður af íbúðarhúsi frá 1931, fast vestan við vegarslóða sem liggur suður á túnin, um 15 m vestan við gamalt fjós (nú geymsla). Á þessum stað er smábunga í túninu þar sem hlaðan stóð.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimild: Túnakort 1919

SD-193:006 heimild um lambhús 65°35.182 N 17°09.290 V

Lambhús var syðst í gamla túninu, um 60 m sunnan við gamalt fjós (nú geymsla) og um 100 m SSV af íbúðarhúsi frá 1931, rétt austan við vegarslóða sem liggur suður á túnin. Á þessum stað er nú stórt fjárhús með grjóthlöðnum veggjum en steyptri hlöðu aftanvið. Áður í túni, nú hlað og byggingar Syðsta hliðið á Helluvaðstúni hét Lambhúshlið.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimild: Túnakort 1919



SB-193:007 Beinisstaðir

65°36.324 N 17°10.634 V

"Steinbogi og Beitísstaðir nefnast eyðibýli norður með Laxá í Helluvaðslandi. Tættur og garðlög vitna um forna byggð, en allt var þar viði vaxið ... " segir í Lýsingu Þingeyjarsýslu en í örnefnalýsingu er þetta: "Beinisstaðir eru eyðibýli, líklega frá sama tíma og Steinbogi. Engar sögur þar um, aðeins geymast nöfn og tættur. Beitarhús frá Helluvaði í sama túni og Beinisstaðir voru . . . Syðri-Beitarhúsalækur er rétt sunnan við Beitarhúsamýri. Beinisstaðahæð er heiðarbrúnninn norðvestur af býlinu. Beinisstaðagróf er rétt við bæjartættur. Útihús virðast hafa verið norðan grófar. Hún liggur um Drápshvamm í Laxá ... Beitarhúsahólar eru miðhlíðis norður frá Beitarhúsum. Beitarhúsamýri er votlendisblettur við ána niður af húsunum. Elzta gaddavírgirðing í Mývatnssveit er kringum Beitarhúsatún." Jón Sigurgeirsson lýsir staðnum svo á blaði sem fylgir uppdrætti hans af beitarhúsunum (Örnst): Helluvaðsbeitarhús á Beinistöðum voru uppistandandi fram um 1940, tvö samliggjandi fjárhús og hlaða. Ytra húsið með föstum garða fram af hlöðudryrum en í syðra húsið var settur upp laus trégarði er áþurfti að halda annars var það hús nýtt sem vargskýli og garðinn tekinn burt yfir sumar tímann. Stóðu vesturdyr jafnan opnar öllum skepnum. Lærðist þeim að leita þangað um langan veg í vargpælu svo nam húsfalli.

Húsin voru efst í túni sem girt var með gaddavír var það fyrsta vírgirðing í Mývatnssveit. Hallgrímur Benediktsson bóndi á Breiðumýri stjórnaði því verki. Hey sem látið var í hlöðuna var sett inn um gat á þakinu sem reft var svo yfir og þakið með torfi.

Í miðju túninu er hið ágætasta vatnsból, kringlóttur brunnur sennilega hlaðinn utan um uppsprettulind kalda og tæra. Seiltar smáælkur gegnum skarð að austan og eftir djúpum farvegi en hverfur síðan.

Um tíu metrum ofar og norðar en brunnurinn sér fyrir tóttabyrping á smáhæð. Hún er greinilega sundurskilin í þrjú hólf eða jafnvel fjögur, því jarðrót sést norðvestan við hana. Dyr sjást vel að austan norðan til. Ekki er líklegt að um skepnuhús sé hér að ræða, trúlega að þetta hafi verið lítill bær. Uppi á hólnum efst á túninu suður og fram af fjárhúshorninu nokkra faðma fann ég [?] kolasalla og gólfskán í tveggja feta dýpi. Líklegt er að þar hafi Beinisstaðabærinn staðið þó nokkuð sé það langt frá vatnsbólunni. Stórt fjárhús (15 x 5 m) hefur staðið í holti skammt norður og upp frá beitarhúsatóftinni og annað norðan við Beinisstaðagróf Ekki er mér kunnugt um mannaverk á fleiri stöðum á Beinistöðum."

Beinisstaðir eru fast sunnan við Beinisstaðagróf, gegt syðsta túninu á Hofstöðum og sjást tóftirnar vel þaðan. Áður munu einnig hafa verið tóftir norðan við grófina en þar hefur nú verið sléttað tún. Beitarhúsatúnið er enn ósnortið af stórvirkum vinnuvélum og er það mjög óslétt og

hólótt og í allmiklum halla. Í kring eru allsstaðar lyngmóar en lítið er farið að skjóta sér af fjalldrapa eða víði í túninu.

1712: "Beinerstader og Steinboge kallast tvö eyðiból hjer í landinu út frájørðunni ... á báðum þeim eru byggíngaleifar tófta og girðinga. Ekki má hjer aftur byggja, því au eru sjálfviði vaxin, en heyskapur enginn annar." JÁM XI, 223. Beitarhúsatóftin er 12x9 m að utanmáli og eru veggir grjóthlaðnir að neðan (5 umför) en hnausar og strengur að ofan. Tveir smáhólar eru á brekkubrúninni suðaustan við tóftina og sýnast vera öskuhaugar. Samkvæmt loftmynd var fjárhúsalega vaxin tóft með garði umhverfis alllangt norðan við Beinisstaðagróf heldur austar en á móts við beitarhúsatóftina. Þar er nú ávalur hóll í brekkubrúninni og sléttað tún upp á hann að vestan og engin merki um tóftir. Ofan og vestan við tóftirnar liggur nú vegarslóði norður að Brettingsstöðum. Þar sem hann er ofan við Beinisstaðatóftir mun áður hafa verið garður, áþekkur þeim sem er utan um Geldingatóftir 032.


Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: LÞ, 248; Ö-Helluvað, 10; Fylgiblað með örnefnaskrá

SP-193:008 Steinbogi

65°35.668 N 17°10.589 V

"Steinbogi og Beitísstaðir nefnast eyðibýli norður með Laxá í Helluvaðslandi. Tættur og garðlög vitna um forna byggð, en allt var þar viði vaxið ... " segir í Lýsingu Þingeyjarsýslu en í söguminjaskrá Helga Hallgrímssonar stendur: "Á Steinboga eru enn greinilegar húsatættur og bogalagaður túngarður utanum, tvöfaldur að sunnan og vestan . . . Bý lið hefur líklega staðið nyrst á hinu umgirta svæði, skammt frá dálitlum tindalæk, á hólkoli. Er þar greinilega ferhyrnt rúst, tvískipt, um 10 x 12 m. Er hún líklega af beitarhúsum, sem þarna voru frá Helluvaði um miðja síðustu öld, og hafa húsín víst verið byggð á hinum gömlu bæjarrústum. Suðaustan á hólnum er önnur rústmjög ógreinileg, og tvær allskýrar tættur eru við túngarðinn, syðst á svæðinu, og ein austur á nefinu víð Lækinn."



Steinbogi er upp frá beygjunni á Laxá, fast norðan og austan víð þjóðveginn og hefur vegurinn yfir syðsta hluta túngarðsins. Túnstæðið er vallendisblettur, með deiglendi neðst, á stalli í brekkunni allhátt fyrir ofan Laxá og er þverhnipt niður af stallinum. Í kring er mólendi.

1712: "Beinerstader og Steinboge kallast tvö eyðiból hjer í landinu út frájørðunni ... á báðum þeim eru byggíngaleifar tófta og girðinga. Ekki má hjer aftur byggja, því þau eru sjálf viði vaxin, en heyskapur enginn annar." JÁM XI, 223. Syðsti hluti túngarðsins er nú kominn undir veg.

Hættumat: hætta vegna vegagerðar

SB-193:009 Mylnuhóll heimild um myllu 65°35.224 N 17°09.279 V

"Mylnuhóll, smáhóll, horfinn undir rafstöðvarhús. Þar voru greinilega leifar af vatnsmyllu, sem varbyggð 1842, en aflögð fyrir 1889. Mylluhólmar eru fjórir smáhólmar í Helluvaðsá austur í túninu." segir í örnefnalýsingu. Steypt rafstöðvarhús er á litlum hól sem skagar út í ána um 15 m SA af SA-horni íbúðarhúss frá 1931. Á árbakka í túni. Rafstöðin var notuð til 1967. Dýnamórinn hefur verið seldur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Ö-Helluvað, 2

SB-193:010 Kofabrot heimild um geitakofa 65°34.699 N 17°09.097 V

"Kofabrot, mjög smátt, en augljóst tóttarbrot skammt frá ánni. Gæti verið Geitakofi frá fyrri tíð; nú alveg horfin." segir í örnefnalýsingu. Tóft þessi var syðst í syðsta túninu sem enn er slegið - þetta er um 300 m norðan við Marðarhól. Nákvæm staðsetning er ekki þekkt. Nú tún en var áður lyngmói.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Ö-Helluvað, 2

SB-193:011 Sigfúsartótt 65°35.237 N 17°09.402 V

"Sigfúsartótt er uppi við túngarð á gamla túni. Sigfús Jónsson, síðar bóndi á Halldórsstöðum, byggði sér þar fjárhús." segir í örnefnalýsingu. Tóftin sést enn í túninu, um 5 m austan við túngarð og um 15 m norðan við 004, beint upp af íbúðarhúsi á Laxárbakka.

Tóftin sést nú sem óregluleg dæld og hrúga vestan við hana. Hún hefur sennilega verið skemmd af jarðvinnslu.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Ö-Helluvað, 2

SB-193:012 brú 65°35.752 N 17°10.350 V

Garður var gerður í vestur úr vesturenda Lambeyjar í suðurenda Steinbogaeyjar yfirundi þar sem Laxá rennur til suðurs fyrir suðurenda Steinbogaeyjar. Garðurinn hefur síðan rofnað og er nú plankabré yfir vikið.

Garðurinn er settur yfir um 20 m breiðan flóa milli eyjanna og er vatnsmagn þar lítið miðað við meginkvísar árinna. Grjótgarður þessi var gerður af Sigurgeiri Jónssyni fyrir jarðabótastyrk á árunum 1910-20 til að auðvelda nýtingu hólmanna.

Hættumat: engin hætta

SB-193:013 Smiðjurétt 65°35.242 N 17°09.260 V

"Smiðjuhró, fleiri örnefni koma þar til. Eldra fólk mundi smiðjuna. Stórir, sötugir steinar úr afli voru færðir í stíflugarð, en fjárrétt var lengi á þessum stað." segir í örnefnalýsingu en Jón Gauti Jónsson lýsir aðstæðum svo: "Smiðjuhró heitir grjóthró í Helluvaðstúni rétt við ána, nokkra faðma norð-austur af elsta íbúðarhúsinu austan í því, á árbakkanum var Smiðjuréttin þar sem áður fyrr var smiðja." Smiðjuhró er lítill stakur gróinn hraunhóll á sléttri flöt NA við íbúðarhús frá 1931 og að nokkru framan við íbúðarhús á Laxárbakka. Réttin var á flötinni norðan við hólinn en smiðjan mun hafa verið austan í hólnum á árbakkanum.

"Á haustin, eftir sláturtíð var vikulega réttað þar fé úr Helluvaðsheiði austan Brattáss, svo lengi að fé lá úti og fór frjálst ferða sinna um heiðalöndin á haustin. Úr Sellandi var aðkomufé

rekið þangað af Arnvetningum sem einnig drógu þar úr sitt fé sem þeir héldu í Sellandinu vestan Brattáss fram á vetur. Úr Gautlandaheiði var aðkomufé nepan úr dölum rekið til Smiðjuréttar og látið ganga í Brettingsstaði um leið og þar var tekið Mývatnssveitarfé er sloppið hafði niður í heiðar, Laxárdals eða Reykjadals. Misjafnt mun það hafa verið hvað margt fé kom til réttar, veðurátta ræður því mikið hvert fé leitar úr heimahögum. Vegna veðrahættu á þeim tíma árs var föstum reglum beitt til að halda fé í heimahögum svo auðveldara væri að bjarga því í snöggum áhlaupum. Árið 1931 lagðist Smiðjurétt af Eftir seinnitíma mælingu mun aðalréttin hafa verið fullir 140 ferm. og rúnað 400 fjár, dilkurinn rúmað um 150." Skýringar Jóns Sigurgeirssonar við teikningu af Smiðjurétt á lausu blaði á Örnefnastofnun. Réttin mun hafa verið sléttuð um eða fyrir miðja öldina.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Helluvað, 2; Fylgiblað með örnefnaskrá

SB-193:014 brú

65°35.624 N 17°09.827 V

Grjóthlaðinn garður er norður úr vesturenda Hróteyjar í austurenda Lambeyjar. Þar á milli er lítil læna úr Laxá og streymir vatn í gegnum garðinn. Garðurinn er yfir grunnt og mjótt sund milli eyjanna og eru smáhólmar þar á milli. Sigurgeir Jónsson gerði garð þennan fyrir jarðabótastyrk á árunum 1910-20 til að auðvelda nýtingu hólmanna eins og 012.

Hættumat: engin hætta

SB-193:015 heimild um kvíar

65°35.365 N 17°09.504 V

"Kvíar, alveg nyrzt í gamal túninu, svo til fast við ána. Á Helluvaði var fært frá til 1924 og mjólkað í fjárhúskró. Fyrir útikvíum sást og sér enn við gamlan vallagarð ... " segir í örnefnalýsingu. Kvíunum var bylt til við vatnsveitulagningu og sjást nú aðeins sem ólöguleg hrúga við túnendann, skammt ofan (sunnan) við gamla veginn. Utaní túgarði, tún suðvestan við en lyngmói norðvestan við.

Einnig er í örnefnaskrá getið um Kvíhólma: "Kvíhólmar eru tveir allstórir hólmar í Helluvaðsá, sá ytri með hraunhól. Lá gamli akvegurinn þvert yfir hann. Syðri hólminn er minniog flatur og hefur gróíð upp af sandeyri." Þessir hólmar eru í Helluvaðsá beint niðurundan þeim stað sem kvíarnar voru.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Ö-Helluvað, 2-3

SB-193:016 túngarður

65°35.368 N 17°09.502 V

"Fyrir útikvíum sást og sér enn við gamlan vallagarð, 200 metrum norðan við bæinn, ... " segir í örnefnalýsingu. Garðinn má enn rekja svotil alla leið umhverfis gamla túnið sbr. túnakort frá 1919 en gleggstur er han beint ofan við bæinn. Garðurinn er 1-1,5 m breiður og víðast 0,5-0,7 m hár, grjóthlaðinn að neðan.

Hættumat: hætta vegna ábúðar Heimildir:

Túnakort 1919; Ö-Helluvað, 2

SB-193:017 heimild um kvíar

65°35.368 N 17°09.502 V

"Fyrir útikvíum sást og sér enn við gamlan vallagarð, 200 metrum norðan við bæinn, og jafnvel öðrum eldri á svipuðum stað." segir í örnefnalýsingu. Ekki sér lengur til kvía á þessum stað (sbr. 015) en miklu hefur verið bylt á þessum slóðum vegna vegagerðar og vatnsveitulagnar. Fast utan túns, hefur áður verið lyngmói.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Ö-Helluvað, 2

SB-193:018 Stangarstígur

"Um Helluvaðsland liggur stígur milli Brettingsstaða og Stangar, kallaður Stangarstígur af Brettingsstaðamönnum. Hann liggur úr Kollásarjóðri suðvestur yfir Brattás, efst í Stokkalágum á Arnarvatnsel og Syðra-sel og þaðan um Selmóa að Kúatanga þar sem er gott vað á Austurgróf."

Heimild: Jón Sigurgeirsson: Reiðgötur og kindastígir í Helluvaðslandi (Örnst)

SB-193:019 brú

65°35.207 N 17°09.275 V

"Brúarhólmi er stór hólmi í Helluvaðsá. Göngubrú var lengi úr Mylluhól í Brúarhólma og þaðan yfir í Arnarey. Hún var tekin af að vetrum, strax er ána lagði." segir í örnefnalýsingu. Um 20 m SA af SA horni íbúðarhúss frá 1931 er hóll á árbakkanum og annar austanmeginn og sést í grjót beggja vegna sem gæti verið úr brúarundirstöðum. Áin er á þessum stað 4-5 m breið.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Ö-Helluvað, 3

SB-193:020 Marðarvað

65°34.524 N 17°08.933 V

"Marðarhóll er lágur hóll rétt við mót Arnarvatnsár og þess, er rennur úr Arnarvatninu. Marðarvað er á ánni rétt norðan við hólinn og glöggar reiðgötur þaðan yfir Arnarey til bæjarins Arnarvatns." segir í örnefnalýsingu. Marðarhóll er beint vestur af ármótum, gegnt því sem lítill hólmi er í ánni.

Merkjagirðing er aðeins norðan við hólinn. Vaðið er um 100 m norðan við Marðarhól. Á þessum stað er áin um 20 m breið og lágir bakkar báðum megin. Reiðgöturnar austanmegin sjást ekki að vestan.

Heimild: Ö-Helluvað, 3

SB-193:021 Sauðavað

65°35.436 N 17°09.550 V

"Sauðatangi er rétt við ármót Laxár og Helluvaðsár. Sauðavað er fram hjá smáhólum þrem, er heita Sauðavaðstappir, og yfir í Hrútey." segir í örnefnalýsingu. Sauðatangi er slétt graslendiseyri úti Laxá vestan og norðan við brúna yfir Helluvaðsá. Vaðið er úr tanganum þar sem hann gengur lengst í NV, til NV milli tveggja smáhólma yfir í horn á Hrútey sem skagar út í ána til suðurs. Á þessum stað mætast tvær kvíslar úr Laxá og er hún um 30 m breið á vaðinu.

Heimild: Ö-Helluvað, 3

SB-193:022 Eyjafótsvað

65°35.407 N 17°09.522 V

"Annað vað er úr Sauðatanga yfir Helluvaðsá í Arnarey. Það var þjóðleið milli Mývatns og Reykjadalss Eyjafótsvað heitir þetta umrædda vað." segir í örnefnalýsingu. Sauðatangi er slétt graslendiseyri norðan og vestan við brúna yfir Helluvaðsá. Vaðið er um 15 m norðar en brúin en á þeim stað eru ármót Helluvaðsár og Laxár og er Helluvaðsá þar breið og lygn, og um 20 m breið á vaðinu.

Heimild: Ö-Helluvað, 3

SB-193:023 brú

65°35.410 N 17°09.486 V

"Hrútey er allstór eyja í Laxá og gnær gegnt Helluvaðstúni nyrst. Þar hefur lengi verið haldið við trébrú naumast gripgengri. Brúin er í Eyjafót sem er Arnarvatnsland." segir í örnefnalýsingu. Brúin er um 20 m austan við vesturodda Eyjafóts. Tréruin sem nú er er sennilega ekki gömul, en grjóthlaðnar undirstöðurnar gætu verið gamlar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

SB-193:024 Fjós

65°35.417 N 17°09.400 V

"Fjós er kofatóft syðst og austasti Hrútey. Þénaði sem vargskýli fyrir stórgripi, en er ekki haldið við." segir í örnefnalýsingu. Engar auðsæjar tóftir eru syðst og austast í Hrútey en víða eru þar dældir milli gróinna hraunkamba þar sem lítilfjörlegar byggingar gætu hafa staðið. Slétt graslendi með hraunkömbum upp úr hér og þar.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Ö-Helluvað, 4

SB-193:025 gerði

65°35.471 N 17°09.377 V

Ferkantað gerði er austarlega í Hrútey, norðantil þar sem smátangi gengur til austurs úr eyjunni gegnt Kálfshólma. Gerðið er sunnan í tanga þessum NV við Kálfshólma. Á árbakka utan í grónu hraunholti. Öll er eyjan vaxin vallendisgróðri og svo er inni í og í kringum gerðið.

Norðurveggur gerðisins er hlaðinn utaní hraungarð og stendur hæst en austur- og vesturveggir eru mjög lágir (0,3-0,5 m) og hafa ávallt verið lítilfjörlegir, um 0,7 m breiðir í grunninn. Áin myndar suðurhlið. Sennilegt er að þarna hafi verið kálgarður frekar en aðhald fyrir skepnur.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Ö-Helluvað, 4

SB-193:026 Hrúteyjarvað

65°35.363 N 17°09.342 V

"Hrúteyjarvað er syðst úr Hrútey í fótinn (Eyjarfót)" segir í örnefnalýsingu. Úr SA horni Hrúteyjar er vað yfir í Eyjarfót og liggur það sennilega á ská til SA frekar en bint yfir ána til suðurs.

Þvert yfir er áin um 20 m breið á þessum stað en ef farið er upp með henni, þar sem grynna er og bakkinn sunnanmeginn ekki jafn brattur, þá er vaðið 50-60 m breitt.

Heimild: Ö-Helluvað, 4

SB-193:027 Þóruvað

65°35.519 N 17°09.734 V

"Þóruvað er mjög gott vað rétt sunnan við Þóruhólma [sunnan við Sóleyjarsker, hár að sunnan], úr Hrútey í land." segir í örnefnalýsingu. Þóruhólmi er stakur hólmi sunnan við Hrútey milli Sauðavaðstappa og Hellishólma. Vaðið er úr Hrútey vestan við vesturenda Þóruhólma og þaðan beint í suður fyrir hólmann og svo upp með Laxá sunnan við hann. Áin er á þessum stað um 60 m breið.

Heimild: Ö-Helluvað, 4

SB-193:028 Arndísarstaðavegur

"Hellishólmi er stór hólmi vestan undir Hrútey norðan til, og gengt honum er Hellishólmaflötur. Þaðan lá Arndísstaðavegur upp á heiðina."

Arndísarstaðavegur var einnig kallaður Akureyrarvegur. Hann er mikið mannvirki á köflum og víða þráðbeinn. Á gróðurlausum melum skammt ofan við Steinbogalæk hefur grjóti verið rutt úr 4-5 m breiðri braut en austan við Brattás, um 400 m norðan við Syðrasel 039, er vegurinn upphlaðinn í mýrarsundi sem gengur til norðurs frá Seltjörn.

Heimildir: Ö-Helluvað, 6; Loftmyndir

SB-193:029 Lambeyjarhellar - stekkur

65°35.725 N 17°10.255 V

"Lambey mun vera stæst af Helluvaðshólum. Hún er milli Hrúteyjar og Steinbogaeyjar. ... Lambeyjahellar eru tveir og annar mjög stór, lágu rog rakur, og heyrir vatnsrennsli undir hellisgólfinu. Hlaðinn var grjótagarður inni í hellinum og fremsti partur hans notaður við fráfærur, lömbum stungið inn þar inn. Notast mikið sem vargskýli og kælir vel í hitum. Hellar þessir eru neðst á eyjunni, og snarhallar þar niður, bæði hraun og á." segir í örnefnalýsingu. Sá hellirinn sem notaður var sem stekkur er vestarlega í Lambey, þar sem hraunkamburinn er hvað hæstur. Annað op er á honum til vesturs, um 30 m frá hinu, og eru þar hlaðnir kampar og tröppur. Í hraunkambi. Mikið og gott graslendi er allsstaðar í eyjunni.

Smáhleðsla er við austara hellisopið en einnig hefur steinum verið raðað í gjótunni framan við opið, en allbratt er niður að helinum og eins niður í hann úr opinu. Hellirinn lækkar mjög þegar innar dregur og hefur grjóti verið hrúgað upp um 10 m frá opinu til að varna því að lömb færu innar í hellinn. Ekki eru aðrar hleðslur í helli þessum. Kamparnir í vesturopinu eru með allt að 8 umför af hraungrjóti. Vesturendinn hefur verið notaður sem fjárskýli og er þar þykkt lag af sauðataði á gólfinu.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Ö-Helluvað, 6

SP-193:030 Lambeyjarvað

65°35.629 N 17°09.979 V

"Lambeyjarvað er sunnan og vestan frá Hellishólmafleti um Hellishólma og Bíldusker" segir í örnefnalýsingu. Frá Lambey séð sýnist víða mega vaða frá vesturenda Bílduskerja að vesturenda Hellishólma. Vestan við Bíldusker er áin um 70 m breið í einum farvegi en vaðið mun hafa legið um skerin og Hellishólmann til SA frá Lambey.

Heimild: Ö-Helluvað, 6- 7

SP-193:031 stekkur

65°35.859 N 17°10.535 V

"Stekkjahagi heitir flatur og nokkuð breiður árbakki norður frá hlein undir snarbrattri brekku. ... Greinileg merki eru þar um stekk, en hefur ekki verið notað eftir 1880. Stekkjarhagapollur er góður stangaveiðistaður yzt við Stekkjarhaga og milli Stekkjarskerja og Steinbogaeyjar." segir í örnefnalýsingu. Stekkjahagi er vestan við hnéð á Laxá, austan og norðan undir Steinbogatóft.

Haginn er flatur valllendisrími á árbakkanum en ofan við eru snarbrattar brekkur og er aðeins greiðfært niður á hagann nyrst. Jón Sigurgeirsson hefur gert uppdrátt af stekknunum og lýsir honum svo: "Á bakka Laxár nyrzt í Stekkjarhaga er all forn stekkur. Háir jarðfastir hraunsteinar í beinni röð hafa verið notaðir í skilvegg með því að hlaðið hefur verið með grjóti í skörðin milli þeirra. Aðrir veggir hafa verið byggðir úr torfhausum. Réttin sjálf er um fjöggra metra breið en mesta lengd hennar er á tíunda metra. Hefur hún rúmað fullt hundrað fjár. Lambakróin er tæpur helmingur að flatarmáli og sést ekki að dyr hafi verið á henni. Mun stundum hafa verið gat gegnum vegginn er rétt passaði fyrir lömbin. Dyr í réttina eru sunnan til við miðju þá vestan og hagar þar vel til innrekstrar. Eins og sér á þverskurðarmynd [fylgir með] B-A hallar frá grjótveggnum beggja vegna. Lambakróin er rök, kemur nú þar upp smá lind og rennur í Laxá."

Stekkurinn er eins og Jón Sigurgeirsson hefur lýt honum en mjög eru torfhleðslumar signar. Sérstaklega er austari veggurinn ógreinilegur. Grjótið sem hlaðið hefur verið í skörðin á hraungarðinum er skýrasti vitnisburðurinn um að um mannvirki sé að ræða.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Ö-Helluvað, 8; Fylgiblað með Örnefnaskrá

SP-193:032 Geldingatóttir

65°36.919 N 17°10.326 V

"Geldingatóttir eru fornt smábýli með garði í kring. Þar eru merkin milli Brettingsstaða og Helluvaðs og hreppaskil. Geldingatóttir eiga marga sína líka meðfram Laxá. Geldingatóttalækur mun vera vatnsból býlisins." segir í örnefnalýsingu en Jón Sigurgeirsson lýsir staðnum svo:

"Geldingatættur er áberandi fornt smábýli nyrst í Helluvaðslandi á sléttum hjalla upp í dalshlíðinni um 200 metra frá Laxá. Smá, þrískipt bæjartótt er innbyggð efst í efnismikinn hringlaga vallargarð um 170 m. sem umlykur rúmlega 2000 ferm. tún. Þessi túnblettur er vaxinn stórgerðum



víði og sjást ekki innangarðs mannvirki nema alldjúp gryfja nálægt miðju hans. Allur er garðurinn mun hærri að utan en innan vegna þess að jarðvegur hefur þaðan verið mokaður upp í hann. Hæðarmunur er á annan metra sumsstaðar, einkum að norðan. Á holti um 12 m. vestur frá bæjartóttinni er greinileg kofarúst 4 x 8 metra, einhverskonar útihús. Í tóttum þessum er greinileg gólfskán með viðarkolasalla."

Auk Geldingatóta sjálfra, sem eru lítil tóftaþyrping byggð innan í lítinn túngarð er allmikill vörslugarður um 450 m frá N-S og 300 m frá A-V umhverfis tóftirnar en nyrsti hluti hans er í Brettingsstaðalandi. Geldingatóftir eru um 70 m beint suður af hliði á merkjagirðingu milli Helluvaðs og Brettingsstaða. Á sléttum hjalla um 300 vestan við Laxá. Þar er nú kvistlendi en hefur áður verið sléttur grasmói. Víðihríslurnar eru margar orðnar yfir 1 m á hæð og er mestur vöxtur í þeim í aðaltóftaþyrpingunni og þar fyrir nðan.

Frá Brettingsstaðahliði liggur slóðinn fyrst í suður og síðan upp brekkuna til SV en síðan aftur til suðurs, en í þeirri beygju kemur slóðinn í vörslugarðinn og hefur honum verið rutt burt á um 150 m kafla. Garðurinn er víðast 1-1,5 m breiður og innan við 0,6 m hár. Norðurhlið hans heldur áfram til vesturs og mun ná allt út í Mávratn.

Hættumat: hætta vegna skógar

Heimildir: Ö-Helluvað, 11; Fylgiblað með örnefnaskrá

SP-193:033 Flötuheiðarvarða

65°35.185 N 17°09.652 V

"Fataheiði er kölluð frá Steinholti að Botnahnútu, hallandi vestur að Botnum. Viður og mólendi. Flötuheiðarvarða er smátyppi neðst á Flötuheiði beint upp af Helluvaðstúni, gamla." segir í örnefnalýsingu. Flötuheiðarvarða er lítil grjótvarða með hundapúfu á beint upp (vestur) af Helluvaðsbæ, á móts við efstu tún frá Helluvaði en þau eru sunnan við vörðuna. Hún er á lítilli bungu í hlíðinni þar sem heiðinni fer að halla til austurs. Hún sést ekki frá bænum.

Á gróðurlitlum lyngmóa sem hallar til austurs. Varðan er hlaðin úr frekar smáu grjóti en gæti hafa verið torfhlaðin ofaná.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Ö-Helluvað, 11

SP-193:034 mógrafir

65°35.259N17°11.023 V

"Austurbotnagróf hefur gert sér djúpan farveg norður í Steinbogalæk. Við grófina yzt í

Austurbotninum var í aldaþriðjung tekinn upp svörður (mór) fyrir þrjá bæi, Skútustaði, Arnarvatn og Helluvað, sex bú. Það náðust 8-10 rekastungur upp af sverði undir tveim öskulögum." segir í örnefnalýsingu. Grafirnar eru í mýri þeirri sem Steinbogalækur kemur úr og hefur svörður verið stunginn á stótu svæði austast í mýrinni meðfram læknum. Í mýri. Grafirnar eru flestar samfallnar og gróíð yfir þær en þó sér vel móta fyrir þeim.

Heimild: Ö-Helluvað,12

SB-193:035 Stangargötur

"Stangargötur stefna suðvestur norðan við Helluvaðstjörn." segir í örnefnalýsingu. Jón Sigurgeirsson getur þeirra einnig í smágrein um reiðgötur og kindastíga í Helluvaðslandi: "Frá Lambhúshliði [syðsta hliðið á gamla túngarðinum) lágu götur upp hjá Steinholti og vestur í Stöng norðan Helluvaðstjarnar ... " Götur þessar eru mjög skýrar á löngum köflum frá norðurenda Helluvaðstjarnar beint heim að Helluvaði.

Heimildir: Ö-Helluvað,13; Fylgiblað með Örnefnaskrá

SB-193:036 Kerjaskurður

"Kriki er deiglendur mýrarslakki frá bakkanum norður í Vesturbotna. Ker heita tveir vel grónir smátjarnarbotnar, vestur af Krika. Kerjaskurður, flytur vatn úr Kerjum í Krika." Þessi staður var ekki skoðaður 1996.


Heimild: Ö-Helluvað,14

SB-193:037 Tjaldlág

65°35.785 N 17°12.013 V

"Tjaldstæðisbunga skiptist frá Brattás og hækkar suður; er í norðaustur af Selbungu. Tjaldlág; þar sem bunguna þrýtur, er djúp og skjólsæl laut, er grasafólk hefur notað sér til að tjalda." segir í örnefnalýsingu. Ef Tjaldstæðisbunga er bungan milli þjóðvegarins og Selbungu vestan við afleggjarann að Stöng þá er Tjaldlág um 300 m VSV af gatnamótunum. Alldjúp lág eða

lækjarskorningur og háir ásar sunnan og norðan við. Láginn er 3-4 m djúp og 20-40 m breidd. Heimild: Ö-Helluvað,15



SB-193:038 Arnarvatnssel

65°36.084 N 17°13.961 V

"Arnarvatnssel (Ytrasel) er vallgrönn túnblettur við við Suðausturhorn Kæfumýrar. Selstöð frá Arnarvatni fram yfir 1890. Arnarvatnssel er fornbyli; þau finnast nokkur á heiðinni. Greinilega sér fyrir túngarði og húsarústum." segir í örnefnalýsingu. Staðnum er lýst svo í söguminjaskrá Helga Hallgrímssonar: "Aðaltóttin er á miðju svæðinu innan garðsins, snýr A-V, o ger um 14 m að lengd, en um 9 á breidd að vestan. Austurhlutinn, 6 x 7 m, er hærri og greinilegri en annað í tóttunum, og sjást þar grjóthleðslur við dyr sem snúið hafa í

vestur. Að vestan eru tættur þrískiptar, þ.e. af þremur langhúsum, hlið við hlið, og eru orðnar lágar og ógreinilegar. Austan við þessa aðaltótt er smárétt byggð upp að henni (ca. 8 x 8 m). Skammt fyrir sunnan aðaltóttina er rúst af langhúsi, um 10 x 3,5 m, tvískiptu. Þá eru þarna nokkrar hringlaga tættur (heystæði) og brunnur niður við túngarðinn, um 2 m. djúpur með hlöðnum veggjum umhverfis." Seltóftirnar eru spölkorn norðan við Arndísstaðaveg í brekkurótum Selbungu þar sem Kæfumýri endar til suðurs.

Í brekkurótum. Brekkan er vaxin fjalldrapa en sunnan við selið er þýfður lyngmói og vestan og norðvestan er sefmýrin Kæfumýri. Í kringum tóftirnar er vallendisblettur.

"Sigurður Þórarinnsson jarðfræðingur sendi út sýni úr gólfi á einu þessara býla til aldursgreiningar. Svíar gáfu því tímann kringum 900 Móðir mín (J.S) var selráðskona í þessu seli nokkuð fyrir aldamótin."

Sömu númer eru gefin á teikningu OV eins og þau sem eru á teikningu Jóns Sigurgeirssonar. 1. er greinilega brunnur, 2. er hinsvegr aðeins þýfður hóll sem hefur enga byggingalögun. 3. er óljós tóft, 4. er rétt eða heystæði, 5. yngsta tóftin efst á aðalrústahólnum, 6. eru eldri byggingar og 7. og 8. allfornlegar tóftir. Túngarðurinn er aðeins skýr að vestan. Til hans sér alls ekki að sunnan og aðeins vestast norðanmegin. Uppi í brekkunni að austan er óljós kantur sem gæti verið túngarðsleifar.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Ö-Helluvað,15-16; Söguminjaskrá, 52

SB-193:039 Syðrasel

"Syðrasel (Gamlasel), sagnir um selstöðu. Hringur er þar, fjárrétt, notuð fram til 1920. Þetta er vestan undir Syðri-Selbungu, rétt hjá Seltjörn. Þangað liggja glöggar götur. Ekkert er vitað um Syðraselið nema nafnið, tættur og selgötur." segir í örnefnalýsingu. Syðrasel er vestan undir Syðri-Selbungu, sunnan og vestan við þar sem göturnar koma yfir bunguna og liggja síðan í sveig til norðurs í átt að Mátvatni. Selið er austan við Seltjörn og eru um 50 m frá því að sefmýrinni sem tjörnin er í, en um 200 m að tjörninni sjálfri eins og hún er nú. Undir allhárri lymóabungu en neðan og vestan við er allstór sefmýri með tjörn í.

Réttin er því sem næst réttur bringur með dyr í suður. Undan réttarhleðslunni að austan ganga eldri tóftir.

Hættumat: engin hætta



Heimild: Ö-Helluvað, 16

SD-193:040 gata

"Syðrasel (Gamlasel), sagnir um selstöðu. Hringur er þar, fjárrétt, notuð fram til 1920. Þetta er vestan undir Syðri-Selbunu, rétt hjá Seltjörn. Þangað liggja glöggar götur. Ekkert er vitað um Syðraselið nema nafnið, tæturnar og selgötur." segir í örnefnalýsingu. Þessar götur sjást glögg þar sem þær koma niður af Brattás aðeins norðar en á móts við Syðrasel en beygja síðan til norðurs út eftir dalnum og má rekja þær út að norðurenda Seláss. Þaðan liggja þær til vesturs að Víðaseli og heita Víðaselsgötur.

Heimild: Ö-Helluvað, 16

SD-193:041 Grófarvað

"Útgrófir heita frá Kúatanga norður að Stóruþúfu. Grófarvað, þar sem Arndísstaðavegur liggur yfir Útgrófir." segir í örnefnalýsingu. Þessi staður var ekki kannaður 1996.

Heimild: Ö-Helluvað, 16

SD-193:042 Stóraþúfa - landamerki

"Stóraþúfa er rétt við Útgrófir, skammt sunnan við Víðasel. Þarna er merkjalína Helluvaðs út Stóruþúfu í syðsta poll Kæfulækjar. Stóraþúfa er sennilega hlaðin merkavarða úr jarðvegi og helzt við og grænkar af fugladriti." segir í örnefnalýsingu. Þessi staðurvar ekki kannaður 1996.

Heimild: Ö-Helluvað, 17

SD-193:043 Hrókvörðuhóll

65°35.964 N 17°10.652 V

"Hrókvörðugil er jökulfarvegur um Nónskarð af heiðinni. Nú er ekkert rennsli nema í vorleysingum. Alldjúpt neðst. Hrókvörðuhóll er smáhóll ofan við reiðgötur sunnan við gilið." segir í örnefnalýsingu. Reiðgötumar liggja yfir hólinn austanverðann, en hann er um 40 m sunnan við gilið. Varðan er varla annað en hundapúfa á hólum þar sem hann er hæstur. Varðan hefur sennilega verið úr torfí.

Hættumat: engin hætt

Heimild: Ö-Helluvað, 10

SD-193:044 Stífluholt

"Brekur heitir landsvæði suður með Helluvaðsá, allt upp (vestur) undir Fénaðarás. Slakki er takmarkað svæði í Brekkum. Stífluholt heitir það, af því að áin var stífluð þar hjá." segir í örnefnalýsingu. Þessi staður var ekki kannaður 1996.

Heimild: Ö-Helluvað, 14

SD-193:045 Grásteinn - huldufólksbústaður

65°35.484 N 17°10.402 V

"Grásteinn heitir fagurlega skapaður blágrýttissteinn uppi í heiðinni um kílómetersleið norðvestur af Helluvaði. Hann stendur í skárlagaðri hvilft og hringlaga barmur umhverfis hann. Hæð hans er á þriðja meter úr jörðu en lengd frá norðri til suðurs á fjórða metra. Að ofan og niður eftir hliðunum er hann þakinn svartri skóf (geitnaskót) en að nðan frá jörð og nokkuð uppeftir er hann sléttur og gljáandi sem slípaður væri. Má vera að kindur hafi á hundruðum ára fægt hann svo með því að nudda sér upp við hann.

Steinninn er á flatlendi en stutt frá djúpum vatnsgröfnum farvegum er kallast Steinbogagil, ytra og syðra, og liggja frá heiðinni til Laxárdalslæðarinnar. Hvergi í nálægð hans er neinn slíkan stein að sjá." segir í lýsingu Jóns Sigurgeirssonar. Grásteinn er á

austurbakka Steinbogalækjar um 300 m sunnan við þjóveginn og sést steinninn af veginum. Einstakur steinn í lyngmóadalverpi. Ennfremur segist Jóni Sigurgeirssyni svo frá: "Fyrir miðja nítjándu öldina ólst upp á Helluvaði kona að nafni Karólína Helgadóttir. Burtflutt þaðan sagði hún á gamals aldri Helluvaðsfólki að oft hefði hún séð fólk við Grástein og varð það henni næsta kunnugt sem næsta nábýlisfólk. Krökkum sem sátu hjá kvíam í nágrenni Grásteins var kennt að ganga hóflega um og virða heimilsfriðinn.

Lækur kemur úr Steinbogagiljum og rennur í boga rétt framhjá Grásteini. Að honum liggja grasbakkar sem spretta svo vel að stundum þótti þess vert að slá þá.

Það mun hafa verið um 1930 að síðast var heyjað í Steinbogagiljum og við Grástein. Var þá komið að göngum eða fram í miðjan september. Voru tveir menn þar við slátt í formiðdag og höfðu þá lokið að mestu. Fer þá annar þeirra heim en skilur hinum eftir að höggva smá grasrönd niður með læknum við Grástein smástund fram að miðdagsmat. Maður þessi kemur svo ekki í matinn og líður langur tími svo fara á að leita hans, en áður en það er gert kemur hann heim og segir frá því hvað tafið hafði hann svo mjög. Þá er hann hafði lokið slættinum og ætlaði að leggja af stað heim birtust honum konur tvær, önnur ung og fögur en hin nokkuð fullorðin. Sú yngri gaf sig á tal við hann og bauð honum að ganga í bæinn sem þarna stóð reisulegur á holtinu við lækinn. Eftir látbragði þeirrar eldri virtist hún því mótfallinn en vegn heillandi framkomu þeirrar yngri stóðst maðurinn ekki boð hennar og gekk með konunum í bæinn. Þar bar fyrir fleira fólk bæði börn og fullorðið. Matur var þar á borðum og dreif ung stúlka hann að matarborði og gerði hann sér gott að matnum. Sýndi hann þá á sér fararsnið (hann var trúr í starfi og háttur hans ekki sá að láta tefjast frá vinnu) Eldri konan var auðsjáanlega þess hvetjandi að hann færi en sú yngri vildi halda í hann sem lengst. Fór svo að hann þakkaði fyrir sig, kvaddi og fór sína leið. Ekki fanst honum hann hafa tafið eins lengi hjá konunum og tíminn benti til og ekki var hann fánlegur til að smakka mat, sagðist hafa borðað sig vel saddan hjá konunum í Grástein." Steinninn er um 3 m á kant og um 1,8 m hár úr jörðu.

Heimild: Fylgiblað með örnefnaskrá.


SD-193:046 3 tóftir

"Austan við Bröttubrekku syðst er blautt mýrarsund með víðíkögri í kring. Frá því liggur pollafarvegur austur í gegnum Skörðin, í Vesturbotnagróf. Áður fyrir mun þarna hafa verið tjörn og lækur runnið syðst úr henni, sem farvegurinn sannar. Þannig hefur umhorft verið er byggð voru þrjú hús í halli upp frá tjörninni. Djúpur, hlykkjóttur skorningur er endar við syðstu og stærstu tóttina gefur í skyn

að þar hafi runnið bæjarlækur. Sennilega er þarna um mannabústað að ræða þótt enginn sé túngarður í kring en gamlar reiðgötur liggja sunnan aðaltóttunum. Stærsta tóttin er ca. 14 x 8 m., hinar eru minni, vel sért fyrir dyrum er allar snúa austur. Engin sögn err um þetta, hvað þá nafn og fáir sem þekkja staðinn." segir í lýsingu eftir Jón Sigurgeirsson

sem fylgir uppdrætti hans af tóftunum. Þær eru austur undir suðurenda Brattáss, vestast og syðst í lág sem liggur N-S og er aðskilin frá láginni sem vegurinn að Stöng liggur um af lágum ás. Um 220 m eru milli tóftanna og vegarins. SSA við tóftirnar er mýrarsund sem teygir sig í gegnum ásin til austurs. Sunnan við tóftirnar er grunnur farvegur að mýrarsundinu. Tóftirnar eru í grunnri lögð. Í henni eru víðáttumiklir lyngmóar. Skammt frá tóftunum er mýrarsund neðst í lögðinni. Tóftirnar sjást sem reglulegar hvompur í lyngmóanum og eru útveggir aðeins skýrir

65°35.169N 17°12.305 V



á syðstu og stærstu tóftinni. Sú tóft er 13x7 m að utan, veggir 2 m á þykkt og dyr á miðjum austur-langvegg. 27 m NNA við hana er minni tóft, 10x6 m að utan með dyr í SA horni og 4 m norðan við hana önnur, 8x6 m að utan einnig með dyr í NA horni.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Fylgiblað með Örnefnaskrá

SD-193:047 reiðgötur

"Allfjölfarnar reiðgötur lágu suður Brekkur neðarlega, í Gautlönd og suður á bæi eins og kallað var." Þessar götur eru komnar undir tún, en framhald þeirra Gautlandamegin sést enn. Önnur leið í Gautlönd var ofan við Brekkur.

Heimild: Fylgiblað með Örnefnaskrá

SD-193:048 reiðgötur

"Frá Lambhúshliði [syðsta hliðið á gamla túngarðinum] lágu götur upp hjá Steinholti og vestur í Stöng norðan Helluvaðstjarnar [sjá 035] einnig lá götuslóði suð-vestur um Fénaðarárskörð og með Helluvaðstjörn að sunnan vestur yfir Grófarás í Stöng." Þessar götur eru mun ógreinilegri og hafa verið minna notaðar en Stangargötur 035.

Heimild: Fylgiblað með Örnefnaskrá

SD-193:049 reiðgötur

"Frá Hesthúshliði [hlið á gamla túngarðinum beint upp af bænum] lágu engja og svarðargötur vestur í Botna rétt við Botnaskútu. Þar skiptust leiðir. Fjölfarnar götur lágu í norðvestur í Steinbogagil og sameinuðust Arndísarstaðavegi sem liggur frá Hellishólmafleti upp á heiðina." Götur sjást enn sem hafa svotil beina stefnu milli svarðargrafanna 034 og bæjarins.

Heimild: Fylgiblað með Örnefnaskrá

SD-193:050 reiðgötur

"... frá Ærhúshliði [norðvestast í túni] lágu fjárgötur (kvíastigar) og sameinuðust Laxárdals og Reykjadalsgötum við Steinbogalæk."

Heimild: Fylgiblað með Örnefnaskrá

SD-193:051 reiðgötur

"Auk þessara almennu reiðgatna hélst við gata eða stígur frá suðvestur horni Mátvatns suður vestan undir Brattás, rétt fram hjá Seljunum og suðaustur yfir Grófarás, sunnan Helluvaðstjarnar í Gautlönd." Þessar götur sameinast selgötunum 040 sunnan við Arnarvatnssel og hafa síðan sennilega haldið áfram til suðurs, suður fyrir Brattásendann og verið á sama stað og nú er bíslóð frá beygjunni á veginum í Stöng að Gautlöndum.

Heimild: Fylgiblað með Örnefnaskrá

SD-193:052 reiðgötur

"Selskarðsás er fremur lágur og liggur suður um Skörð. Selskarð þversker Selskarðsás. Þar lágu götur til selja." segir í örnefnalýsingu. Götur liggja til vesturs frá stað rétt norðan við gatnamót hringvegjar og afleggjarans að Stöng, yfir Selbunguna um Selskarð og þaðan í NV niður að Arnarvatnsseli og eru þær mjög skýrar alla leiðina en austan við hringveginn eru víða rof frá götunum sem verða ógreinilegar allnokkru vestan við Steinbogatóft.

Heimild: Loftmynd

SD-193:053 Laxárdalsgötur

"... frá Ærhúshliði [norðvestast í túni] lágu fjárgötur (kvíastigar) og sameinuðust Laxárdals og Reykjadalsgötum við Steinbogalæk." segir í örnefnalýsingu. Laxárdalsgötur hafa legið ofan með túni á Steinboga og eru vel greinilegar út með öllum dalnum allmiklu neðar í hlíðunum en bíslóðinn er nú. Frá Steinboga hafa göturnar beina stefnu á Beinisstaði og þaðan beina stefnu á Geldingatóftir.

Heimild: Loftmynd

SD-193:054 Reykjadalsgötur

"... frá Ærhúshliði [norðvestast í túni] lágu fjárgötur (kvíastigar) og sameinuðust Laxárdals og Reykjadalsgötum við Steinbogalæk." segir í örnefnalýsingu. Reykjadalsgötur liggja á svipuðum slóðum og hringvegurinn er nú en vestan við afleggjarann að Stöng eru þær sunnan við Tjaldstæðisbundu, í lág milli hennar og Selbundu, og eru vel greinilegar.

Heimild: Loftmynd

SD-193:055 tóftir

Vestan við Tjaldstæðisbundu munu vera tóftir, en staðurinn var ekki athugaður 1996.

SD-193:056 landamerkjavarða

"Að norðanverðu ræður bein stefna úr Kjæfulækjarósi, til norðausturs í merkjavörðu, sem stendur vestaní Brattáshala, lítið eitt fyrir norðan suðausturhorn Mátvatns." Þessi staður var ekki athugaður 1996

Heimild: Landamerkjaskrá Helluvaðs 14.6.1884

SD-194 Gautlönd

12 hdr. 1712. Talin 16 hdr. 1839 - SSÞ, 123. Getið í Reykdæla sögu. Bjarnastaðir og Litlu--Gautlönd voru eyðibýli 1712 en á Litlu-Gautlöndum byggðist á ný um skeið í kringum 1820. Byggð hófst einnig á Bjarnastöðum laust fyrir 1850 en á Stöng, sem hefur möguleg verið gamalt eyðibýli eða selstaða, 1857. Stöng virðst mjög fljótlega hafa orðið sjálfstæð jörð og fékk hún allmikið land vestan Gautu og Sandfells en Bjarnastöðum var skipt frá Gautlöndum á árunum 1920-25 og fengu þeir syðsta hluta hins forna lands Gautlanda. Á seinni hluta 19. aldar bættist Gautlöndum land austan við Gautlandalæk sem áður hafði verið hluti af Sveinsströnd. Í landi Gautlanda hafa verið nokkrar selstöður og hafa sumar þeirra verið leigðar nágrannabændum. Jörðinni var skipt 1918 í Gautlönd I sem eru 2/3 jarðarinnar og Gautlönd II sem eru 1/3 jarðarinnar.

1919: 5,1 ha, 7/10 sléttað, garðar 244 m². 1839: "... landvíð og landgóð jörð, hefur mikinn heyskap en æði örðugan." SSÞ, 123. Túnasléttur eiga sér langa sögu á Gautlöndum en þar var sléttað með plógi 1857 í suðvesturhorni túnsins (059). Beðasléttur voru einnig í Suðausturhluta túnsins og norðaustan Gauthúsa 006. Öllu gamla túninu hefur síðan verið bylt með stórvirkum vinnuvélum. Gríðarlegar flæðiengjar voru frá suðurenda Arnarvatns og spölkorn suður fyrir bæinn og voru þar reist mikil áveitumannvirki á seinni hluta 19. aldar. Á því tímabili eignuðust Gautlönd einnig land austan við Gautlandalæk og þar með vestasta hluta Framengja. Þar voru einnig reist mikil áveitumannvirki. Einnig eru gríðarlegar engjar norðan og vestan við Sandfell (Dýna, Stangarmýri, Gauta) en þær gengu að nokkru undan þegar Stöng var skipt úr Gautlandalandi. Silungsveiði er í Sandvatni.

Heimildamaður: Ásgerður Jónsdóttir f. á Gautlöndum 19.05.1919

SP-194:001 bæjarhóll

65°33.139 N 17°07.994 V

"Bær er gamli Gautlandabærinn [Hann] stendur að sumu leyti enn, að baki við íbúðarhúsin." segir í örnefnalýsingu. Núverandi íbúðarhús (b. 1954) stendur þar sem framhúsið var í gamla bænum en sunnan við það var skemma/smiðja. Sjálfur var bærinn allur vestan við húsið sem nú er. Þar er nú garður, en fyrir suðurhlíð hans er enn grjóthlaðinn veggur og er það suðurveggurinn af gamla bænum.

Enginn eiginlegur hól sést lengur og hefur sennilega ekki verið. Í kring eru tún og hlað fyrir austan og norðan. Veggurinn sem enn stendur er um 11 m langur og um 1,6 m hár, vel hlaðinn úr stóru hraungrjóti. Elsti hluti gamla bæjarins var byggður af Jóni Sigurðssyni á árabílinu 1855-74. Framhúsið var byggt laust fyrir síðustu aldamót. Undir því var djúpur kjallari sem lítið var dýpkaður við byggingu núverandi íbúðarhúss. Gamli bærinn aftan við framhúsið stóð á meðan byggingu núverandi íbúðarhúss stóð 1954, en var rifinn skömmu eftir það.

Hættumat: hætta vegna ábúðar Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Gautlönd, 1140

SP-194:002 Hólshús heimild um fjárhús 65°33.062 N 17°07.963 V "Vestur af Hesthúsinu [003], sem var suður á túninu eru fjárhús, sem heita Hólshús." Hólshús voru um 100 m SSV við bæinn, 20 m vestan við hesthúsin 003, á ásendanum austan við Nónal. Í túninu vestan við þennan stað heitir Barð. Efst og yst á hólruna í túni. Hús þessi voru sléttuð milli 1960 og 1970

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Gautlönd, 1140


SP-194:003 heimild um hesthús

65°33.070 N 17°07.934 V

"Barð er í túninu meðfram túngarðinum suður af Hesthúsi, sem stendur suður í túni á hól ... " Hesthús voru í túninu um 100 m sunnan við bæinn, um 50 m norðan við nýtt íbúðarhús sem stendur syðst í túninu. Húsin voru örskammt vestan við heimreiðina að íbúðarhúsinu, um 20 m austan við Hólshús 002. Hús þessi voru sléttuð milli 1960 og 1970.

hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Gautlönd, 1140



Kort 7. Fornleifakort. Gautlönd - bæjarstæði

SP-194:004 Lambhús heimild um lambhús 65°33.134 N 17°07.885 V

"Lambhúshóll er sunnan við Brautina, á þeim hól stóðu áður Lambhús, á þessum hól stendur nú íbúðarhús Péturssona." segir í örnefnalýsingu. Lambhúshóll er breiður og ávalur hól ASA við bæinn. Þar stendur nú íbúðarhús byggt 1947 (Gautlönd II). Í túni. Á síðasta notkunarkeiði sínu voru Lambhúsin notuð sem fjóshlaða. Skv. túnakorti var kartöflugarður áfastur hlöðunni að austan en hann var ekki í notkun eftir 1930. Hlutföll á túnakorti eru lítillega röng ef miðað er við Bæjarlækinn.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Gautlönd, 1140

SP-194:005 Nýhús heimild um fjárhús 65°33.139 N 17°07.775 V

"Nýhús er fjárhús Jóns Gauta Péturssonar norðan við Braut, byggt 1916." segir í örnefnalýsingu. Fjárhús, kölluð Nýhús, voru um 30 m ASA af Gauthúsum [006] og um 30 m NNA af austustu útihúsum austan við bæinn, 5-10 m austan við heimreið að útihúsum norðan við Gauthús. Í túni, nú hálfgróid flag. Nýhús voru afarstór fjárhús með amk 6 króm og hlöðu. Sléttað 1993-94.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Gautlönd, 1140

SP-194:006 Gauthús 65°33.155N 17°07.828V

"Gauthús er gamalt fjárhús norður af Taðhól. Norðvestur af Nýhúsum. Gauthúsabeð eru gamlar þeksléttur norðaustur af Gauthúsi." segir í örnefnalýsingu. Tóftir Gauthúsa eru ANA við núverandi íbúðarhús, skammt sunnan við stóra útihúsasamsteypu (sbr. 007) á lágum hól. Í túni.

Kumlið 042 fannst þegar grafið var fyrir hlöðunni vestan við þessi hús. Nafn húsanna mun vera til komið af því að kumlbúinn hefur verið talinn vera Gautur sá er bjó á Gautlöndum samkvæmt Reykdæla sögu en hundsbeinin sem fundust í kumlinu hafa þótt styrkja þá meiningu því í sögunni er sérstaklega getið um hund Gauts ÍF X, 225-26. Víg Gauts í túninu á Gautlöndum er einnig efni í Hrana sögu hrings.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Gautlönd, 1140


SP-194:007 heimild um hesthús 65°33.157 N 17°07.955 V "Norður af bæ stóðu Hesthús." segir í örnefnalýsingu. Hesthús voru rúmlega 20 m beint norður af bænum. Þar var síðar áhaldageymsla og er steinhúsið sem nú stendur þar arftaki þess. Í túni. Norðaustan við þetta hús er sýnd votheysgryfja á túnakorti. Þær munu hafa verið amk tvær.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Gautlönd, 1140

SP-194:008 Ysthús heimild um hlöðu 65°33.201 N 17°07.875 V

"Yzthúshóll er það, sem Yzthús stóðu, en það var norður á lækjarbakka Dalslækjar norður af Gauthúsi; norður af húsinu í lækjarbakkanum heitir Yzthúsbjarg." Ysthús voru 30-40 m norðan við Gauthús 006, þar sem nú er stór útihúsasamsteypa. Hlaðan mun hafa verið þar sem nú er gulmáluð hlaða sem snýr A-V og tengir sman fjós og fjárhús. Byggingar og hlað, áður tún.



Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Gautlönd, 1141

SD-194:009 Lækjarhús

65°33.194 N 17°07.982 V

"Húsatún hét gamla túnið norðan við Dallæk. Og þar norðan við Dallæk voru fjárhús nefnd Lækjarhús." segir í örnefnalýsingu. Húsin standa enn, aðeins austar en beint í norður frá 007, um 30 m norðan við Dallækinn. Áður tún, nú hlað. Af stærðinni að dæma er þetta hús alveg sömu gerðar og Gauthús. Fyrir því er nú steypdur gafl og inni í því steypdur garði. Húsið er nú sýnilega notað sem hesthús. Veggir eru grjóthlaðnir að neðan en klömbruhnaus að ofan. Grjóthleðslan að innan stendur mun herra við suðurgaflinn en annarsstaðar. Rof eru í hleðslunni á nokkrum stöðum. Steypdur súrheysturn er áfastur húsinu að norðan. Um 3 m eru undir mæni. Undir norðurveggnum á þessu húsi munu hafa komið upp mannabein.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Gautlönd, 1141

SD-194:010 heimild um útihús

65°33.196 N 17°07.962 V


Fast norðaustan við fjárhúsin 009 voru önnur útihús samkvæmt túnakorti. Þar er nú hlað og vegarstöði út á túnin en stór hlaða fast austan við. Áður tún, nú hlað. Heimildamaður man ekki eftir húsum á þessum stað, en fjárhúsin 009 voru hinsvegar eitt sinn stækkuð til norðurs.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimild: Túnakort 1919

SD-194:011 Litlu-Gautlönd

65°33.998 N 17°08.681 V

"Vestan við Arnarvatn norðarlega er eyðibýlið Litlu-Gautlönd, þar fór í eyði 1820. Meðfram vatninu suður af Litlu-Gautlöndum er Litlu-Gautlandagrund. Nú í nýrækt. Litlu-Gautlandatangi er fram í vatnið fram af Litlu-Gautlöndum, og Litlu-Gautlandaskörð eru norðan við brúnina vestur af Litlu-Gautlöndum." segir í örnefnalýsingu. Litlu-Gautlandatangi gegnur út í Arnarvatn að vestan, en upp af víkinni, sem myndast sunnan við hann, eru tóftir Litlu-Gautlanda á stóru svæði. Þar er túngarður, amk 300 m langur (norðurendinn er óljós) og milli hans og vatnsins eru fjölmargar tóftir, nokkrar vaxnar grænu grasi en miklu fleiri komnar í lyngmóa og þýfi, þar með talinn garðurinn sem sumstaðar er tvöfaldur. Norðarlega á svæðinu innan garðsins er ávalur náttúrulegur hóll, um 160 m frá N-S og á honum fjölmargar fornlegar tóftir, flestar ógreinilegar. Grasi grónu tóftirnar eru fjórar. Þær standa sunnar og neðar en aðalrústahóllinn og eru sennilega leifar af byggð Jóns Magnússonar frá



því um 1820. Tún á Litlu-Gautlandagrund er sléttað fast að suðurhlið garðsins. Götur milli Arnarvatns og Helluvaðs liggja eftir túngarðinum. Í lyngmóa, á vatnsbakka undir lágum ás.

1712: "Litlu-Gautlönd kallast fornt eyðiból hér út í landinu, og eru þar nokkrar girðingaleifar tóf(t)a og girðinga, sem nú eru viði vaxnar, og því má ekki aftur byggja." JÁM XI, 224. "En aftur byggðist það þó, og bjó þar Jón Magnússon, sá er [síðar byggði upp] í Hörgsdal [1825]. Byggð hans stóð allmörg ár fyrir og eftir 1820, en ekki er vitað að aðrir hafi þar búið á síðari löndum." LÞ, 247 Helgi Hallgrímsson hefur talið að tóftir hins síðasta býlis hafi verið sléttaðar undir nýja túnið á Litlu-Gautlandagrund. Helgi vitnar einnig í Jón Sigurgeirsson: "Garðar fornir og útihúsatættur sjást þar greinilega, auk hinna yngri bæjarhúsatótta, sem er aflöng tóft, þrískipt, rétt við gömlu reiðgötum." Söguminjaskrá, 49.

Á tunganum sjálfum norðan við tóftirnar gætu einnig verið tóftir en það var ekki athugað vegna óveðurs.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Gautlönd, 1142; JÁM XI, 224; LÞ, 247; Söguminjaskrá, 49

SP-194:012 túngarður

65°33.047 N 17°08.073 V

"Áður var túnið girt með garði, Túngarði. Suðvesturhorn hans stendur enn." segir í örnefnalýsingu. Garðurinn stendur enn við suðvesturhorn túnsins. Lengst í austur nær hann að Suðurhliði, en það er beint suður af bænum og núverandi íbúðarhúsi. Við suðurhlið er horn á garðinum og virðist sem hlaðin tröð hafi verið þar heim að bænum. Austan við hliðið hefur garðurinn verið jafnaður alveg út en samkvæmt túnakorti frá 1919 náði hann um 110 m lengra í austur. Frá Suðurhlið liggur garðurinn í breiðum boga yfir austurenda Kvíholts yfir í Nóndal og eru um 140 frá hliðinu að allkrappri beygju á garðinum til norðurs, niðri í dalnum skammt ofan við Lindina. 60 m frá þeim stað endar garðurinn til norðurs gegt því sem Lindin/Bæjarlækurinn byrjar að renna í austur. Það er skammt sunnan við Dallækinn og er ekki að sjá að garðurinn hafi náð lengra til norðurs á þessum slóðum og kemur það heim við túnakortið. Á því er einnig sýndur garður vestan við nyrsta hluta túnsins, s.k. Húsatún, norðan við þar sem Dallækur byrjar að renna um túnið. Þar hefur verið um 200 m langur garður í breiðum boga.

Garðurinn er víðast 1-1,3 m hár að utan, 5,6 umför af góðu hleðslugrjóti. Að innan er garðurinn mun lægri, 0,1-0,5 m. Nyrst lækkar garðurinn smátt og smátt að utan og sést hvergi í grjót síðustu 30 metrana. Á túngarðinum voru amk. tvö hlið: "Lindarhlið er á túngarði við suðvesturhorn (?), er upp af Lindinni Suðurhlið er á túngirðingu nærri beint suður af bæ." Ö-Gautlönd, 1141. Austurendi: 65°33.012 N 17°07.936 V. SV-horn: 65°33.047 N 17°08.073 V. Norðurendi: 65°33.080 N 17°08.099 V.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Ö-Gautlönd, 1140

SP-194:013 Braut

65°33.160 N 17°07.407 V

"Frá túninu austur að Gautlandalæk er allgamall upphleyptur vegur, sem nefndur er Braut." segir í örnefnalýsingu. Heimreiðin er enn um Braut og liggur á nákvæmlega sama stað frá bæ og austur að brú en á brúarstæðinu var áður göngubrú. Um tún að ofan og vestan en engjar að neðan og austan.

Brúin sem nú er á Gautlandalæk er úr tré og hvílir sennilega á sömu undirstöðum og göngubrúin en þær hleðslur eru nú að mestu hrundar. Brúin er járnbitabrá, byggð 1956 - Ö-Gautlönd, 1141. Hnit var tekið á brúnni.

Heimild: Ö-Gautlönd, 1140

SB-194:014 Taðhóll

65°33.148 N 17°07.784 V

"Gauthús er gamalt fjárhús norður af Taðhól Taðhóll er suður af Gauthúsi [006] vestur af Nýhúsum [005], þar var þurrkað og borið saman tað." Taðhóll er 20-30 m sunnan við Gauthús, beint austur af núverandi íbúðarhúsi.

Á þessum stað var tað úr útihúsum á Gauti öndum þurrkað. Hóllinn er varla nema ávöl bunga í túninu og var nafn hans ekki notað í daglegu tali. Taðhlaðinn var oft 10-20 m á lengd, 3-4 m á breidd og tvískiptur, tæp mannhæð upp á hann.

Heimild: Ö-Gautlönd, 1140

SB-194:015 Fjóshóll

65°33.167 N 17°07.915 V

"Fjóshóll er gamalt nafn á hólnum, þar sem stendur fjós Jóns G. Péturssonar." segir í örnefnalýsingu. Hóllinn er um 50 m NA við núverandi íbúðarhús, milli 007 og 006. Í túni, nú hlað og byggingar. Fjós Jóns G. Péturssonar var byggt 1947 og sést steptur grunnur þess enn. Áður voru á hólnum votheysgryfjur og er ekki vitað til að fjós hafi áður staðið á hólnum, né hefur nafnið verið notað. Fjósið var áður inni í bænum. Hóllinn er sýnilega sundurgrafinn af votheysgryfjum og fjósgrunninum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Ö-Gautlönd, 1140

SB-194:016 Stekkjarnes

65°33.098 N 17°08.075 V

"Vestur af Hesthúsunum sunnan við Dallæk heitir Stekkjarnes." segir í örnefnalýsingu. Eini staðurinn em kemur heim við þessa lýsingu er austast á Dal, en þar er 15-20 m breið tunga milli Dallækjar og Bæjarlækjar og gæti stekkur hafa verið þar, bæði austast á sléttlendi niður við Dallæk eða ofar þar sem er svolítill hóll í kargabyfi og fjalldrapa. Í breiðu lækjargili rétt utan við tún.

Heimild: Ö-Gautlönd, 1141

SB-194:017 Helluvaðsgötur

"Norður og vestur af Húsatúni heitir Vallmór, er nú í nýrækt norður yfir Vallmó lágu Helluvaðsgötur norður að Vatnshorni." segir í örnefnalýsingu. Götur þessar eru nú komnar undir tún langleiðina að Arnarvatni en þær eru greinilegar ofan við Litlu-Gautland og liggja þar á túngarðinum sbr. 011.

Heimild: Ö-Gautlönd, 1141

SB-194:018 Nes - áveita

65°33.248 N 17°07.632 V

"Út og niður frá túninu heitir Nes, þar eru gömul áveituhólf ... " segir í örnefnalýsingu. Áveitugarðar sjást enn á stóru svæði austan við bæinn og norðan við heimreið (sbr. 013). Sunnan við hana hefur verið ræst fram og ræktað undir tún en þar voru áður flæðiengjar. Flæðiengjamar náðu því frá Arnarvatnsenda í norðri, og alla leið suður fyrir bæinn á móts við Gautlandarétt. Mýrlendi í grunnnum en breiðum dal. Á veitugarðarnir voru hlaðnir í tíð Péturs Jónssonar (bjó 1889-1918) og Jóns Péturssonar.

Heimild: Ö-Gautlönd, 1141

SB-194:019 Kerrugötur

"Kerrugötur lágu frá Gautlöndum norður að Steinbogalæk, rutt og sléttað 1930." segir í örnefnalýsingu. Þessar götur sjást mest alla leiðina en eru sérlega skýrar í Helluvaðslandi og sjást vel á loftmyndum.

Helgi Hallgrímsson telur að Kerrugötur hafi verið ruddar um 1920 - Söguminjaskrá, 50 en vera má að það sé prentvilla.

Heimild: Ö-Gautlönd, 1141

SB-194:020 Aðhald - kvíar

"Norður frá túni meðfram læknum allt norður að Arnarvatni er girðingarhólf, sem heitir Aðhald." segir í örnefnalýsingu. Aðhald er gaddavírsgirðing en í henni voru kvíar á nóttunni. Þessi staður var ekki skoðaður 1996.

Heimild: Ö-Gautlönd, 1141

SB-194:021 Stórigarður


"Sunnan við [Arnarvatn] var hlaðinn flóðgarður 1880, og er hann enn við lýði, hann er nefndur Stórigarður." segir í örnefnalýsingu. Garðurinn liggur A-V og er beggja vegna við Gautandalæk. Þessi staður var ekki skoðaður 1996

Heimild: Ö-Gautlönd, 1142

SB-194:022 Marðargötur

"... um það [Marðarvað - SB-193:020] liggja svo götur austan af bænum í Gautlönd, þeir á Arnarvatni nefna þær Marðargötur." Þessar götur munu liggja frá vaðinu til suðvesturs og sameinast Helluvaðsgötum (017) skammt sunnan við merkin við Helluvað. Þær eru ekki greinilegar en á þessum slóðum er allt á kafi í kjarri.

Heimild: Ö-Gautlönd, 1142



SB-194:023 hesthús 65°33.362 N 17°10.059 V


"Hesthús í Dal. Hesthús þetta er efst í dalnum að norðanverðu, var skjól fyrir útigönguhesta byggt 1920." segir í örnefnalýsingu. Efst í dalnum, um það bil sem hlíðar hans fjara út er hesthústóft. Á þessum stað rennur lækurinn í stórum sveig til suðurs og er tóftin syðst á þeim sveig, fast norðan við lækinn. Á breiðu nesi, deiglendu en þó vaxið valllendisgróðri eins og er í dalsbotninum víðast. Í hlíðunum er kvistgróður og einnig upp á holtunum en sumstaðar er þar blásið.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Ö-Gautlönd, 1142

SB-194:024 kálgarður

65°33.110 N 17°08.293 V



"Stutt upp af Dalhorni er að norðanverðu í dalnum Kálgarður." segir í örnefnalýsingu. Garðurinn er norðanmeginn í Dal, beint vestur af íbúðarhúsi á Gautlöndurn II og eru um 250 m á milli.

Garðurinn er í allbrattri brekku mót suðri. Fyrir neðan er valllendi með stöku þúfnakröfum og fjalldrapaþyrpingum en fyrir ofan er holtið blásið. Einföld hleðsla, að mestu úr grjóti en torfi gæti hafa verið hlaðið innanmeð. Norðurhlið garðsins er alveg blásin burt en annars er gróið inni í honum.

Hættumat: hætta vegna rofs

Heimild: Ö-Gautlönd, 1142

SP-194:025 Akureyrargötur

"Í brekku norðvestur af bæ vestur af Gamla túni er Neðra-Steinholt. ... vestan við Neðra-Steinholt, liggja Akureyrargötur." segir í örnefnalýsingu. Göturnar sjást nú ekki lengur þar sem bíslóði hefur verið ruddur þar sem þær voru. Framhald þessara gatna í Helluvaðslandi er SP- 192:055 en af þeim var hægt að beygja yfir áArndísarstaðaveg SP-192:028 eða fara hvort heldur sem er austtan eða vestan Kæfumýrar að suðurenda Mátvatns og þaðan ofaní Reykjadal.

Heimild: Ö-Gautlönd, 1142

SP-194:026 Bárðardalsgötur

"Suðurhlið [á túngirðingunni] ... frá því liggja svo Bárðagötur, sem liggja yfir Nónal suðvestur að Sandfelli og Sandvatni." segir í örnefnalýsingu. Bíslóði liggur nú á svipuðum slóðum og götur þessar. Bárðardalsgötur voru jafnframt selgötur að Sandvatnsseli. Alllangt fyrir norðan selið klofna Bárðardalsgötur ytri eða Dýnuvegur 039 frá þessum og liggja norður fyrir Brúsatjörn í Dýnu.

Heimild: Ö-Gautlönd, 1142-43

SP-194:027 Bjarnastaðagötur

"... frá þessu hliði [037] liggja einnig Bjarnastaðagötur, liggja suður yfir Kvíholtið." segir í örnefnalýsingu. Bílfær slóði er nú þar sem göturnar voru.

Heimild: Ö-Gautlönd, 1143


SP-194:028 kvíar 65°32.959 N 17°07.890 V

"En Kvíholt er suður af túngarði. Þar stóðu Kvíar, lagðar niður um aldamótin 1900. Og austan undir Kvíholti, við Suðurhliði var Kvíaból" Túngarðsveggurinn endar nú til austurs þar sem Suðurhliðið var, um 20 m neðan og asutan við nýtt íbúðrhús syðst í túninu. Yngri hliðstólpar eru um 40 m sunnar. Um miðja vegu þrá milli og um 15 m ofar (vestar) í brekkunni er tóft sem sennilega er kvíatóft.

Tóftin er skammt utan túns og er vallendisgróður næst henni en á holtinu sjálfu fyrir ofan hana er gróið þurrlendi en ekki gróskumikið. Frá vesturgalli tóftarinnar gengur mjög útflattur garður nokkra metra til vesturs, 10-15 m sunnan við túngarðinn.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Ö-Gautlönd, 1143

**SP-194:029 Hádegisvarða** 65°32.957 N 17°07.885 V


"... á [Kvíholti] stóð Hádegisvarða." segir í örnefnalýsingu. Varðan mun hafa staðið beint suður af bænum á austanverðu Kvíholti en nú sér hvergi til hennar þar.

Heimild: Ö-Gautlönd, 1143

SP-194:030 Geitakofi 65°33.021 N 17°08.116 V

"Nónalur liggur suður frá Lind og allt að Strandarþúfu Í Nónal stóð Geitakofi." segir í örnefnalýsingu. Kofinn er 40 m sunnan við SV-horn túngarðsins, vetanmegin í Nónal. Fast sunnan við kofatóftina er ferhyrnd girðing, 21x12 m að utan og snýr hún N-S.

Í þröngu en djúpu dalverpi skammt utan túns. Þar er blandað



valllendi og kvistlendi en holtin ofan við eru blásin. Geitakofatóftin er sýnileg ekki gömul, en gerðið er hinsvegar orðið mun ógreinilegra og verður ekki séð hvar gengið var inn í það. Húsmennskukona mun hafa haft þarna geitur á fyrri hluta aldarinnar. Nú er í tóftinni bú barna.

Hættumat: engin hætta
Heimild: Ö-Gautlönd, 1143

SB-194:031 Tíðavað

65°33.272 N 17°07.397 V

"... Tíðavað er aðalvaðið á Gautlandalæk niður að Messuholti." segir í örnefnalýsingu. Vaðið er um 150 m norðan við brúna á Gautlandalæk sbr. 013. Að því er greinilegur bíslóði að austan og skorið úr bakkanum þeim megin. Að vestan er upphlaðinn vegur frá vaðinu með vesturbakka lækjarins að heimreiðinni (013). Austan við vaðið liggja Miðgötur (sbr. SB-196) beint til austurs upp á ásin en Messugötur liggja til suðurs undir ásum áður en þær beygja upp á hann.


Heimild: Ö-Gautlönd, 1147

SB-194:032 Brautarvað

65°32.967 N 17°07.144 V

"Austur úr Torfunesi austur í Réttarmýrina var vað, sem heitir Brautarvað." segir í örnefnalýsingu. Vað, sem enn er notað af stórgripum, er fyrir miðju nesinu eða heldur norðar, um 20 m sunnar en lækurinn fer að renna til vesturs. Austan lækjarins er sléttað tún og sér ekki til Brautarinnar vestan frá. Brautin var upphlaðinn vegur sem lá milli Gautlanda og Litlustrandar. Vaðið er á ská yfir lækinn, um 5-6 m breitt og er mól í botninum. Í raun er allvíðast auðvelt að komast yfir Gautlandalæk. Bakkarnir eru hinsvegar víða allbrattir svo önugeti gæti verið að komast upp á þá eða niður af þeim á hestum. Botninn er einnig misgóður - sumstaðar virðist vera mikil leðja.

Heimild: Ö-Gautlönd, 1143



SB-194:033 Kofalaut - geitakofi 65°32.665 N 17°07.617 V

"... þar næst sunnar er Kofamýri; frá Kofamýri yzt liggur Kofalaut vestur á Nónal. ... En ofan við Kofamýri, suðvestur af Sverði er geitakofabrot, nefnt Kofabrot." segir í örnefnalýsingu og ennfremur: "Suðvestur af Svarðargröfum [035] er Geitakofabrot." Tóftin er VSV af Sverði (035) og Kotavaði (034), beint í suður frá íbúðarhúsi á Gautlönðum II, um 200 m vestan við Gautlandalæk.

Í þýfðum grasmóa, en fyrir neðan er mýri og sunnan og ofan við er kvistlendi. Tóftin er á um 1,5 m háum rústahól og eru ofaní honum tær dældir en veggurinn milli þeirra er óvenju þykkur.

Hættumat: engin hætta
Heimild: Ö-Gautlönd, 1143

SB-194:034 Kotavað

65°32.740 N 17°07.322 V

"Kotavað er svo á læknum vestur af eyðibýlinu Þorláksskoti." segir í örnefnalýsingu. Beint austur af Sverði (035) er bugða á læknum og í henni myndar hann alldjúpa tjörn en rétt ofan við hana er vaðið. Það er um 4 m og smágrýtt í botninn. Þorláksskot er í Litlustrandarlandi. Að vestan eru allhár bakkar sem þó má komast auðveldlega niður og upp á nokkrum stöðum. Að austan er hinsvegar flöt tunga út að læknum.

SP-194:035 Svörður - mógrafir

65°32.755 N 17°07.428 V

"En við Kotvaðið er Svörður sem er svarðartekjuland við lækinn." segir í örnefnalýsingu. Svarðargrafir sjást enn á um 100x50 m svæði upp frá Gautlandalæk þar sem er bugða á honum norðan við Geiflu en sunnan við Torfunes og sunnan við vírgirðingu sem er sunnan við túnin á Gautlöndum. Neðst í mýri sem liggur frá læknum til suðurs upp í brekkuna. Yngstu grafirnar eru flestar 4x4 m að stærð og víðast innan við 1 m á dýpt. Svörður var tekinn á þessum stað amk til 1935 og var sóttur hingað frá Gautlöndum, Sveinsströnd, Bjarnastöðum og Litluströnd en þó minnst frá síðast nefnda bænum.

Heimild: Ö-Gautlönd, 1143

SP-194:036 garðlag

"Girðingar eru svo gömul mannvirki, sem af marka reiti suður af Kofamýri." segir í örnefnalýsingu. Þessi mannvirki fundust ekki 1996 þrátt fyrir allnokkra leit. Gengið var um 1,5 km niður dalinn með Gautlandalæk og aftur til baka talsvert ofar. Mýrin teygir sig alllangt til suðurs og suðvesturs en austn og sunnan við hana tekur við kvistlendi með allháum víði og fjalldrapa og gætu mjög sokknar tóftir leynst þar undir. Óreynt er hvort mannvirki gætu leynst sunnar í dalnum eða við vesturmörk hans. Skepnur munu mjög lítið hafa sótt á þetta svæði til beitar.

Heimild: Ö-Gautlönd, 1143

SP-194:037 Geifluvað

65°32.675 N 17°07.185 V

"Geifluvað er á læknum og Geifla bugða á læknum." segir í örnefnalýsingu. Geifla er bugða til austurs á Gautlandalæk, skammt sunnan við Svörð (035). Þar er vað ofan við til suðurs.

Að vesan og sunnan er lág tunga að læknum en að austan hár bakki sem fer lakkandi niður að vaðinu. Vaðið sjálft er um 7 m breitt og eru stórir steinar hér og þar uppúr, þó ekki nógu þétt til að þar megi stikla.

Heimild: Ö-Gautlönd, 1143

SP-194:038 Skollavarða


"Svo er brúnir norðan skarð, sem heitir Þóreyjarskarð; gegnum það liggur Akureyrarvegir, sem lá norður í Brekkur. . . . Vestsuðvestur af Þóreyjarskarði er Skollavarða." segir í örnefnalýsingu. Þessi staður var ekki skoaður 1996.

Heimild: Ö-Gautlönd, 1144

SP-194:039 Dýnuvegur

"Vestan við Sandfell, milli þess og Jafnafells, er Dýna. Það er mýrarfláki. Dýnuvegur eða Ytri-Bárðardalsgötur eru sunnan við Dýnuholtin. En Dýnuholt eru í Dýnu og eru á merkjum á móti Stöng. Dýnuvegurinn liggur svo um Brúsatjarnardrag." segir í örnefnalýsingu. Dýnuvegur klofnar frá Bárðardalsgötum 026 alllangt fyrir norðan Sandvatnssel.

Heimild: Ö-Gautlönd, 1146-47



SD-194:040 Sandvatnssel

65°30.788 N 17°11.480 V

"Suðaustur frá Austasta-Höfða er Sel, sem stendur þar við Selvog, við hann eru merkin á móti Bjarnarstöðum. Austur af Selinu heitir Selholt." segir í örnefnalýsingu Gautlanda en í lýsingu Bjarnastaða stendur: "Vestur frá [Bjarnastöðum] bak við Hæðirnar er allstórt stöðuvatn, sem heitir Sandvatn. Við það austanvert heitir Sel, þar var áður leigð selstaða. Norður af Selinu er svo Selás, og fram af selinu er Seltangi."

Tóftirnar eru norðan við Selvog, sem skerst inn í landið austur úr norðausturhorni vatnsins. Vegarslóði liggur frá Heiði beint að Selinu. Frá seltóftinni eru um 20 m að vatnsbakkanum. Selið er í landi Heiðar, um 150 m austan við merkjagirðinguna þar sem hún kemur í vatnið. Á vatnsbakka og er í vatninu

veiddur silungur og er uppsátur við Selvoginn um 100 m suður af selinu. Landið í kring er að mestu gróið og skiptast þar á lyngmóar og mýrardrög. Til ASA er allstór mýrarfláki þar sem fífa vex og hefur mátt slá það engi.

"Þar eru miklar tættur á dálitlum hólkoli, rétt við vatnið. Virðast þær vera misgamlar.

Mest áberandi er lítil tóft með grjóttveggjum, um 2x4 m að innanmáli. Er þessi tótt í SA-horninu á miklu stærri og eldri rústum, um 6x12 m, og mótar þar fyrir 5-6 vistarverum, en þó má vera, að þær séu ekki allar af sama aldri." Söguminjaskrá, 49 Seltóftin er á háum hól sem sennilega er náttúrulegur að mestu, en vel geta eldri byggingarstig verið þar undir. Lítilsháttar rof er í tóftirnar að norðvestan.

Við það horn eru óljósar tóftir sem skiptast í tvö hólf.

Hættumat: engin

hætta

Heimildir: Ö-

Gautlönd, 1147; Ö-

Bjarnastaðir, 1161;

Söguminjaskrá, 49

SD-194:041 Stekkur

65°30.828 N 17°11.588 V

"Vestur frá Selinu [040] á

bakka Sandvatns er


Stekkur " segir í

örnefnalýsingu og er hans

einnig getið í

söguminjaskrá Helga

Hallgrímssonar: "Rétt



fyrir norðan [Selið - 040] er hringlaga tótt, um 4-5 m í þvermál (heystæði?), og þar fyrir vestan lítil, aflöng tótt, alveg vatnsbakkanum. Mun hún vera kölluð Stekkur, þótt eðlilegra væri að kvíar væru þarna við selið." 22 m NNV við Selið [040] eru tvær tóftir og mun sú vestari, sem er fast á vatnsbakkanum, hafa verið stekkurinn. Þessi staður er einnig í landi Heiðar. Á vatnsbakka. Í kringu eru lyngmóar og mýrardrög í lögðum.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Ö-Gautlönd, 114 7

SD-194:042 kuml

65°33.155 N 17°07.828 V

1855 fannst kuml þegar grafið var fyrir hlöðu við Gauthús (006) í túninu austan við Gautlandabæinn.

"Hinn 9. júní 1855 voru menn að grafa fyrir hlöðu í ávölum hól í túninu austur frá bæ á Gautlöndum. Þegar komið var um hálfa lain niður (um 95 sm), var fyrir mannsbeinagrind. Um legu hennar er aðeins sagt, að beinin lægju frá SV-NA, og á ef til vill að skilja það svo, að höfuðið hafi verið í suðvesturendanum. Finnendum virtist maðurinn hafa legið krepptur eða verið sitjandi. Undir kné honum voru bein úr hundi. Ekki er getið um grjótt í kumlinu. Þessir hlutir fundust: 86. Hnífsblað lítið. 87. Heinbrýni með gati nær öðrum enda. Af beinum hundsins barst ekki annað til safnsins en tvær tennur (Þjms. 85 og 714). Mannsbeinin voru grafin aftur í hlöðunni eða við hana. Löngu seinna fundust þau aftur og voru þá flutt á Þjóðminjasafnið (310.1947). Þau eru úr fullorðnum karlmanni." KEKH, 161. Um víg Gauts í túninu á Gautlöndum er fjallað í Hrana sögu hrings.


Heimildir: KEKH, 161 sbr.

Skýrsla um forngr.s. 1, 72- 73; II, 127; KK II, 169; Aarböger 1882, 70

SD-194:043 Gautlandasel

65°33.496 N 17°13.320 V

"Gautlandasel er gömul selstöð við Selgróf, norður á Milli Fella. Austan við Gautlandasel heitir Selhjalli, og er þar meðfram Gautu." segir í örnefnalýsingu en Helgi Hallgrímsson greinir svo frá í Söguminjaskrá sinni: "Sel við Selgróf. Við Selgróf, norðan undir Sandfelli, og skammt suðaustan við bæinn Stöng, hafa verið nokkur sel, með stuttu millibili. Má þar finna rústir af a.m.k.3-4 seljum, og við þá tölu má svo bæta við selinu, sem sagt er að hafi verið þar sem nú er Stangarbær. Landið er þarna mjög grasgefið og kjarngott, og var því eðlilega eftirsótt til sumarbeitar. ... Gautlandasel, var



... á austurbakka [Selgrófar] um 1 km neðar en Nollssel, nærri beint austur af Stangarbæ. Þar eru margar tættur og eru sumar þeirra allstórar. Stærsta rústin er um 1 5x 16(17) m að flatarmáli, en í einu horni hennar er því líkast að hafi verið rétt. Rústirnar eru grónar töðugresi en grjót sést á nokkrum stöðum í veggjum. Auk réttarinnar, sem er langstærsta hólfið (um 10x8 m) mótar þarna fyrir um 5-6 vistarverum, og er ein þeirra sú í miðjunni að austan, langskýrust og með hærri veggjum en hinar. Virðist þar hafa verið síðar byggt en aðalhúsið. Má verað það sé síðasta selhúsið, sem þarna hafi staðið. Vitað er að þarna var haft í seli fram um aldamótin síðustu (sbr. Súlur 7. árg?). Auk þessarar aðalrústar eru þarna allnokkrar smærri rústir (alls 7-8), flestar á austurbakka lækjarins en nokkrar vestanmgin. Nokkrar þeirra eru efalaust gömul heystæði, því þarna eru miklar engjar í grendinni, en sumar eru þó öðru vísi lagaðar, og virðast fremur vera eftir fjárhús, kvíar o.þ.h. Ekki fann ég þarna nein merki um túngarð. Þarna hfur því verið mikið umleikis, hafi þarna verið aðein sel, en búseta kemur þar einnig til greina, þótt ekki fari sögum af því." Gautlandasel er um 1,5 km ASA af Stöng, á austurbakka Selgrófar, skammt ofan og sunnan við syðsta skurðinn undir Sandfelli.

Selið er neðst í aflíðandi brekkum við rætur Sandfells, að ofan (sunnan og austan) eru grasmóar og enn fjær og ofar lyngmóar, en að nðan (norðan) og vestan eru sléttar mýrar, nú að nokkru framræstar sem áður hafa verið engjar. Mjög þýft er kringum rústirnar og gætu þar víða leynst tóftir en engar eru greinilegar. 20 m austan við stærri tóftirnar er lítil lind með ísköldu uppsprettuvatni.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Gautlönd, 1146; Söguminjaskrá, 49-50

SD-194:044 Bæjarlækur

Bæjarlækurinn á Gautlöndum er manngerður. Hann er tekinn úr Dallæk um 50 m vestan við Dalkjaftinn, en þar er fyrirhleðsla út í lækinn og renna meðfram suðurhlið Dalsins en Dallækurinn er í norðurhlið hans. Við Dalsmynnið sameinast Lindin, sem kemur úr Nóndal, Bæjarlæknum en hún hefur áður runnið beint í norður út í Dallæk. Þess í stað er hvorttveggja, Bæjarlækurinn og Lindin leitt í mjóum skurði eða rennu um túnið heim undir suðurhlið bæjarins en beygir þar til suðurs og svo í krókum út í Gautlandalæk sbr. Túnakort frá 1919.

Heimild: Túnakort 1919



SD-194:045 tóft 65°33.306 N 17°09.735 V


Stök tóft er í Dal að norðanverðu, um 300 m austan við hesthústóft 023. Á þessum stað er sléttlendi milli brekkuróta og lækjar um 40 m breitt og vaxið valllendisgróðri. Tóftin er miðja vega milli lækjar og brekkuróta. Í grunnum dal með valllendisgróðri í botninn.

Hættumat: engin hætta

SP-194:046 2 tóftir 65°33.267 N 17°09.599 V

Um 30 m austan við tóftina 045 eru tvær samhliða tóftir á lækjarkakkanum norðanmegin í Dal. Á sléttlendinu í kring er vallendisgróður en kvistlendi í brekkunum og á holtunum fyrir ofan beggja vegna. Tóftirnar eru nokkuð aflagaðar en hleðslur standa samt hátt og eru víða ósignar mð öllu.

Hættumat: engin hætta




SP-194:047 Nesið tóftir + garður 65°33.123 N 17°08.641 V

Allmiklar tóftir eru um 300 m beint vestur af íbúðarhúsi á Gautlöndum II, norðanmegin á Dal, rétt eftir að lækurinn fer að stefna í há-austur eftir að hafa runnið í ASA. Tóftirnar eru á breiðum vallendismóa milli brekkuróta og lækjar og er nálega allt sléttlendi á því svæði innan við girðinguna. Strax austan við girðinguna tekur við svæði vaxið þéttum fjalldrapa en vestan við dregst dalurinn nær því alveg saman en opnast svo aftur til VNV.

Grjót sést sumsstaðar í hleðslum en víðast eru þær vallgrónar og sokknar. Austasta tóftin standur hæst og hefur sýnilega verið notuð síðast. Suður undan henni gengur lágur grjóthlaðinn garður í boga til vesturs. Staðurinn er kallaður Nesið' en lýsing örnefnaskrár á 'Stekkjarnesi' getur ómögulega átt við þennan stað. Heimildamaður hefur ekki heyrt hvaða hlutverki þessi mannvirki eiga að hafa gegnt en telur sennilegast að þar hafi verið stekkur. Austasta tóftin, sú sem unlegust er, getur lögunar sinnar vegna hafa verið stekkur en í heild minnir svæðið á Náthaga í Bjarnastaðalandi SP-194c:009. Á sumrin munu skepnur haldast mjög illa í Dal fyrir vargi og munu bæði kýr og hestar hafa leitað upp úr honum að vestan en þar blæs meira.

Hættumat: engin hætta



SP-194:048 garðlag

65°32.813 N 17°08.076 V

Garðlag er í austanverðum Nónal, þar sem Kofalaut (sbr. 033) myndar breitt en grunnt skarð í austurhlíðar dalsins. Ekki sést til bæjar frá þessum stað. Í grunnum og mjóum dal eð

lækjargili. Dalbotninn og hlíðarnar eru gróin - nær algerlega af fjalldrapa, en hefur áður verið va111endi. Garðurinn er hlaðinn fyrir svolítið vik í dalhlíðinni og er erfitt að sjá hvaða hlutverki hann hefur gegnt.

Hættumat: engin hætta

SD-194:049 skipsuppsátur


65°30.767 N 17°11.393 V

"Við merkin er svo norðar [en 040] Selvogur, þar var bátauppsátur." Selvogur er sunnan við Selið 040. Vogurinn er mjó en löng vík austur úr Sandvatni. Vatnsbakkinn er allbrattur fyrir botni vogsins en þar er hann breiðastur. Utar þrengist hann af flötum grasbökkum og eru bátsflök báðum megin. Að norðan liggur slóði niður á flötina og þar hefur vatnsbakkinn verið stunginn niður á tveimur stöðum og eru þar 2-3 m löng vik inn í bakkann til að setja báta á flot. Bátarnir hafa síðan verið settir upp á flötinni í skjóli undir smábrekku.

Heimild: Ö-Bjarnastaðir, 1164

SD-194:050 Hólssel

65°33.368 N 17°13.007 V



"Við Stangargötur eru svo tættur, sem heita Hólssel, eru suðvestur af Gautlandaseli." segir í örnefnalýsingu. Helgi Hallgrímsson lýsir einnig þessum tóftum: "Um 0,5 km SA frá Gautlandaseli eru einhverjar tættur á mólendisholti, við dálítinn vatnspoll (lind)." Stór tóft er uppi á allháum og breiðum hól um 500 m SA við Gautlandasel, fast sunnan við Stangargötur. Á hólnum fast sunnan við tóftina er lind sem myndar litla tjörn. Á breiðum hól í víðáttumiklum lyngmóa. Helgi Hallgrímsson telur í Söguminjaskrá sinni að nafnið Hólssel eigi við um þær rústir sem hér skráðar sem Nollssel. Hættumat: engin hætta Heimildir: Ö-Gautlönd, 1144; Söguminjaskrá, 49

SB-194:051 Nollssel 65°33.247N 17°13.299V

"Eru þar tættur á lágum hól í grösugri hallamýri (Lindarmýri) með lindum, en smálækir renna fr' aþeim, og er selið á bakka eins þeirra. Selrústin er um 10 m á lengd og um 5 m á breidd í annan endann en 3 m í hinn, og virðist húsið hafa verið þrískipt. Til hliðar eru íogreinilegar tættur, etv. réttir." segir Helgi Hallgrímsson í Söguminjaskrá. Nollssel er á vesturbakka Selgrófar, um 40 m frá brúninni (á vestari og grynri farvegi), um 800 m sunnan við Gautlandasel. Hundapúfur á tóftinni sjást langt að en hún er á lágum hól í aflíðandi hlíðinni. Tóftin er í tungu milli Selgrófar og smálækjar sem rennur samhliða henni að vestan og í hana skammt norðan við) og austan við grófina. Tóftin er byrjuð að sökkva í mýri og hafi aðrar tóftir verið í kring þá eru þær alveg


sokknar. Helgi Hallgrímsson hefur talið að þessi staður væri Hólssel en að Nollssel væri á austurbakka Selgrófar en þar er engar tóftir að sjá sbr. þó 052.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Söguminjaskrá, 49

**SB-194:052** heystæði

65°33.241 N 17°13.166 V



2 tóftir eru á tungunni þar sem Selgrófin klofnar í tvennt, og er vestari grófin milli þessara tófta og Nollssels 051 en sú eystri er austan við tóftir þessar og er lækurinn í henni vatnsmeiri. 65 m eru á milli tóftanna. Nollssel er aðeins norðar en á móts við syðri tóftina.

Tungan sem tóftirnar eru á er gróskulítill lyngmói og sker sig frá votlendinu vestan við og gróskumeiri lyngmóum austan við. Votlent er í grófunum itt hvoru megin við tunguna.

Ekki er ómögulegt að tóftir þessar hafi tilheyrt Nollsseli en örskammt er á milli þess og syðra heystæðisins. Helgi Hallgrímsson telur í Söguminjaskrá, 49 að Nollssel hafi verið austan við Selgróf heldur sunnar en á móts við Nollssel en hafði þó ekki skoðað þar sjálfur en heyrt að þar væru miklar tættur. Engar tóftir fundist austan við Selgróf sunnan við Nollssel þrátt fyrir talsverða leit og er sennilegt að tóftir þær sem Helgi hafði heyrt um séu þessi heystæði. Mögulegt er að tungan se mheystæðin eru á hafi áður verið blásin og að hún og tóftirnar hafi gróið á ný.

Hættumat: engin hætta

SB-194:053 Stangargötur

"Stangargötur liggja vestur alllangt sunnan við Dal. Við Stangargötur eru svo tættur, sem heita Hólssel, eru suðvestur af Gautlandasli ... " segir í örnefnalýsingu. Stangargötur liggja milli Stangar og Gautlanda. Þær eru

í sveig suður fyrir Gautu, mýrina austan við Stöng, yfir norðurenda Sandfells og að Gautlöndum sunnan við Dal. Næst Stöng eru göturnar komnar undir tún en frá Gautlandaseli 043 eru þær

mjög greinilegar og stefna þaðan í SA og liggja um 10 m norðan við Hólssel 050.

SD-194:054 Tryggvakofabrot

"Yzt á Stórvíðmm heitir Tryggvakofabrot; það er tóft eftir smalakofa Sigtryggs Þorsteinssonar frá 1883." segir í örnefnalýsingu. Þessi staður var ekki skoðaður 1996.

Heimild: Ö-Gautlönd, 1145

SD-194:055 Strjúgsvarða

"Suður af Efrahorninu í Dal er Tunnugróf; hún kemur upp norður af Bárðardalshólum, og við Stangargötur er Strjúgsvarða hjá Tunnugróf." segir í örnefnalýsingu. Þessi staður var ekki skoðaður 1996.

Heimild: Ö-Gautlönd, 1145

SD-194:056 Stekkjargróf

"Stekkjargróf kemur úr Þverlækjarmýri í Bjarnarstaðaheiði ... " Í Stekkjargróf, skammt norðan við Bjarnastaðamerki, er djúpur skorningur sem notaður var sem aðhald til að stúa lömbum frá ám. Ekki mun vera um mannvirki að ræða, heldur náttúrulegt aðhald. Staðurinn var ekki skoðaður 1996

Heimild: Ö-Gautlönd, 1146

SD-194:057 Mývatnsgötur ytri

"Vestur af Leirtjörn við Dýnu er Mývatnshóll. En hjá honum og vestur í Dýnu, yfir Leirtjarnardragið liggja Mývatnsgötur ytri." segir í örnefnalýsingu. Ekki er ljóst af þessari lýsingu hvort þessar götur halda áfram til austurs beint yfir Sadfell eða hvort þær sameinast Dýnuvegi 039 austan við Leirtjarnardragið.

Heimild: Ö-Gautlönd, 1146

SD-194:058 Sveinsstrandavað

65°32.962 N 17°07.233 V

"Lindarmýri heitir norður frá Tíðavaði að austan milli lækjar og Fálkamós. Vað er á læknum þar sem Torfunesskurðurinn kemur í Gautlandalæk, þetta vað heitir Sveinsstrandarvað." segir í örnefnalýsingu. Skurður kemur í Gautlandalæk norðan við Torfunesið eða nyrst í því og þar er vað sem skepnur nota enn, 15-20 m sunnar. Þar er lækurinn um 5 m breiður og möl í botninum þannig að vel má vaða. Nokkrum metrum sunnar er annar skurður minni. Þetta vað hefur sennilega verið notað jöfnum höndum með Brautarvaði sem er aðeins spölkorni ofar með læknum og hafa bæði vöðin verið notuð þegar farið var í Sveinsströnd og Litluströnd.

Heimild: Ö-Gautlönd, 1148

SD-194:059 Flag

"Flag er nafn á suðvesturhorni gamla túnsins, það er plógflag frá 1857." segir í örnefnalýsingu. Flag er sunnan og vestan við Hólshús 002 innan túngarðs 012. Í túni, nú sléttað með vélum.

Heimild: Ö-Gautlönd, 1140

SD-194:060 Jónatansheystæði

65°34.075 N 17°13.086 V

"Suður af Grófarás er svo stakt holt, sem heitir Hrossholt, og suðvestur af því er í Gautu heystæði sem heitir Jónatansheystæði." segir í örnefnalýsingu. Tvö heystæði eru greinileg um 150 m austan við hliðið á Stangarvegi og er það sem er sunnan við veginn og heldur austar en hitt talið vera sama og Jónatansheystæði en það hefur ekki fengist staðfest. Heystæði þetta er um 30 m

sunnan við veginn að Stöng, litlu austar en gegnt 061. Á móaholti eða smáhæð sem skagar úti Gautu að norðan. Heystæðið snýr N-S, það er allhótt að utan, 1-1,3 m hátt en er eins og pallur að innan en ekki tóft, og hækkar mjög til suðurs.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Ö-Gautlönd, 1144

SD-194:061 Flataheystæði

65°34.133 N 17°13.212 V

"Suður af Austurgrófarbotni er í mýrinni svonefnt Flataheystæði." segir í örnefnalýsingu. Tvö heystæði eru greinileg um 150 m austan við hliðið á Stangarvegi og er það sem er norðan við veginn og heldur vestar en hitt er hér talið vera sama og Flataheystæði en það hefur ekki fengist staðfest. Heystæði þetta er um 45 m norðan við veginn að Stöng, litlu vestar en gegnt 060.

Heystæðið er á móaholti eða smáhæð um 100 m frá Gautu. Heystæðið snýr N-S og eru veggir um 1 m þykkir.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Ö-Gautlönd, 1144

SD-194:062 garðlag


"Strandarþúfur eru tvær. Syðri-Strandarþúfa er suðaustur [af] Ytri-Strandarþúfu, gamall garður er á milli þeirra. Nónaldsbotninn er norður af þúfunum, nokkuð vestur af Bjarnastaðagötum." segir í örnefnalýsingu. Þessi staður var ekki skoðaður 1996.

Heimild: Ö-Gautlönd, 1145

SD-194:063 Stóraásaðhald

"Í Nónlágum [sunnarlega með Sandvatni að vestanverðu] heitir Stóraásaðhald byggt 1919, sundurdráttur Mývetninga og Bárðdælinga. „ segir í örnefnalýsingu. Þessi staður var ekki skoðaður 1996

Heimild: Ö-Gautlönd, 1145




Kort 8. Fornleifakort. Stöng

SP-194b Stöng

Stöng er nýbýli byggt úr landi Gautlanda á 19. öld og er fyrst vitað um byggð þar 1857. Deildar meiningar eru um hvort nýbýlið var reist á gamalli selstöðu eða eyðibýli en ljóst er að þar hafa verið eldri mannvirki sbr. 019. Stöng virðist fljótlega hafa orðið sjálfstætt býli og fylgir því land vestan við Sandfell, Selgróf, Gautu og Viðagróf, norðan við Dýnuholt en vestan við Föxugróf Jörðinni var skipt 1925 í Stöng I og Stöng II. Um 1960 stofnað býlið Heiðmörk og rekið þar félagsbú með Stöng II. 1974 var búskp hætt á Stöng I og er landið nú nytjað af félagsbúinu Heiðmörk og Stöng II.

1919: 3,2 ha. 8/10 slétt. Syðri hluti gamla túnsins var sléttaður með jarðýtu á árunum 1948-52 en í öðrum hlutum voru beðasléttur. Þær hafa síðan verið plægðar. Túnið var smástækkað á árunum 1947-55, oftast lítið meir en 1 ha ári, en eftir það varð gerbylting með tilkomu jarðýtu frá Ræktunarsambandi Norðurlands og eru miklar nýræktir nú sunnan og norðan við bæinn. Miklar engjar eru í Stangarlandi og voru þær síðast slegnar 1963. Bærinn er í um 320 m.y.s.

Heimildamaður: Ásmundur Kristinsson f á Stöng 13.12.1938



Kort 9. Fornleifakort. Stöng - bæjarstæði

SP-194b:001 bæjarhóll

65°33.741 N 17°14.369 V

Gamli bærinn var heldur austn og sunnan við íbúðarhús frá 1929 en það var byggt að hluta ofaní torfbæinn. Hann snéri dyrum í austur. Öskuhaugurinn var framan við hlaðvarpann, sérstakur

hóll. Bærinn stendur á breiðum og ávölum hól sem hefur mikið verið sléttaður. Bæjarhóllinn hefur tæplega verið þykur og er sennilega að mestu sundurgrafinn af steypubyggingum. Sjá einnig 019.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1919

SB-194b:002 heimild um smiðju

65°33.719 N 17°14.304 V

Smiðja stóð um 20 m austan við bæinn, neðar í túninu, fast vestan við bæjarlækinn, 10-15 m norðan við heimreiðina. Sléttað var yfir smiðjutóftina á árunum 1948-52.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1919

SB-194b:003 Hesthúsholt heimild um hesthús

65°33.689 N 17°14.300 V

"Niður af túni til suðausturs er Hesthúsholt. Hesthús er ekki þar lengur; búið að slétta allt og gera tún." Hesthúsið var um 40 m sunnan við smiðjuna 002, um 15 m austan við slóða sem liggur suður um túnin. Á þessum stað er allbreið mishæð í túninu og lægð ofaní hana.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Stöng, 3

SB-194b:004 heimild um rétt

65°33.657 N 17°14.273 V

Rétt, mögulega í gamallai hústóft, var um 35 m SA af hesthúsinu 003, beint austur af túngarðinum em enn sést, í sömu stefnu og hann, um 30 m austan við slóðann suður á túnin þar sem túngarðurinn hættir að sjást. Sléttað á árunum 1948-52.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1919

SB-194b:005 heimild um hesthús

65°33.692 N 17°14.385 V

Hesthús var um 5 m innan við túngarðinn sem enn sést móta fyrir í tíuninu, beint suður af bænum. Sléttað á árunum 1948-52.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1919

SB-194b:006 heimild um fjárhús

65°33.725 N 17°14.451 V

Vestan við núverandi íbúðarhús er hlaða og vestan við hana er fjós að sunnan og fjárhús að norðan, allt sambyggt. Eldri fjárhúsin stóðu á sama stað og þau sem nú eru. Byggingar og hlað, áður tún. Fjárhúsin sem nú standa eru að mestu úr timbri, en hluti noðurveggjar er úr torfi og má vera að hann sé leifar af eldra húsi.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1919

SB-194b:007 Kirkjubúfur

65°33.814 N 17°14.264 V

"út og niður frá bænum [Stöng] voru Kirkjubúfur Þúfurnar eru ekki allar komnar undir tún." segir í örnfnalýsingu. Kirkjubúfur eru þúfnakragi, um 15 m í þvermál, um 200 m beint norður af bænum, rétt utan við túngarð en um 50 m austan við skurð með læk sem kemur að sunnan, vestan við bæinn.

Rétt utan túns, áður í mýrarjaðri, nú framræst. Skurður er fast norðan við og gæti eitthvaða af þúfunum hafa skemmst við gerð hans. Í þúfunum eru 4 steinar og er hæðapunktur

í þeim stærsta og nyrsta. Enga tóftalögun er að sjá á þúfum þessum. Ekkert er vitað um ástæður þessarar nafngiftar en nafnið er gamalt, amk. eldra en frá 1901. Í þúfunum eru víða rof vegna beitar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Ö-Stöng, 2

SP-194b:008 Kvíaból

65°33.654 N 17°14.344 V

"Sunnan við gamla túnið var Kvíaból, nú komið undir nýrækt. Síðast voru mjaltaðar ær á Kvíabóli 1890 eða um það bil." segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað hvar nákvæmlega kvíarnar voru en sunnan við túngarðinn eru nú víðáttumikil rennslétt tún.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Ö-Stöng, 2

SP-194b:009 Grænaheystæði

65°34.035 N 17°13.430 V

"Norðaustur af bænum [Stöng] er geysimikill mýrarfeldur, sem heitir Stangarmýri. Í Stangamýri er Grænaheystæði, sem enn sést." segir í örnefnalýsingu. Í lýsingu Gautlanda er einnig þetta: "Norðan við Stangarveg er svo á merkjum Grænaheystæði, öðru nafni heitir þetta Gamlaheystæði."

Heystæðið er á lágu móaholti í mýrinni, um 5 m norðan við veginn heim að Stöng og er rimlahlið á veginum beint sunnan við heystæðið. Á móaholti í mýrjarðri. Heystæðið er hlaupið í þúfur og verður stærð þess ekki greind.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Stöng, 2; Ö-Gautlönd, 1144

SP-194b:010 heystæði

65°33.064 N 17°16.025 V

"Suður af Bænum heitir Bæjarás, og suður af honum er Djúpalág. Vestan við Bæjarás er Víðirsund Vestan við Víðirsund er annað sund, Litliás Vestar er langur ás, sem heitir Bolapollsás ... Fyrir vestan Bolapollsás er sund, sem heitir Illasund. Í því heitir Grófarástjörn. Grófarás er vestan við Illasund. Sunnan á Grófarási er Heystæði, sem enn sést." segir í örnefnalýsingu. Heystæði það sem átt er við í örnefnalýsingu er eitt af fjórum á litlu svæði við suðurenda Grófaráss þar sem Föxugróf beygir til vesturs. Þetta heystæði er á bláenda ássins, um 40 m norðan við gilbrún Föxugrófar, sem á þessum stað rennur beint í vestur. Heystæði þeta er um 150 m norðan við 022 en 30 m ANA við 023.

Heystæðið er á syðstu brún mólendisássins og er lyngmói fyrir ofan en að neðan er valllendishvammur milli tóftarinnar og Föxugrófar. Fjær (að austan og norðvestan) eru stórir mýrarflákar en mólendishot á milli. Norðurendi tóftarinnar er óljós.



Hættumat: engin hætta

Heimild: Ö-Stöng, 4

SP-194b:011 stekkur

65°33.883 N 17°14.660 V

"Stekkjarholt er norður af bæ á takmörkum mýra og Ása. Þar var Stekkur, og sjást rústir hans vel. Sennilega var hann notaður síðast milli 1895-1900. Norðan við Stekkjarholt er Stekkjarsund." segir í örnefnalýsingu. Stekkjarholt er lágur lyngmóahólmi uppúr múrinni



um 500 m VNV við bæinn. Stekkurinn er austan undir holtinu. Undir móaholti í mýri skammt frá bæ. Allblautt sund er austan við stekkin, milli hans og túnsins sem nú er. Stekkurinn er byggður uppvið móaholtið og nær mýrin alveg upp að honum.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Ö-Stöng, 4

SÞ-194b:012 Svarðargrafir

65°33.924 N 17°14.533 V

"Neðst í Stekkjarsundi eru Svarðgrafir. Á.J.K. hefur heyrt, að svörðurinn í Svarðargryfjum hafi verið lélegur. Allar mýrar hér eru með sverði og allt niður í 15 metra dýpi samkvæmt mælingum. Þegar kemur á 3-4 metra dýpi, koma í ljós allt að 20 cm sverir trjáviðarbútar. Erfitt var að taka þarna svörð sökum mikils vatnsaga, og fylltust grafirnar fljótlega af vatni. Líklega síðast tekið 1939." segir í örnefnalýsingu. Grafirnar sjást enn vel og eru þær á um 50x50 m svæði, um 200 m NNA við stekkin 011 en um 500 m NNV af bænum, um 70 m frá N-horni á túngirðingu. Í blautri mýri.

Heimild: Ö-Stöng, 4-5

SÞ-194b:013 Skurður

65°33.891 N 17°14.505 V

"Skurður heitir neðan við Svarðgrafir. Hnan var grafin til þess að taka yfirborðsvatn og ræsa frá svarðargryfjunum. Skurðurinn er ekki aðeins neðan við, heldur líka til hliðar, og var uppgröfturinn úr honum notaður í kerruveg, svo hægt væri að koma sverðinum heim." segir í örnefnalýsingu. Lítið sést nú til skurðarins en torfbrú er yfir lækinn og lægðina beint austur af gröfunum og liggur þaðan slóði heim að bænum. Í blautri mýri

Heimild: Ö-Stöng, 5

SÞ-194b:014 Bæjarlækur

"Um túnið rennur Bæjarlækur, sem kemur syðst úr Lindarmýri, á upptök rétt við Nollssel [SÞ- 194:051] Hann er um 1500 m langur." segir í örnefnalýsingu. Bæjarlækurinn er í handgrafinni rennu. Hann sést enn í túninu beint austur af bænum en víðast hefur hann verið tekinn í rör.

Heimild: Ö-Stöng, 5

SÞ-194b:015 Svarðarskot

65°33.148 N 17°16.377 V

"Föxugróf heitir milli Stangar og Hörgdals Í Föxugrófarbotni er Svarðarskot. Þar var tekin svörður." segir í örnefnalýsingu. Föxugrófarbotn og þar með Svarðarskot er ekki við upptök Föxugrófar eins og ætla mætti, heldur vestan við suðurenda Grófaráss þar sem mýrinni vestan við hann sleppir til suðurs en þar beygir grófin til vesturs. Grafirnar eru í deiglendum móa milli suðurenda mýrarinnar og Föxugrófar.

Grafirnar sjást á allstóru svæði sem blaut flög milli þúfna og er langt komið að gróa yfir þær. Á þessum stað þótti úrvalssvörður og komu þær upp handleggjasverir lurkar. Síðast var tekinn svöður á þessum stað 1947.

Heimild: Ö-Stöng, 6

SÞ-194b:016 Reiðingshvammur

"Fyrir neðan Skolapolla [í Föxugróf] er Reiðingshvammur. Þar var rist torf og mjög víða í landinu, enda reiðingur góður. Var torfið einkum notað á þök á húsum og yfir hey, sem geymd voru úti um vetur." segir í örnefnalýsingu. Ytri Skolapollur er lækur sem myndar hyldjúpa polla og rennur í Föxugróf að austan. Þessi staður var ekki skoðaður 1996.


Heimild: Ö-Stöng, 6

SB-194b:017 heystæði

65°32.953 N 17°15.854 V

Syðstaheystæðið af fjórum (010, 017, 022 og 023) við suðurenda Grófaráss, er um 50 m sunnan við 022, beint suður af Illasundi og gegnt því sem Bolapollsás dregst saman til austurs syðst. Um 40 m eru frá tóftum þessum að brún Föxugrófar. Á þýfðum vallendisbletti við Föxugróf Neðan og sunnan við eru mýrarflákar, en milli þeirra mólendisásar. Syðri tóftin er 1 lx4 m ð utan en þar hefur verið byggt ofan í eldra heystæði. Nyrðri tóftin er 7x4 m að utan.

Hættumat: engin hætta

**SB-194b:018** Merkigarður

"Þar sem kom asama Föxugróf og Bæjargrófin í Hörgsdal, heitir Sporður, og um hana liggja merkin. Neðan við Sporð er Merkigarður." segir í örnefnalýsingu. Merkigarður er um 50 m langur og liggur til austurs frá Föxugróf Hann mun sjást best niðri við grófina. Garðurinn var hlaðinn til að sýna stefnuna á landamerkjum milli Stangar og Laugasels en það eru jafnfram hreppamerki. Þessi staður var ekki skoðaður 1996.

Heimild: Ö-Stöng, 7

SB-194b:019 girðing-álagablettur

65°33.740 N 17°14.352 V

"Í túninu er smáhóll og mjög gamlar rústir af vallargarði. Það hefir fylgt sú sögn, að hver, sem bylti þessu eða slétti, verið fyrir ógæfu." segir í örnefnalýsingu. Garður var áður í kring um hólinn, sem bærinn stendur á og sást austurhluti hans lengst, um 15 m austan við núverandi íbúðarhús, þar em nú er austurkantur blaðsins. Þar noraðn í er dálítil hóll efst í túninu sem gæti verið rústahóll. Í túni, nú undir hlaði og byggingum.

Talið er að þetta séu leifar tófta þeirra sem voru á hólnum áður en byggt var á Stöng 1857. Garðurinn hefur ekki umlukið meira en háhólinn, etv verið 100-150 m í þvermál. A:

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Ö-Stöng, 9

SB-194b:020 heimild um útihús

65°33.718 N 17°14.352 V


Ílínumilli bæjarins 001 og hesthússins 006, um 40 m sunnan við bæinn, er ferköntuð lægð í túninu, um 15x10 m að stærð og snýr A-V. Hún er mögulega tvískipt eftir endilöngu.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

SB-194b:021 túngarður

Túngarðurinn sést enn á um 100 m kafla í túninu sunnan við bæinn þó að sléttað hafi verið yfir hann þar. Einnig er allhár um 70 m langur kambur norðan við bæinn og er það uppmokstur úr skurði sem settur var ofan á túngarðinn. Túngarðurinn náði áður hringinn í kringum túnið.


Heimild: Túnakort 1919

**SB-194b:022** heystæði

65°32.993 N 17°15.829 V

Við suðurenda Illasunds, um 50 m austan við gilbrún Föxugrófar er heytóft nyrst á vallendisrima, um 50 m norðan við 017. Á brún vallendisblettar meðfram Föxugróf Fast norðan og austan við eru blautar mýrar en fjær eru mólendisholt.

Hættumat: engin hætta



SP-194b:023 heystæði

65°33.041 N 17°16.073 V

Vestasta heytóftin af fjórum (010, 017, 022 og 023) sem eru á litlu svæði við suðurenda Grófaráss er um 30 m VSV við 010, við brún Föxugrófar við beygjuna þar sem hún fer aftur að renna til norðurs eftir að hafa runnið beint í vestur spölkorn. Á vallendisrima meðfram Föxugróf, undir mólendisási. Norðar og austar eru mýrarflákar.

Hættumat: engin hætta

SP-194b:024 mógrafir

Mógrafir voru vestan við Selgróf, í Lindarmýri, um það bil sem nú er syðsti framræsluskurðurinn, gegnt Gautlandaseli SP-194:043 Þessi staður var ekki skoðaður 1996.

SP-194b:025 Vegaskarð

"Suður af Víðirsundi heita Hæðir. Yzt í þeim er Vegaskarð. Um það liggja reiðgötunar milli Hörgdals og Stangar og fleiri bæja." segir í örnefnalýsingu. Götunar eru sem næst í beinni stefnu milli Hörgsdals og Stangar. Austan við vað á Föxugróf beygja þær aðeins til suðurs, og eru þar torfvörður á stangli, meðfram Föxugróf en halda síðan áfram til austurs yfir suðurenda Grófaráss að Vegaskarði og sjást greinilega á köflum í mólendinu en alls ekki í mýrunum.

Frá Vaðinu á Föxugróf (sjá SP-193) hefur einnig legið bíslóði þar sem voru gamlar götur, beint til norðurs að Laugaseli.

Heimild: Ö-Stöng, 6

SP-194b:026 kerruvegur

Áður en vegasamband komst á við Stöng var farið með kerrur eftir götum sem lágu beint í norður frá bænum í stefnu heldur austan við Víðasel, vestan í Víðafelli að bílveginum sem þá endaði við suðurenda Mávatsn.

SP-194b:027 götur

Á 50.000 hluta korti eru sýndar götur sem klofna frá Stangargötum um 300 m austan við merkin við Gautlönd og liggja eftir suðurhlíðum Sandfells, yfir Dýnu og í Hörgsdal um 1 km sunnan við Stöng.

SP-194c Bjarnastaðir (Heiði)

Bjarnastaðir voru eyðibýli í landi Gautlanda 1712 en þar hófst byggð á ný laust fyrir 1850. Formleg landaskipti fóru fram á árunum 1920-25 og fengu Bjarnastaðir systa hluta hins forna lands Gautlanda en það er að mestu sunnan og austan við Sandvatn. Bjarnastaðir fóru í eyði 1945 en 1958 var stofnað nýbýlið Heiði á helmingi jarðarinnar.

1919: 1,6 ha. 7/10 slétt. Engir garðar. Gamla túnið var herfað upp, en þó ekki sáð í það, á árunum 1965-75 .. Nýræktir eru austan við gamla túnið og norður með Gautlandalæk.


Heimildamaður: Ingibjörg Friðjónsdóttir f. á Bjarnastöðum 9.10.1919

SP-194c:001 bæjarstæði

65°32.045 N 17°07.775 V

Bjarnastaðatúnið er enn sérstakur afgirtur túnhluti með sömu lögun og það hafði 1919. Bærinn

stóð vestantil í túninu en sléttað hefur verið yfir tóftirnar. Bæjarhóllinn sést sem aflangur hryggur í túninu og útihúsin tvö sem tveir litlir hólur sinn hvoru megin við bæinn. Túnið er 250-450 m vestar en íbúðarhús á Heiði. Sléttað var yfir tóftirnar á árunum 1965- 75 og túnið herfað upp en þó ekki sáð í.



Kort 10. Fornleifakort. Bjarnastaðir

1712: "Biarnarstader heitir annad eyðiból hjer út í landinu, og heiðinni, alt viði vaxið, en sjást þó samt nokkrar líkur garðlaga og tóftarústa. Ekki má hjer aftur byggja, því heyskapur er enginn." JÁM XI, 224.

Bærinn hefur staðið á brún aflíðandi brekku niður að læknum og stafn vísað í suður. Framhús var vestast í bænum, en 2 burstir austan við það. Austan við bæinn var sambyggt fjárhús og hesthús með hlöðu, en vestan við bæinn var fjárhús. Til túngarðsins sést enn víðast undir vírgirðingunni. Í giliinu við Bjarnastaðalæk, suðaustan við bæinn, er Brunnhró og rennur Lind úr dýi við lækinn austan við það - Ö-Bjarnastaðir, 1163.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1919

SB-194c:002 Kvíholt

65°31.070 N 17°07.867 V

"Norður af túni [Bjarnastaða] efst er Kvíholt, á því stóðu Kvíar." segir í örnefnalýsingu. Kvíholt er um 30 m norðan við túngirðingu Bjarnastaðatúns, beint norður af bæjarstæðinu 001. Á holtinu suðvestanverðu var á þessari öld byggt hesthús af húsmanni.

Kvíholt er lágt móahot, skammt utan túns. Í kring eru fjalldrapamóar. Hvergi sér til kvía á þessum stað og hafi þær verið torfkvíar þá er mögulegt að hesthúsið hafi verið byggt ofaní þær.

Hættumat: engin hætta Heimild:

Ö-Bjarnastaðir, 1163

SB-194c:003 Stígur

"Stígur er gata, sem liggur norðaustur frá bæ ofan að læknum við Háholtið." segir í

örnefnalýsingu. Þessar götur eru milli heimreiðar sem nú er og Bjarnastaðalækjar og eru leið í Sveinsströnd en þegar farið var í Baldursheim var farið yfir lækinn svotil beint niðurundan bænum eða heldur austar.

Heimild: Ö-Bjarnastaðir, 1163

SÞ-194c:004 stekkur

65°31.200 N 17°06.647 V

"... Stekkur er við lækinn hjá Syðra-Steinsholti." segir í örnefnalýsingu. Syðra-Steinsholt er um 400 m austan við íbúðarhúsið í Heiði, hólrani, aflangur frá A-V, blásinn í toppinn og þar í stórgrýtisurð. Holt þetta myndar norðurhlið Bjarnastaðalækjargils. Engin stekkjartóft er sýnileg við lækinn eða beint undir Steinholtinu, en um 150 m ASA við það, norðan í lækjarfarvegi sem kvíslast fram úr Bjarnastaðalæk, sem nú rennur unnar, er 6 m löng grjóthleðsla sem myndar einskonar aðhald í brekkunni. 6 m austan við hleðsluna er upphækkun, sem snýr eins, og gæti verið leifar af vegg á móti. Að norðan afmarkast stekkur þessi af lágu barði en að sunnan af lækjarseytlu í farveginum. Í grasigróinni brekku við lækjarfarveg. Hleðslan er einföld og allur er stekkur þessi harla lítilfjörlegur.

Hættumat: engin hætta Heimild:

Ö-Bjarnastaðir, 1164

SÞ-194c:005 stífla

"Svo er beggja vegin við lækinn suður við vatnið Stíflustykki." segir í örnefnalýsingu. Stífla er við affall Bjarnastaðalækjar úr Sandvatni. Engi eru sunnan og austan við stífluna, vestan við Króksmýri og var heyjað þar fram um 1930. Þessi staður var ekki skoðaður 1996.

Heimild: Ö-Bjarnastaðir, 1165

SÞ-194c:006 Svarðargrafir

"Við lækinn suður af Króksmýri eru svo Svarðargrafir." segir í örnefnalýsingu. Grafirnar eru vestantil í Króksmýri, spölkorn frá læknum. Svörður var tekinn í þessum gröfum á þessari öld. Þessi staður var ekki skoðaður 1996.

Heimild: Ö-Bjarnastaðir, 1165

SÞ-194c:007 Húsholt

65°31.028 N 17°07.940 V

"... Húsholt er norðvestur af bæ, suður af Þríhyrningum." segir í örnefnalýsingu. Staðsetning Húsholts virðist nokkuð á reiki en sennilega er það ávalur hóll í lyngmóunum vestan við bæinn. Hóll þessi er blásinn í toppinn. Hann er um 150 m beint vestur af Kvíholti 002. Engar byggingaleifar eru sjánlegar á holti þessu eða í nágrenni þess.

Heimild: Ö-Bjarnastaðir, 1163

SÞ-194c:008 Kolhólar

65°31.162 N 17°07.532 V

"Kolhólar eru austur, út og niður af bænum, taka við af túni." segir í örnefnalýsingu. Í viðbótum við hana stendur ennfremur: "Kolhólar draga nafn sitt af því að þar hefur verið gert til kola. Á þeim syðri stendur nú íbúðarhús nýbýlisins Heiði og fjárhús býlisins á þeim ytri." Á báðum Kolhólunum eru nú hús býlisins Heiði og hefur verið sléttað upp á þá. Þeir eru um 150 m austan við austurhlið Bjarnastaðatúns. Á milli hólanna er lækjarfarvegur.

Heimild: Ö-Bjarnastaðir, 1163: AV

SD-194c:009 Nátthagi

65°30.571 N 17°08.796 V

"Við lækinn hjá Litlahól er afgirtur Nátthagi." segir í örnefnalýsingu. Nátthaginn er vestan við Litlahól, sem er stakur melhóll á bakka Bjarnastaðalækjar skammt vestan við þar sem Þverlækur fellur í hann. H í ð afgirta svæði er slétt nes við lækinn og eru lágir hólar ('Hæðimar') norðan með. Hér hefur verið grasmói en er nú með þéttvöxnum fjalldrapa og litlu af gulvíði." Hnit var tekið við garðmótin norðvestan við Litlahól. Norðan við hann heldur norðurhlið garðsins áfram til austurs og nær allt út í Þverlækjargil eða um 150 m í viðbót.

Hættumat: engin hætta Heimild:

Ö-Bjarnastaðir, 1164

SD-194c:010 Tjaldlág

"Í Hæðunum . . . er Tjaldlág. Þetta er tjaldstaður grasatekjufólks." segir í örnefnalýsingu. Láginn er suðvestan við hólinn Trítill sem er norðantil í Hæðum, á merkjum við Gautlönd. Þessi staður var ekki skoðaður 1996

Ö-Bjarnastaðir, 1163

SD-194c:011 Ruddastígur

"Sunnan undir Rudda er stór leirtjörn, sem heitir Ruddaker, og Ruddastígur er gata norðan við Rudda upp að Ruddasundum


Gatan norðan við Rudda liggur upp að Ruddasundum, sem eru mýrarsund suður af svonefndum Þverlækjarmýrum." segir í örnefnalýsingu. Ruddastígur er engjagata Bjarnastaðamanna, en skýrar götur liggja frá bænum til suðvesturs með Bjarnastaðalæka að norðan og að Rudda þar sem voru engjaslægjur.

Heimild: Ö-Bjarnastaðir, 1164

SD-194c:012 Skurður

"Skurður er efst í Víðrum [en þeir eru] vestan við Háholt niður við læk við merki Gautlanda." segir í örnefnalýsingu en í viðbótum við hana er greint nánar frá: "Skurður er áveituskurður grafinn af mönnum, nú gróinn." Skurður þessi liggur frá norðri til suðurs. Þessi staður var ekki skoðaður 1996

Heimild: Ö-Bjarnastaðir, 1163, 1164, AV



SB-214 Hofstaðir

40 hdr. 1712. Bændaeign. Bænhús var á Hofstöðum á 15. öld. Talin 20 hdr. 1839, SSÞ, 121. Jörðin á mikið heiðaland ásamt hólum og eyjum í Laxá.

1919: 3,1 ha. 9/10 sléttað. 1839: "Hefur gott heiðarlendi til fjárbeitar en lítinn heyskap."

SSÞ, 212. Túnið norðan við gerðið var sléttað löngu fyrir 1940 svo og túnið milli þess og Hoftóftarinnar. Gerðið sjálft var hinsvegar ekki sléttað fyrr en um 1950 og þá með jarðýtu. Gamla túnið hefur mestallt verið sléttað með jarðýtu og högggherfi. Sunnan við það er allstórt tún ræktað á þessari öld og austan í Hofstaðaheiði hafa gríðarstór tún verið ræktað þar sem áður voru móar.

Heimildamenn: Ásmundur Jónsson f. á Hofstöðum 19.04.1936 Guðmundur Jónsson f. á Hofstöðum 31.10.1937

SB-214:001 bæjarhóll

65°36.484 N 17°09.825 V

Bæjarhóllinn er fast vestan við heimreiðina, og undir henni að hluta, milli núverandi íbúðarhúss og fjárhúss, heldur austar en ílín milli þeirra húsa. Hóllinn hefur verið sléttaður, en er ekki sleginn því mikið grjót er í honum og sést sumt af því í grasrótinni og í heimreiðinni. Tún er upp að honum allsstaðar í kring og vegur yfir hann að hluta.

Hóllinn er breiður en ekki hár, mest 1,5 m hærri en túnin umhverfis og er brattast niður af hólum að vestan þar sem er náttúruleg brekkubrún. Síðustu bæjarhúsin voru um 20 m kant skv. túnakorti og stóðu heldur sunnar en á miðjum hólum. Auk þeirra stóðu á hólum fjóshlaða (002), smiðja (008) og kirkjugarður (049) auk öskuhaugs (019). Til er uppmæling og teikning af síðasta bænum eftir Stefán Jónsson. Flutt var úr bænum 1953 en hann stóð fram yfir 1970 að húsin voru rifin og jafnað yfir. Fjósbaðstofa var í bænum og biti um þvera stofuna sem klofa þurfti yfir eða skríða undir. Hitinn var leiddur úr fjósinu í gegnum þilin.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1919

SB-214:002 Fjóshlaða

65°36.489 N 17°09.875 V

Fjóshlaðan stóð norðantil á bæjarhólum, um 20 m norðan við gamla torfbæinn 001, um 6 m austan við heimreiðina sem nú er. Á bæjarhól sem hefur verið jafnaður út en er ekki sleginn. Þar sem hlaðan stóð er nú smárjórður í háu grasinu. Hlaðan var rifin og jöfnuð niður uppúr 1970.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1919

SB-214:003 heimild um fjárhús

65°36.480 N 17°09.936 V

Um 10 m SA við SA horn núverandi íbúðarhúss stóðu fjárhús, að nokkru leyti undir heimreiðinni sem nú er. Í túni, nú að nokkru leyti heimreið og hlað.

Hús þetta var rífið 1954 þegar núverandi íbúðarhús hafði verið byggt. Fjárhús þessi voru með hlöðu og snéru N-S. Grjótröð sést á einum stað í grasrótinni rétt sunnan við hlaðið og er hún sennilega úr þessu húsi.


Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1919


SB-214:004 Kvíhús

65°36.456 N 17°09.703 V

Kvíhúsin voru byggð innan á túngarðinn uppi á hjallanum fyrir ofan bæinn (001), um 120 m vestan við heimreiðina, beint vestur af suðurenda gamla bæjarins. Á óræktuðum hjalla fyrir ofan túnið. Kvíhúsin voru tóft sem notuð var sem rétt en þar að auki var sérstök rétt byggð



Kort 11. Fornleifakort. Hofstaðir.



Kort 12. Fornleifakort. Hofstaðir - bæjarstæði

utaní tóftina. Tóftin hefur verið byggð utaní stóra klöpp sem einnig hefur verið í túngarðinum. Ekkert sést nú til túngarðsins en þar sem tóftin var er vel gróið flag, frekar óslétt og standa stórir steinar uppúr sverðinum hér og hvar. Tóftirnar hafa verið jafnaðar fyrir ekki margt löngu og sjást t.d. vel á loftmynd frá 1976.

Hættumat: hætta vegna ábúðar Heimildir: Túnakort 1919; Loftmynd

SP-214:005 Göthús

65°36.449 N 17°09.833 V

Göthús voru fjárhús austan við heimreiðina í suðurenda túnsins, um 40 m norðan við túngarðinn og um 30 m austan við NA-horn fjárhússins sem nú er. Í línu við suðurhlíð Hoftóftarinnar 012. Á þessum stað er breiður og ávalur hóll í túninu, um 0,8 m hærri en umhverfið. Göthús voru stór fjárhús með hlöðu. Þau snéru A-V en ekki N-S eins g sýnt er á túnakorti. Húsin voru rifin og jafnað yfir 1954- 55. Hóllinn er um 15 m í þvermál og norðaustaní honum komu upp merki um kol og ösku í borkjarna sem tekinn var vegna jarðvegsathugana en það er á aðeins öðrum stað en síðustu húsin stóðu.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimild: Túnakort 1919

SP-214:006 heimild um hesthús

65°36.420 N 17°09.820 V

Hesthús stóðu fast austan við heimreiðina, nú undir veginum, austan við SA horn fjárhúsanna sem nú eru, um 12 m ASA frá litlum votheysturni við SA horn fjárhúsanna. Áður í túni, nú undir vegi. Húsið var rífið og jafnað yfir 1954-55.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimild: Túnakort 1919

SP-214:007 Neðsthús

65°36.437 N 17°09.898 V

Fjárhús kölluð Neðsthús stóðu fast vestan við fjárhúsin sem nú standa, um 10 m norðan við SV-horn þeirra. Áður í túni en nú er á þessum stað hálfgróið malarhlað framan við fjárhúsin.

Þegar núverandi fjárhús voru byggð um 1960 var heilmiklu efni rutt framaf, niður á slakkann til vesturs og er mögulegt að hústóftirnar hafi þannig hulist undir fyllingunni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimild: Túnakort 1919

SB-214:008 bænhús heimild um smiðju 65°36.477 N 17°09.801 V
"Bænhús rómast að hjer muni að fornu verið hafa, sem af sje fallið fyrir manna minni." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1712.

Lengi hefur verið talið á Hofstöðum að bænhúsið hafi verið þar sem smiðjan stóð, á NA-horni bæjarhólsins, um 30 m NA við bæinn, en hringlaga garður, kallaður kirkjugarður lá í boga undan bæjarhúsunum vestur fyrir smiðjuna (sbr. 049). Á bæjarhól, sem hefur verið sléttaður en er ekki sleginn. Smiðjan mun hafa verið rifin og sléttað yfir tóftina eftir miðja öldina.

Hættumat: hætta vegna ábúðar Heimildir:
JÁM XI, 242; Túnakort 1919

SB-214:009 Gerði 65°36.642 N 17°09.773 V
"Gerði er nyrzti hluti túnsins, þar voru tættur áður, sem hafa verið sléttaðar út. Suður og niður af Gerðinu heitir Gerðisflötur." segir í örnefnalýsingu. Gerðið nær yfir svæði sem er um 150 m frá N-S og um 50 m frá A-V. Á því stóðu útihúsin 044-048. Allar tóftirnar á Gerðinu voru jafnaðar með jarðýtu um 1950. Ekki er vitað að þar hafi verið garður í kring.
Heimild: Ö-Hofstaðir, 1378


SB-214:010 Goðakelduvað 65°36.663 N 17°10.055 V
"Þá er Mórugróf, lækjargrafningur niður frá túninu, sem rennur svo niður í Goðakeldu. En það er flöt mýri, suður af Ferjubakka. Nyrzt úr mýrinni er Goðakelduvað yfir í Hofstaðaei." segir í örnefnalýsingu. Norðan í Goðakeldu rennur lækur úti Laxá og er vaðið frá ármótunum yfir í Hofstaðaei. Ofan við vaðið eru straumharðar flúðir, en neðan við þær víkkar áin og er um 40 m breið þar sem vaðið er.
Heimild: Ö-Hofstaðir, 1378

SB-214:011 Ferjubakki 65°36.752 N 17°09.998 V
"Út og niður frá bænum er allhár hraunhöll á bakka Laxár, sem heitir Ferjuklettur; suður frá honum heitir árbakkinn Ferjubakki, sem svo nær að Goðakeldu." segir í örnefnalýsingu. Ferjuklettur er örskammt sunnan við suðurenda Ferjuhólma og nær bakkinn frá klettinum og að Goðkelduvaði (010). Bakkinn er á þessum stað lægri og jafnari en víðast við ána, um 0.5 m hár eða minna. Að honum er slétt graslendi og áin lygn þó straumurinn sé þungur.
Af Ferjubakka var ferjað fram yfir aldamót og var það bæði skepnur og hey sem flutt var úr og í Hofstaðaei.
Heimild: Ö-Hofstaðir, 1378

SB-214:012 Hoftóft- bústaður **Friðlýstar minjar** 65°36.525 N 17°09.739 V
"Í túninu um 30-40 metrum norðaustur frá gamla bænum um 15 metrum innan túngarðs er Hoftóft. Var hún grafinn upp og sléttuð síðar af þeim Daníel Bruun og Finni Jónssyni 1907. Hefur þetta verið talin ein greinilegasta hoftóft á Norðurlöndum, en nú hin síðari ár eru fornfræðingar farnir að bera bríður á, að þetta væri hoftóft." segir í örnefnalýsingu en Helgi Hallgrímsson segir í söguminjaskrá sinni: "Árið 1908 var tóttin grafinn upp af þeim Dani el Bruun og Finni Jónssyni Þeir félagar grófu þarna upp rúst af miklu langhúsi, alls um 44 m að lengd, í tveimur hlutum. Er aðalhúsið 36,3 m á lengd og frá 6-8 m á breidd. Í húsinu fundu þeir minjar um setpalla og langeld, svo og nokkur fleiri eldstæði, og nokkrir munir fundust þar einnig brýnissteinar, leyfar af áhöldum úr járn og beini, glerhallar o.fl. svo og mikið af dýrabeinum. Eftir þessa rannsókn töldu þeir félagar ótvírætt að þarna væru raunverulegar rústir af heiðnu hofi ... Þeir létu sem minnst hreyfa við hleðslum og öðrum minjum í húsinu, og létu síðan hylja

rústina með jarðvegi og hlaða upp tóttina."

Í fornleifaskýrslu sóknarprests í Skútustaðahringum frá 1817 segir frá hring í kirkjuhurð Reykjahlíðarkirkju: "Það eru munnræle, að Hringur þesse sie ur Hofshurd, sem í Forntid skal hafa staded hier i Sveit á bæ þejm sem á Hofstöðum heíter." FF, 600.



Næst lýsir danski fornfræðingurinn Kristian Kalund 'hofinu' á Hofstöðum: "Ved Hovstad vil man pávise tomterne af et tempel (goðahof). Nordost for gården i tunets udkant findes en ved sin storrelse udmærket tornt, den egentlige hovtomt. Den ligger i retning fra syd til nord, som en aflang firkant på mindst 20 fv. i længde, 5 fv. i bredde; langvæggene er rneget tydelige, men brede og sammenfaldne, som de ere, gör de næsten indtryk af svagt hvælvede små banker (et par favne brede og et par alen høje); ved det ene hjørne rnener man at se spor til en rnindre udbygning; for den nordlige ende er nu bygget et fårehus, Syd for denne tomt findes en srnuk lille kredsformig tomt (4 fv. i diarneter, og rned væg af ca. 1 1/2 al's højde). Sydöst for denne, oppe i bakkeskråningen, ud rnod den smalle dal ses en større kredsformig tomt (ca. 9 fv. i diam.) - dette siger man, er den gamle hesteföld (hestarétt), der benyttedes af de ternpelsögende."

Brynjúlfur Jónsson korn til Hofstaða 1901:

"Norðaustur frá bænum er rúst mikil í túninu, sem kölluð er hoftóftt. Sýnir og nafn bæjarins, að þar hefir hof verið. Sá hluti rústarinnar, sem eiginlega ber nafnið hoftóftt, skiftist í tvær tóttir. Liggur

mikill langveggur frá norðri til suðurs, eða því sem næst, og vestur af suðurenda hans gengur ferhyrnd tótt, nál. 5 fðm. löng og 4 fðm. /13/ breið. Eigi sér fyrir dyrum á henni, nema efvera skyldi í suðvestur horninu. Norður frá henni með langveggnum gengur tótt, sem er 10-11 fðm. löng. Norðurgafll hennar, þvers frá langveggnum, er vel glöggur, en vesturhliðveggurinn er mjög óglöggur. Gæti eg trúað, að þar hafi verið þil. En langveggurinn nær lengra en þetta til norðurs, hann er alls fullir 20 fðm. að lengd. En jafnframt tók eg eftir því, að bakvið hann gengur annar langveggur, jafnlangur honum. Mynda þeir báðir 4 fðm. breiða tótt með dyr mót suðri. Lengd hennar er ekki hægt að ákveða með vissu; norðurgafllinn sést ekki, því nú stendur hesthús þar, sem hann hefir verið; hylur það norðurenda tóttarinnar. Þó er hún eigi minna en 20 fðm. löng, og er að sjá, að miðgafll hafi verið í henni. Túninu hallar lítið eitt til suðvesturs þar, sem tóttin er; en fáum fððmum ofar er brekka langs með túninu, og liggur forn túngarður undir brekkunni endilangri. (Nú nær túnið upp fyrir hann). Framundan dyrum hinnar löngu tóttar, svo sem 5-6 fðm. suður frá henni, vesturhalt, er hringmynduð tótt, eigi stærri, en 4 fðm. að þvermáli. Veggirnir eru viðlíka digrir og hofsveggirnir. Dyr sjást ekki með vissu. Nokkru ofar er annar hringur, miklu stærri og gengur hann hátt upp í brekkuna. Hinn forni túngarður liggur að honum frá báðum hliðum, en hringurinn er í túngarðs stað, þar sem hann nær. Liggur neðsti bugur hans nokkuð inn í túnið. Nú er hann mestallur tún." Árbók 1901, 12-13.

Hoftóftin er í túninu, undir hjallanum um 100 m austan við núverandi íbúðarhús. Í

brekkurótum, nú í túnjaðri og hafa tóftirnar verið slegnar til skamms tíma. Áður voru tóftirnar skammt utan túnsins. Á þessum stað eru 3 tóftir. Nyrst er skáli frá 11. öld en í norðuenda hans hefur staðið útihús á 19. öld. Fast vestan við skálann er a.m.k. ein tóft samtíða honum en ummerki um eldri byggingar hafa einnig sést þar. Sunnan við skálann er hringlaga tóft af jarðhýsi sem er fullt af ösku, og er hvorttveggja, jarðhúsið og askan edra en skálinn. Sunnan við jarðhúsið, uppi í hlíðinni, er garðhverfing, kölluð Hestarétt. Vesturhlíð hennar hefur verið sléttuð undir tún en suður- og austurveggirnir sjást enn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hofstaðir, 1378; Söguminjaskrá, 1-3; FF, 600; KK; DB: Fortidsminder og Nutidshjem paa Island 1928, 34 47; Aage Roussell: Byggeskikken paa de nordatlantiske øer. Nordisk Kultur XVI; Olaf Olsen: Hörg, hov og kirke 1966

SD-214:013 Kláfur

65°35.243 N 17°09.003 V

"Rétt austan við Helluvað var sett kláfferja, Kláfur, á Laxá 1912, enn er kláfur þessi við lýði." segir í örnefnalýsingu. Strengirnir sjást enn á ánni, um 300 m ofan við Helluvað. Að norðan hefur hraunhellum verið hlaðið undir strengina en að sunnan er steypur stöpull undir þeim. 7 af 8 strengjum hanga enn uppi. Á þessum stað er áin um 25 m breið og eru 2-3 m háir hraunkantar meðfram henni báðum megin.

Hættumat: lítil hætta vegna hrörnunar

Heimild: Ö-Hofstaðir, 1378

SD-214:014 Brot - vað

65°35.644 N 17°09.501 V


"Norður frá Helluvaði eru við ána norðanverða Brothólar, og þar eru vöð á ánni sem heita Brot." segir í örnefnalýsingu Hofstaða en í lýsingu Helluvaðs er ítarlegri lýsing: "Brotavöð; þau eru að segja má eina vaðið á ca tuttugu kílómetrum af Laxá, frá Geldingaey og út fyrir miðjan Laxárdal. ... Um skeið lá þjóðleiðin frá Reykjahlíð til Akureyrar um Brotavöð. Sé komið að austan skal fara sem hér segir: Fyrst er farið yfir Klappalæk hjá Brotahólmum, sem er grunnur og lygn, og er þá komið í Ytra-Hofstaðanes. Beygt er svo með læknum að Laxá og farið yfir mjóa rennu eða kíll ónefndan, og er þá stuttur spölur að ánni. Vöðin byrja á allbreiðri kvísl, en grunnri, með sléttum botni; er þá komið í Stóra-Brotahólma. Þá tekur við Langabrot, sem er breiðasta kvíslin, nokkuð jafndjúp og ströng, tekur naumast í kvið á hesti, ef rétt er farið. Það má heita, að landa á milli sé rennislétt, hallandi hraunhella með beinni brotabrún, sem áin flæðir fram af í hvítum fossstraumi. Neðan við dýpkar snögg, en lygnirog er sundvatn. Hestar og kýr, sem venjast þessu vaði, vaða ofarlega á brotinu, því að skreipt getur verið í hallanum, þótt þar væri grynna. Af Langabroti var komið í Strákakvíslarhólma og þá eftir versti partur vaðsins, sem heitir Strákakvísl, milli hans og Hruteyjar. Grjótbungur allmisháar eru þar í botninum svo að ýmist tók vatnið í hné á hestum eða það skall upp á bóghnútu. ... Úr Hrutey lá beinast við að fara á Þóruvaði í land." Brotin eða Botavöð liggja á ská til suðvesturs frá norðurbakka Laxár, skammt austan við Brothóla og austan við ármót Pollalækjar og Laxár. Á þessum stað er áin hvað breiðust en þó allstraumhörð á milli hólmanna.

Heimildir: Ö-Hofstaðir, 1378; Ö-Helluvað, 5-6

SD-214:015 Brothólastekkur

65°35.699 N 17°09.520 V

"Sunnan og austan á Brothólum er Brothólastekkur." segir í örnefnalýsingu. Stekkurinn er á litlu og lágu nesi vestan við ármót Pollalækjar og Laxár og hefur það verið girt af með torfgarði.



Á lágu nesi úti á en ofan og vestan við er lágur ávalur hólrani. Nesið er mjög þýft en lyngmói er allt í kring. Stekkjartóftin er á háum rústahól austan við garðinn sem afmarkar svæðið. Grjót stendur víða uppúr í tóftinni. Um 10 m sunnar er lítil tóft byggð utaní garðinn, en vestan við stekkin og garðinn, uppi í brekkunni er annar rústahóll með dæld í kollinn. Stórþýi er niðri á nesinu, sunnan og norðan við stekkin og gætu þar leynst tóftir, sérstaklega norðan við en þar sést á loftmynd móta fyrir tóft sem snúr A-V en ekki er hún greinileg á yfirborði.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Ö-Hofstaðir, 1378.

SD-214:016 Vörðufloí

"Vörðufloí er allstór floí í Laxá vestan við Hofstaðaei." segir í örnefnalýsingu. Varða er á hraunkambi í broti vestan við eyra, suðvestanvert við Vörðufloá. Þessi staður

var ekki skoðaður 1996.

Heimild: Ö-Hofstaðir, 1379

SD-214:017 Heybandsvað

65°36.87 N 17°09.895 V

"Heybandsvað nær frá túngirðingarendanum yfir í Hofstaðaei en norður frá túngirðingunni gengur hraungarðsendi, sem heitir Heybandstangi ..." segir í örnefnalýsingu. Norður frá túngirðingunni þar sem hún kemur í Laxá norðan við bæinn er Heybandstangi en vaðið var þar sunnan við. Á þessum stað er áin mun breiðari en bæði fyrir ofan og neðan, eða um 30 m.

Blautt hey af engjum í Hofstaðaei var flutt yfir á Heybandsvaði og þurrkað á túninu. Á tímabili var brú á ánni skammt ofan við Heybandsvað.

Heimild: Ö-Hofstaðir, 1379

SD-214:018 öskuhaugur

65°36.548 N 17°09.810 V

Öskuhaugur var þar sem nú er lágur hól í túninu um 30 m NA við NA horn núverandi íbúðarhúss, á móts við norðurenda Hoftóftarinnar 012. Hóllinn er nú að sjá sem lágur ás, um 30x10 m frá NV til SA Öskuhaugur þessi mun vera eldri en 019 og hefur ekki staðið jafnhátt og hann.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Ö-Hofstaðir, 1379

SD-214:019 öskuhaugur

65°36.506 N 17°09.802 V

Öskuhaugur var yst á NA-horni bæjarhólsins. Hóllinn var mjög hár, eða á þriðja metra, en hefur verið jafnaður niður svo að ekki sér fyrir honum lengur. Haugurinn var um 50 m SSV við jarðhúsið G í 012. Utaní bæjarhól, sem hefur verið sléttaður en er ekki sleginn Haugurinn sést vel á ljósmyndum Bruuns frá 1908.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Ö-Hofstaðir, 1379

SB-214:020 Hestarétt

65°36.433 N 17°09.746 V

Hestarétt, svokölluð, var byggð innaní túngarðinn, um 20 m suður af Göthúsum 005 og um 20 m austur af 006. Í túni, nú í órækt.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Ö-Hofstaðir, 1379

SB-214:021 Geldingatættur


65°37.689 N 17°09.638 V

"Geldingstóftarhólmi er út og niður af Geldingstóftum. Ofan við hann heitir Geldingstóftarflói. En flóinn er út og niður af Geldingstóftum sem eru vallgrónar tóftir norðarlega í Brekkum." segir í örnefnalýsingu en Helgi Hallgrímsson segir í söguminjaskrá sinni: "Samkvæmt upplýsingum Jóns Sigurgeirssonar er þar hálfirringlaga (hringur með slöði [svo] að NA) túngarður, og svæðið innan hans um 75 m að þvermáli. Í því miðju er allstór tótt, um 15-17 m, virðist þrí- fjórskipt, og ógreinilegur hringlaga garður NV - vert við hana (og sumpartin undir henni)." Geldingatættur eru um 200 m austan við Laxá uppi í brekkunni gegnt garði sunnan við Brettingsstaðasel.

Geldingatættur eru í brekkunni ofan við Laxá í nokkru minni halla en bæði ofan og neðanvið en þó allnokkrum. Allsstaðar í kring eru lítið þýfðir lyngmóar yfirvaxnir af fjalldrapa. Stóra tóftin í miðju er tví- eða þrískipt á lágum rústahóli og snýr upp í brekkuna. Hún gæti síðast hafa verið notuð sem stekkur. Umhverfis rústahólinn hefur verið umgirtur túnblettur. Garðurinn er heill alla leið og til austurs liggur hann uppi á háum hól sem gæti geymt mannvirkjaleifar. Að austan og suðvestan má greina eldri garða utanvið. Tóftin er skýr og grasivaxin en fjalldrapi vex í hliðum hennar. Túngarðurinn er aftur á móti á kafi í fjalldrapa og víði og túnbletturinn er einnig á kafi í fjalldrapa en undir honum er vallendisgróður.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hofstaðir, 1380; Söguminjaskrá, 5



SB-214:022 Hestahellir

65°36.016 N 17°06.785 V

"Hestahellir er í hrauninu vestur af Geirastöðum, þetta er vargskýli hesta." segir í örnefnalýsingu. Hellirinn er rétt sunnan við veginn, beint vestur af Geirastöðum. Austara hellisopið er um 20 m sunnan við þjóðveginn og um 30 m vestan við Sortulæk. Ofaná hraunhellunni yfur hellinum er mælingapunktur: VR 80 12010. Hellir í hraunjaðri. Utanvið hann er votlendi meðfram læknum.

Hellirinn liggur í sveig frá austri til suðvesturs. Hann er um 20 m langur og er opinn í báða enda, en eystra hellisopið er herra þó skepnur komist báðum megin niður í hellinn. Þvert á hellinn liggur miklu lægri rás, á.a.g. jafnlöng en sennilega ekki skepnugeng, og eru op við báða enda hennar. Við eystra opið er hellirinn um 1,5 m hár en þar inn af liðlega 2 m. Í eystri

hlutanum er tvöföld steinaröð, eins og garði, eftir hellisgólfinu endilöngu. Þar fyrir munnanum eru einnig lítilfjörlegar hleðsluleifar.

Heimild: Ö-Hofstaðir, 1380

SB-214:023 Geirastaðagötur

"Geirastaðagötur heita reiðgötum til Geirastaða." segir í örnefnalýsingu. Göturnar sjást enn vel og liggja þær í sveig austur frá bænum, norðan við Fellshól og um tún að Geirastöðum. Göturnar sjást vel á loftmyndum.

Heimildir: Ö-Hofstaðir, 1380: Loftmynd

SB-214:024 Klappagötur

"Klappagötur eru suður frá bæ, suður yfir klappirnar, suður að Kláfferjunni á Laxá." segir í örnefnalýsingu. Göturnar lágu suður um túnið framhjá Göthúsinu 005 og sjást nú í brekkunni sunnan við syðsta túnið en ekki eru þær greinilegar hjá Kláfinum. Klappagötur klopna alllangt sunnan við bæinn og liggur gata út af þeim austur á Vörðuholt.

Heimild: Ö-Hofstaðir, 1380

SB-214:025 Miðgötur

"Miðgötur liggja frá Hofstöðum suður í Brothóla." segir í örnefnalýsingu. Miðgötur eru vestan við Klappagötur og lágu að Brothólastekk og að Brotavaði. Þær sjást á köflum norðan við Brothóla.

Heimild: Ö-Hofstaðir, 1381

SB-214:026 Syðri-Lind

65°36.444 N 17°09.963 V

"Syðri-Lind er vatnsból neðan við túnið." segir í örnefnalýsingu. Syðri Lind er um 150 m VNV af fjárhúsunum og um 150 m SSV af núverandi íbúðarhúsi. Hún er enn vatnsból Hofstaða og er vatnshrútur í lindinni og steipt þró um 15 m ofar. Lindin er í djúpum skorningi ofan í smáhæð í aflíðandi mýri vestan og neðan við túnið.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Ö-Hofstaðir, 1381

SB-214:027 Tvígarðar

65°36.653 N 17°06.982 V

"En austan við hann Selás er annar ás sem heitir Hvilftarás. Hann nær austur að hraungarðinum við Sortulæk . . . Austan á Hvilftarás er tvöfaldur garður sem heitir Tvígarðar." segir í örnefnalýsingu. Garður þessi er nú horfinn undir tún, sunnarlega í nyrsta og stærsta stykkinu í nýræktinni austan í Hofstaðaheiði. Áður lyngmói, nú tún. Um 100 m frá suðurgirðingu nyrsta túnhlutans en um 130 m vestan við austurgirðingu hans er grjóthrúga í túninu og gæti margt af því vel verið hleðslugrjót.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Ö-Hofstaðir, 1381

SB-214:028 Ytri-Lind

65°36.540 N 17°09.885 V

"... og þar neðan við túnið, er annað vatnsból, sem heitir Ytri-Lind." segir í örnefnalýsingu. Lindin er um 30 m NNA af NA horni núverandi íbúðarhúss. Í deiglendum óræktarbeltti vestan og neðan við túnið. Ytri-Lind hefur þornað á þessari öld og hefur grjóti verið hent í hana. Rás er frá lindinni til vesturs og sýnist sem grjóti hafi verið hlaðið þar í hliðarnar. Lindin er að sjá sem hringlaga dý, um 1,75 m í þvermál, nú fullt af grjóti en örlítið vatn seytlar upp meðfram því.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimild: Ö-Hofstaðir, 1381

SP-214:029 Móbarðsgötur

"Þá liggja Móbarðsgötur norður úr túni niður að brú yfir í Hofstaðaey og áfram út Laxárdalinn." segir í örnefnalýsingu. Göturarnar voru þar sem nú er bílfær slóði í átt að brú á Laxá yfir í Hofstaðaey
Heimild: Ö-Hofstaðir, 1381

SP-214:030 "Þangbrandspollur"

"Þangbrandspollur er á bakka Laxár norðan túnsins, þar er sagt að Þangbrandur hafi skírt þá er það vildu." segir í örnefnalýsingu. Núverandi ábúendur kannast ekki við Þangbrandspoll og eldra fólk mun heldur ekki hafa þekkt hann. Enginn pollur er heldur á þessum slóðum og er sennilegast að hér sé um rugling að ræða.

Heimild: Ö-Hofstaðir, 1381

SP-214:031 Goðakelda

65°36.624 N 17°09.997 V

Goðakelda heitir allsört mýrlent svæði á bakka Laxár upp frá Goðakelduvaði, um 250-300 m NV af núverandi íbúðarhúsi. Mýrin er um 150 m frá N-S og liggur skáhallt niður að ánni, en um 40 m frá A-V. Keldan er eiginlega nyrsta totan af blautlendinu fyrir nðan og vestan Hofstaðabæinn. Mýrin er ekki mjög blaut, en um hana renna nokkrir lækir.

Heimild: Ö-Hofstaðir, 1381

SP-214:032 sundlaug

65°37.827 N 17°09.647 V

"utarlega í Brekkunum eru Lækir, aðeins einn þeirra hefur nú þekkt nafn, það er Sundlaugarlækur. Þar var norðanlega í brekkunni hlaðin Sundlaug með torfgarði." segir í örnefnalýsingu. Sundlaugin er uppi í brekkunni um 150 m austan við Laxá, en Sundlaugarlækur er eini lækurinn sem rennur í Laxá á löngum kafla og er einfaldast að fylgja honum frá árbakkanum. Í lækjargili.

Sundlaugin er gerð með fyrirhleðslu þvert yfir Sundlaugarlækjargil. Sundlaugarlækur er hálfvolgur, á að giska 15-20 ° C og hefur laugin getað orðið allhlý ef vatn hefur verið látið standa í henni um sumardag. Hresst var upp á garðinn um 1970 og rennur lækurinn nú í gegnum járnör neðst í garðinum og er á því loka sem hægt hefur verið að setja fyrir til að fylla laugina. Yfir rörinu er hleðslan sigen. Sund mun hafa verið kennt í laug þessari ekki löngu eftir síðustu aldamót.

Hættumat: lítil hætta vegna hrömunar

Heimild: Ö-Hofstaðir, 1381

SP-214:033 Stekkjarhellir

65°37.950 N 17°09.794 V

"Milli Hraungarðs og brekku suður frá Hólakotsgili er Skora. Syðst í henni er Stekkjarhellir, og upp frá Skoru heitir þar Stekkjarbratti." segir í örnefnalýsingu. Einnig er "Syðra-Stekkjarsker ... yzt austan við Hofstaðaey ... [en]. .. Ytra-Stekkjarsker ... norðan við Hofstaðaey." Hellirinn snýr út að ánni og er hellisopið um 30 m norðan við Ytra-Stekkjarsker, um 3 m frá árbakkanum.

Við árbakka sem er hálfgróið hraun. Ofan við er brött brekka, en á stallinum þar fyrir ofan víðáttumiklir lyngmóar. Hraungrýti hefur verið hlaðið sitt hvoru megin við hellismunnan til að þrengja hann. Hellirinn er allbreiður, 2-3 m, en ekki hár, víðast innan við 0,6 m en dýpt hans var ekki könnuð. Um 8 m norðan við hellisopið er hraungrýtishleðsla frá hraungarðinum

að árbakkanum sem myndar einskonar aðhald.

Hættumat: engin hættu

Heimild: Ö-Hofstaðir, 1379, 1381

SB-214:034 Selás

65°37.123 N 17°08.851 V

"Selás er svo hæsti ásin á heiðinni, er nálægt heiðinni. Selskarð er út og upp frá bænum Hofsstöðum og Selgötur lágu frá bænum upp yfir Selás og austur í Glúmstaðahella. Selflati er vestur af Selás, norður af Selgötum. Austarlega lágu svo Sellágar, djúpar lágar norðarlega í ásin ... " segir í örnefnalýsingu. Selás er eiginlega vestari brún Hofstaðaheiðar, en hún er aðeins hærri en heiðin austantil. Á heiðinni er allsstaðar lítið þýfður lyngmói.

Ekki er vitað um neinar tóftir á eða hjá Selási eða sagnir um að þar hafi verið haft í seli nálægt. Ásin dregur mögulega nafn af seljum austan við hann, suður af Sandvatni sbr. 054

Heimild: Ö-Hofstaðir, 1381

SB-214:035 Selgötur

"Selás er svo hæsti ásin á heiðinni, er nálægt heiðinni. Selskarð er út og upp frá bænum Hofsstöðum og Selgötur lágu frá bænum upp yfir Selás og austur í Glúmstaðahella." segir í örnefnalýsingu. Göturarnar liggja út frá bænum í norðaustur, frá suðurenda Göngugarðsins 036 og þar svo undir vegi vestast en sjást vel efst á heiðinni en hverfa undir nýrækt austast

Heimild: Ö-Hofstaðir, 1381

SB-214:036 Göngugarður

65°37.469 N 17°08.944 V

"Göngugarður er mikill garður frá því í fornöld vestan á Selás, nær alveg norður að gílinu og lengra norður." segir í örnefnalýsingu en Helgi Hallgrímsson segir í söguminjaskrá sinni:

"Garðurinn er mjög útflattur og víða orðinn breiður (3-5 m) og lágur að hann líkist meira vegi en garði, enda liggja eftir honum götur og hann hefur eflaust á síðari öldum verið notaður sem vegur sbr nafnið. Tengsl hans við túngarðinn og Laxá (að norðan) benda þó fremur á að hlutverk hans hafi verið einhverskonar varsla ... " Kristian Kalund lýsti garðinum í riti frá 1877:

"Mærkeligt er et garmelt gærde, fast opført af jord og sten, som mod syd falder sammen med det fra Lakså udgående tungærde, men fortsætter sig langt længre end dette, op ad bakkeskråningen, og løber dernæst mod nord langs skråningen, omtrent så langt som øjet rækker (flere tusind alen) indtil det bøjer mod vest og fortsættes ned til åen." Við suðurenda garðsins uppi á heiðinni tekur við rofsvæði, 20-30 m breitt sem heldur áfram til suðurs 100-200 m en beygir síðan til suðvesturs í stefnu á SA horn túngarðsins en rofið nær þó ekki alla leið að honum.

Garðurinn liggur uppi á heiðinni, þar sem hún er hæst næst bænum. Þar er lítið þýfður lyngmói. Sama á við um allan syðri hluta garðsins, hann liggur um lyngmóa þar sem ásin er er hæstur. Allöng eyða er í garðinum um miðja heiðina en þar er þó jafngróið og annarsstaðar og bendir það til að uppblástur hafi áður verið á heiðinni, sem síðan hefur hætt og landið gróið á ný. Auðvelt er að rekja sig á milli garðsendanna sit hvoru megin við eyðuna með því að fylgja bílförum sem liggja milli þeirra. Syðst er garðurinn um 3 m breidd og rásir meðfram honum beggja vegna og eru bílför í báðum. Norðar hverfur garðurinn á kafla og sést þar aðeins önnur rásin en þar sem garðurinn byrjar á ný er rás aðeins austanmegin og er hún mun breiðari (4-5 m) á þeim slóðum. Enn norðar eru síðan rásir beggja vegna við garðinn. Norðan við eyðuna sést fyrst til garðsins sem 6-7 m breiðrar rásar en garðurinn verður síðan smátt og smátt greinilegri eftir því sem norðar dregur. Í norðri ndar garðurinn á brún Hólkotsgils og sést ekki fyrir honum handan gilsins en framhald hans mun þó vera enn lengra til norðurs í landi Hólkots og Hamars.

Nyrst vantar einnig garðinn sjálfann milli rásanna síðasta spölinn og er bilið þar um 10 m breitt. Rásirnar sitt hvoru megin við garðinn benda til að hann sé þannig gerður að grafnar hafa verið breiðar rásir og uppmoksturinn látinn á milli þeirra og gæti þetta þýtt garðurinn sé að litlu leyti og jafnvel alls ekki hlaðinn.

Hættumat: lítil hætta vegna rofs

Heimild: Ö-Hofstaðir, 1382; Söguminjaskrá, 3; KK; Loftmynd

SB-214:037 Tjaldlág

65°37.923 N 17°07.554 V

"Norður frá Selás liggur svo ás sá, sem heitir Miðaftanás og liggur norður að Austurgili. Yzt í honum er tjaldlág; þar var tjaldstaður grasafólks. Þar eru einnig tjaldhólar." segir í örnefnalýsingu. Tjaldlág liggur frá vestanverðu Sandvatni í boga til SV og suðurs upp á heiðina.

Í láginni sjálfri er smáþýfður lyngmói með smávöxnum fjalldrapa og gulvíði.

Hreindýramosi er áberandi en lítið sést af fjallagrösnum. Samskonar gróður er beggja vegna við lágina. Ekki er vitað hvar í láginni tjaldað var.

Heimild: Ö-Hofstaðir, 1382


SB-214:038 Heygarðsholt

65°37.600N 17°05.666V

"Engjatengur er votengi meðfram Sortulæk suður af Sandvatni. ... Vestan Engjatengur við suðvesturhorn vatnsins er Heygarðsholt, og austan við það heitir svo Heygarðsholtsflaga." segir í örnefnalýsingu. Heygarðsholt er beint vestur af Glúmsstaðahellrum og skilur mýrarsund á milli. Holtið liggur frá norðri til suðurs og skiptist í tvennt norðantil. Tóftirnar eru hæst uppi á syðri hlutanum, á móts við þar sem 066 beygir til suðurs austan undir holtinu. Tóftirnar eru hæst á lágum og mjóum ás sem vaxinn er lyngi, víði og fjalldrapa. Umhverfis ásin eru blautir flóar og skammt er til Sandvatns fyrir norðan. 3 nyrðri tóftirnar eru sennilega heygarðar. Þær eru mjög misdjúpar, sú nyrsta mjög grunn (veggir 0,3 m háir), en hvílfín sunnan við hana er um 1 m að dýpt og tóftin þar sunnan við um 1,4 m djúp. Syðsta tóftin er líka alldjúp (um 1 m) en hólfi hennar eru minni og gæti hún verið stekkur eða jafnvel hústöft. Fleiri tóftir gætu leynst í víðikjarrinu á þessum slóðum.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Ö-Hofstaðir, 1382




SB-214:039 3 tóftir (Glúmsstaðir?)

65°37.776 N 17°06.290 V

"Borgarás gengur suður frá Lambatanga. Glúmstaðir eru eyðibýlistættur nyrst á Borgarás við Sandvatn. Skammt er síðan, að þessum tóftum var veitt eftirtekt." segir í örnefnalýsingu. Helgi Hallgrímsson getur bæði nafnsins og staðarins í söguminjaskrá sinni: "Nafnið er einkennilegt og bendir til þess að um býli hafi verið að ræða. Hvergi finnst þess þó getið í heimildum. Sjálfur hefi ég þó ekki fundið þarna neinar rústir, sem gætu bent til eyðibýlis og ábúendur á Hofstöðum könnuðust ekki heldur við það. Töldu þeir að nafnið ætti einkum við við Glúmsstaðahella, sem eru þarna stutt fyrir austan, en þar hefur verið sel frá Hofstöðum (Sbr. Selás, selgötur o.fl.) Þar heitir einn af hellunum Baðstofuhellir, sem gæti hent til þess að búið hafi verið í honum. Einnig vottar fyrir tóftum innst á Lambatanga (norður af Brogarási), sem

ætu etv. verið seltættur, og grunall torfgarður er fyrir tangann að ofanverðu."



Heimildir: Ö-Hofstaðir, 1382; Söguminjaskrá, 4

Nyrst á Borgarási er vik í hann og um það liggur garður (066) úr vikinni vestan við Lambatanga. Norðan við garðinn hækkar ásin á ný en lækkar síðan smátt og smátt til norðurs á vestanverðum tangnum. Syðsta tóftin er austan í ásnunum niðri í vikinu, um 30 m norðan við garðinn. Hinar tvær eru um 60 m ofar og norðar á ásinum, á austurhlið hans þar sem hann er hæstur. Tóftirnar eru á lágum ás vöxnum fjalldrapa og víði. Ásin heldur áfram til suðurs með lyngmóum en austan og vestan við er votlendi, seftjarnir og mýrar, og er gulvíðir þar nú í mikilli sókn.

Höfundur örnefnaskrárinnar (Pétur Jónsson) er eina heimildin um að tóftir þessar séu kallaðar Glúmsstaðir og er það líklega fremur ályktun hans eða ágiskun frekar en að það sé byggt á sögusögnum. Staðsetning tóftanna og gerð þeirra útilokar ekki að þær séu eftir heygarða.

Hættumat: engin hætta

SB-214:040 beitarhús


65°35.257 N 17°08.307 V

"Eru á svonefndum Hraungarði, fast við Laxá, örskammt fyrir vestan Laxárbrýr. Þar er ein tóft nýlega hlaðin með hraungrýti, með garða í miðju. Stórir hellar eru þar rétt hjá sem hafa verið notaðir sem fjárhús (fjárhellar). Heita þar Sauðhellir og Ærhellar, og er hlaðið upp að munum þeirra." segir í söguminjaskrá Helga Hallgrímssonar. Beitarhústóftin er um 50 m beint SA af veiðihúsinu Hofi, um 15 m austan við Ærhelli og um 25 m norðan við Laxá.

Tóftin stendur á hraungarði meðfram Laxá. Víðáttumiklir lyngmóar eru til norðurs og vesturs en blautlendara er fyrir austan. Húsin munu hafa verið í notkun fram um síðustu aldamót og hengu uppi alllangt fram á þessa öld.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Söguminjaskrá, 4



SB-214:041 Sauðhellir

65°35.274 N 17°08.237 V

"Eru á svonefndum Hraungarði, fast við Laxá, örskammt fyrir vestan Laxárbrýr. Þar er ein tóft nýlega hlaðin með hraungrýti, með garða í miðju. Stórir hellar eru þar rétt hjá sem hafa verið notaðir sem fjárhús (fjárhellar). Heita þar Sauðhellir og Ærhellar, og er hlaðið upp að munum þeirra." segir í söguminjaskrá Helga Hallgrímssonar.

Sauðhellir er norðaustan við beitarhúsatóftina 040, um 100 m norðan við Laxá, beint austur af veiðihúsinu Hofi. Hellismunninn snýr í austur. Hellirinn er í hraungarði nálægt norðurjaðri hans og eru víðáttumiklir lyngmóar til norðurs. Hellisopið er 3-4 m vítt og eru

smávægilegar hleðsluleifar í því. Niður í hellinn eru um 1,5 m en hann er sjálfur um 1 m undir loft þar sem hann er hæstur en víða minna. Aðalhellirinn er um 5 m breiður og um 8 m djúpur en afhellir gengur til suðurs frá opinu, um 3 m á breidd. Hellisgólfið er úr sauðataði.

Heimild: Söguminjaskrá, 4

SB-214:042 Ærhellir

65°35.249 N 17°08.352 V

"Eru á svonefndum Hraungarði, fast við Laxá, örskammt fyrir vestan Laxárbrýr. Þar er ein tóft nýlega hlaðin með hraungrýti, með garða í miðju. Stórir hellar eru þar rétt hjá sem hafa verið notaðir sem fjárhús (fjárhellar). Heita þar Sauðhellir og Ærhellar, og er hlaðið upp að munum þeirra." segir í söguminjaskrá Helga Hallgrímssonar. Ærhellir er um 15 m vestan við beitarhúsatóftina 040, um 20 m frá árbakka Laxár og um 40 m sunnan við austurhlið veiðihússins Hofs.

Hellirinn er í hraungarði meðfram Laxá. Norðan og vestan við eru víðáttumiklir lyngmóar. Hellirinn er langur (15 m) og mjór (5 m við opið) en frekar lágur undir loft (mest 1,2 m) enda hálffullur af taði. Niður að hellisgólfinu eru hlaðanar tröppur í opinu og yfir því hefur verið hlaðið skýli, nú hálfhrunið. Sauðfé leitar greinilega enn skjóls í helli þessum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Söguminjaskrá, 4

SB-214:043 2 tóftir

65°36.514 N 17°06.627 V


"Tóftir við Sortulæk. Suðvestan undir Borgarási (?) rétt við hraungarðinn við Sortulæk, hefur Jón Sigurgeirsson skoðað tvær tættur og mælt. Er vestari tóttin allstór, um 14 X 6m, aðeins ein dæld allt að meters djúp, en veggir um 2. m. þykkir. Líkist þetta mest einhverskonar rétt. Um 12 m austar er tóft af þrískiptu húsi, um 8,5 X 9 m (á miðja vegg), sem líkjast mest Seltóttum. Er þar greinilega golfskán. Ef til vill er þarna selið frá Hofstöðum, sem selnöfnin þarna eru kennd við (Selás, Selgötur og fl), eða þá Glúmstaðir þeir sem hellarnir eru við kenndir. Rústirnar virðast vera fornlegar,

eru alvaxnar viði og lyngi. Merki um túngarð sjást þarna ekki." segir í söguminjaskrá Helga Hallgrímssonar. Tóftirnar eru 15 m austan við austurgirðingu Stóratúns (Stærsti og nyrsti túnhlutinn í nýræktinni), 50 m frá hliði við norðurgirðingu þess en austari tóftin er um 15 m frá hraunjaðrinum og um 100 m vestan við Sortulæk.

Tóftirnar eru í litlum halla ofan við hraungarð, þar er lyngmói með fjalldrapa og víði. Tóftirnar eru allskýrar og djúpar, sérstaklega sú vestari og vestasta hólfið af þeirri austari. Rústirnar eru á kafi í fjalldrapa og víði og svo er allt í kring.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Söguminjaskrá, 5



SP-214:044 heimild um útihús

65°36.586 N 17°09.762 V

Útihús var syðst á Gerðinu, vestan í slóða sem nú er þar milli túnhluta, um 175 m norðan við miðju álínumilli núverandi íbúðarhúss og Hoftóftar 012

Á þessum stað er nú gróðurlítill blettur sem ekki er sleginn. Eins og aðrar tóftir á Gerðinu var þessi sléttuð með jarðýtu um 1950 og kom þá upp aska á þesum stað.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

SP-214:045 Dráphús

65°36.622 N 17°09.820 V

Fjánhús stóðu á Gerðinu, um 30 m NA við 044, um 6 m sunnan við farveg sem enn sést í túninu. Á þessum stað er nú dálítil bunga í túninu. Tóftirnar voru sléttaðar með jarðýtu um 1950. Fjánhúsin tók af í flóði í læknum sem rennur á vorin fast norðan við þar sem þau stóðu, á seinni hluta 19. aldar og munu ekki hafa verið reist við eftir það. Flóð munu vera tíð í þessum læk og því talið ólíklegt að húsin hafi staðið þar lengi áður en þau tók af.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

SP-214:046 heimild um fjárhús

65°36.640 N 17°09.771 V

Fjánhús stóðu á Gerðinu um 70 m beint norður af Dráphúsum 045, um 15 m austan við túnjaðarinn, svo að segja í miðju túninu. Tóftirnar voru sléttaðar með jarðýtu um 1950 en þær voru eftir mjög stór fjárhús með garða og hlöðu aftanvið.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

SP-214:047 heimild um útihús

65°36.688 N 17°09.790 V

Útihús stóðu á Gerðinu um 60 m norður af 046, í túnjaðrinum, um 5 í norðvestur frá þessum stað er haugur sem nýskeyð hefur verið orpinn yfir hest. Tóftirnar voru sléttaðar með jarðýtu um 1950.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

SP-214:048 heimild um fjárhús

65°36.687 N 17°09.760 V

Fjánhús stóðu á Gerðinu um 40 austan við 047, um 10 m innan við túnjaðarinn að vestan. Á þesum stað stóðu mjög stór fjárhús og voru tóftir þeirra sléttaðar með jarðýtu um 1950.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

SP-214:049 Kirkjugarður

65°36.476 N 17°09.776 V

Bogadreginn garður sást lengi austan við bæjarhólinn. Kom hann undan bæjarhúsunum og lá í sveig austur fyrir smiðjuna 008 og undir öskuhauginn 019 norðan við hana. Utaní bæjarhól, í túni. Garðurinn mun hafa verið 20-30 m í þvermál og var greinilega hringlaga þó hann sæist ekki allur og miðja hans þar sem smiðjan stóð. Garðurinn var kallaður "Kirkjugarður". Hann var sléttaður eftir miðja öldina. Hnit var tekið þar sem garðurinn hefur náð lengst í austur. Sbr. einnig smiðjuna 008 sem hefur verið þar sem bænhusið var áður.

Hættumat: hætta vegna ábúðar


SD-214:050 Stekkjarhellir

65°36.039 N 17°06.822 V

Stekkjahellir er 30 m NNV víð Hesthelli 022, um 10 m norðan víð þjóðveginn. Rutt hefur verið fyrir hellismunnann við vegagerð og sést hann nú aðeins sem aflöng rífa sem smjúga má niðurum. Hellirinn er í hraunjaðri, neðan (austan) víð hellisopið eru mýrar meðfram Sortulæk.

Hellirinn er lágur undir loft, nú mest 1, 7 m, 15 m langur frá N-S en 10 m breiður frá A-V. Við norðurvegg hellisins er kró hlaðin úr hraungrýti og stendur hún að mestu enn. Hleðslan er einföld og standa 4-5 umför. Króin er um 3x1,5 m að innan. Suðurendi hellisins, sem er mun lægri undir loft hefur verið girtur af með grjóthleðslu sem nú er að mestu hrúnin, um 5 m löng en þar fyrir innan þrengist hellirinn mjög og er hellisgólfið þar stórgrýtt.

Hættumat: engin hætta

**SD-214:051 Skötunesgötur**

Skötunesgötur liggja út frá Móharðsgötum við hornið á syðsta túninu sem nú er og þaðan í norður að Skötueyjarvaði 052. Lítið sést nú til þessara gatna.

SD-214:052 Skötueyjarvað

65°35.850 N 17°10.202 V

Skötueyjarvað er á Laxá til suðausturs úr nesinu sem gengur lengst til suðurs við hnéð á Laxá, yfir í Skötuey í flóa sem þar myndast. Flúðir eru bæði ofan og neðan við og víða hyljir meðfram bökkunum. Vað þetta þótti slæmt.

SD-214:053 Tjaldhæðir

65°36.106 N 17°09.067 V

Tjaldhæðir eru skammt norðan við heimreiðina uppi á ásnum áður en vegurinn beygir niður í dalinn Hæðirnar eru eiginlega syðsti hluti Hofstaðaheiðar. Tjaldhæðir eru breiðir og lágir hólar á allstóru svæði. Þar vex nú mikið af fjalldrapa og gulvíði en undir er mosagróður og er hreindýramosi áberandi en lítil um fjallagrös. Ekki er vitað hvar tjaldað var í hæðunum.

SD-214:054 Glúmsstaðahellrar - sel

65°37.600 N 17°05.338 V

"Glúmstaðahella[r], sem eru þarna stutt fyrir austan [Selás], en þar hefur verið sel frá Hofstöðum. Þar heitir einn af hellunum Baðstofuhellir, sem gæti hent til þess að búið hafi verið í honum." segir Helgi Hallgrímsson í Söguminjaskrá sinni.

Glúmstaðahellrar eru á nyrsta hraungarðinum við suðaustanvert Sandvatn og liggur hann A-V og hefur Sortulækur framhlaup úr vatninu austan víð garðinn. Austarlega á hraungarðinum er brúskur af allt að 2 m háum víðihríslum. Þar í er austasti hellirinn (Mjólkuhellir?) en vestan við hann eru margir hellar á belti sem er um 150 m langt og um 40 m breitt. Þar á meðal eru a.m.k. 3 allstórir hellar hver með fleiri en einum inngangi. Í þessum hellum og einnig í þeim austasta eru hleðslur á stangli, í flestum er eitthvað hlaðið fyrir inngang og í sumum eru hleðslur innaní sem hólfa þá niður. Í sumum hellanna er einnig spýtnabrak. Allir eru hellarnir 1-1,5 m háir undir loft og í öllum er opið þannig að hellispakið hefur fallið niður. Margir fleiri skútar

eru á svæðinu og sjást ummerki um sauðfé í ófáum. Hellarnir sunnan í garðinum eru margir fullir af vatni.

Hellarnir eru í hraungarði sem vaxinn er lyngi, hreindýramosa og víði og er hann allhár í dýpstu gjótunum. Í kring um hraungarðinn er votlendi, flæðiengi í Sandvatni (Tengur) til norðurs en mýrarsund og kílar milli lágra hraunholta til vesturs, suðurs og austurs. Auk Baðstofuhellis er getið um Mjólkurhelli og Eldhúshelli meðal Glúmsstaðahellra en þar hefur ekki verið haft í seli mjög lengi. Auk hellanna sjálfra mun hafa verið rétt á einum stað í grennd við þá en hún fannst ekki við vettvangsathugun 1996.

Hættumat: engin hættu

Heimild: Söguminjaskrá, 4

Sb-214:055 garðalag

65°35.428 N 17°07.871 V

Garður hefur legið í breiðum boga frá mótum heimreiðar og þjóðvegur til norðausturs í nýræktartúninu sem gengur lengst í suður af túnunum autan í Hofstaðaheiði. Garðurinn sést nú aðeins á 35 m löngum kafla vestan við þjóðveginn og stefnir hann í SV úr horni sem myndast milli túns að norðan og heimagirðingar Hofstaða í átt að byggingum á Helluvaði. Garðurinn nær þó ekki alla leið að heimreið að Hofstöðum heldur endar hann við læk sem rennur norðan með heimreiðinni. Til NA hefur garðurinn síðan haldið áfram drjúgan spöl en þar er hann kominn undir veg og þar austan við sléttaður undir tún, en af loftmynd sér móta fyrir honum allt að hraungarðinum NA við túnið. Þar sem enn sér til garðsins hefur verið grasmói, nú vaxinn gulvíði og fjalldrapa.

Hættumat: hættu vegna rasks

Sb-214:056 garðlag

65°35.376 N 17°08.865 V

Stífla er á Vatnsgjálrlæk um 200 m vestan við veiðihúsið Hof og frá henni hefur verið grafinn grunn rás til suðurs í átt að Laxá og hlaðið upp meðfram henni að vestan. Lækurinn rennur í lægð milli Hraungarðs og neðsta hjallans sunnan við Hofstaðaheiði. Þar standa hraunhólar upp úr hér og hvar en á milli þeirra hefur myndast jarðvegur þar sem vex hátt gras - mest puntstrá. Hefur þó sennilega verið rýrt engi.

Hættumat: engin hættu

Sb-214:057 landamerkjagarður

65°38.146 N 17°07.652 V

Landamerkjagarður er á norðurmerkjum Hofstaða. Hann nær lengst í vestur að suðurbrún Hólkotslækjargils þar sem það dregst saman en merkin munu vera um suðurbrún gilsins að Laxá. Þar sem Kaupstaðargötur (058) liggja yfir garðinn (hnit D, E og F) austur undir Sandvatni eru skörð í hann og þar verður hann ógreinilegur á kafla en austast er hann allskýr og nær alla leið að Sandvatni. Vestast er vírgirðingin sem nú deilir landareignum 40-50 m sunnar en garðurinn en við Sandvatn eru aðeins um 7 m á milli. Garðurinn liggur um lyngmóa, vestast í viki upp frá Hólkotslæk, þá sunnanundir hjalla í heiðinni Hólkotsmegin og nær hann alla leið að Sandvatni. Að austan sést garðurinn sem dökkgræn rák því ofan á honum vex fjalldrapi en í hliðum hans og allt í kring er gulvíðir ráðandi.

Garðurinn er mjög sokkinn og fornlegur, sundurskorinn af fjárgötum og vatnsrásum.

Rásir eru víðast meðfram garðinum, öðru hvoru eða báðum megin. Hann er því sennilega svipaðrar gerðar og Göngugarðurinn.

Hættumat: lítil hættu vegna rofs

Heimild: Loftmynd

SD-214:058 Húsavíkurgötur

Húsavíkurgötur eða Kaupstaðargötur liggja í sveig frá Melhólsvaði vestur yfir Sortulæk og þaðan norðureftir meðfram suður og vestur hlið Sandvatns. Göturarnar sjást nú óvída og hafa lent undir nýræktartúnum austan í Hofstaðaheiði. Þær má þó greina hér og þar vestan við Sandvatn og eru mjög skýrar fast norðan við merkin. Göturarnar sjást enn fremur á loftmyndum.


SD-214:059 tóft+ garður 65°35.845 N 17°10.303 V

Tóftarbrot er í nésinu sem gengur til suðurs við hnéð í Laxá, vestan við Sköteyjarvað. Nesið er afgirt með garði rétt sunnan við vaðið. Að austan nær garðurinn fast að ánni en að vestan er lítið mýrarsund milli garðsendans og árinna. Tóftin er 15 m sunnan við vestari garðsendann á árbakkanum gegnt Langhólma. Á lágu nesi úti í á. Í nésinu er þýfður lyngmói en efstu hæðirnar eru blásnar.

Garðurinn er um 50 m langur, um 1,5 m breiður og 0,8 m hár. Hann er allskýr en tóftin er mun óljósari, algerlega sprungin í þúfur sem þó eru svo reglulegar eða ekki getur vafi leikið á um að hér sé mannvirki. Tóftin virðist vera eitt hólfið sennilega með dyr á norðurgafli.

Hættumat: engin hætta

Loftmynd

**SD-214:060** Túngarður

65°36.576 N 17°09.688 V

Túngarður heitir stór og gamall garður umverfis Hofstaðabæinn. Að sunnan hefst hann við Laxá og sést vel í brekkunni upp frá ánni og upp á móts við núverandi íbúðarhús. Þar er nú komin stór eyða í hann, sunnan við fjárhúsin. Aftur sést svo til garðsins uppi á hjallanum ofan við bæinn og hefur hann þar beygt til norðurs og má rekja hann óslitið þar til hann beygir aftur til vesturs niður að Laxá en þar er erfiðara að greina hann þó hann sjáist vel á loftmynd.

Garðurinn er hlaðinn í deiglendi neðantil við Laxá en liggur um þurra móa ofan á hjallanum ofan við bæinn. Hann er víðast 2-3 m breiður og 1,3-1,75 m hár á hjallanum ofan við bæinn. Svæðið sem hann afmarkar er miklu stærra en túnin sem nú eru, hvað þá gamla túnið.

Hættumat: hætta vegna ábúðar


Heimild: Loftmynd

SD-214:061 Geitnakofi

65°36.411 N 17°09.805 V

Geitnakofi hét útihús rétt sunnan við túngirðingu á móts við suðausturenda hesthússins 006 eða litlu austar. Áður rétt utan túngarðs en nú í túni. Kofi þessi stóð fram um 1940 en fram að þeim tíma voru allnokkrar geitur á Hofstöðum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

**SD-214:062** stekkur 65°35.981 N 17°10.363 V

Grjóthlaðin rétt er í nesi við Laxá, beint norður af norðurenda Langhólma, undir hraunhól, um 3 m frá vatnsbakkanum.

Sæmilegt aðhald er í nésinu og allgrösugt milli hraunhólanna. Réttin er hlaðin utaní hraungarðsenda. Í hleðslunni er allstórt grjót og er hún víðast aðeins einföld og hefur ekkert torf verið notað í hana að því er séð verður.

Hættumat: engin hætta

SP-214:063 Geldingatóftavað


65°37.708 N 17°09.805 V

Vað er á Laxá úti norðanverða Hofstaðaei, sunnarlega í Geldingatóftaflóa. Á þessum stað er áin um 40 m breið og eru bakkarnir tiltölulega lágir báðum megin.

SP-214:064 torfrista

65°36.509 N 17°10.070 V

Torfrista var í mýrunum í brekkunni neðan við Hofstaðabæinn. Á þessum stað var eina torfristan í Hofstaðalandi og þótti hún léleg.

**SP-214:065** tóft

65°36.462 N 17°09.976 V

Lítill tóft er á upphækkun í mýrinni fast norðan við Syðri-Lind. Í deiglendi rétt neðan við tún. Auk þessarar tóftar gæti verið garðhverfa suðvestan við hana, neðan við lindina, um 4 m frá.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

SP-214:066 garðlag

65°37.645 N 17°05.876 V

Garður liggur frá Sandvatni vestan við Lambatanga í sveig til suðurs og síðan suðausturs um vik í Borgarás, sunnan við Glúmsstaða* tóftir

og þaðan beint í austur út í mýrarnar og heldur garðurinn beinn stefnu úr vikinu þar til hann snarbeygir til suðurs skammt vestan við Heygarðsholt. Þar sem garðurinn beygir til suðurs er mögulegt að hann sameinist öðrum sem kemur úr norðri. Frá þeim stað gengur garðurinn til suðurs í hlykkjum, fyrst vestan undir Heygarðsholti en síðan að mestu beint í suður frá suðurenda þess og alveg að Sortulæk þar sem hann rennur í vestur. Vestan við Borgarásinn liggur garðurinn í mýri og sömuleiðis austan við hann og er hann þar sumstaðar alveg sokkinn en víða ógreinilegur fyrir fjalldrapa og víði. Frá því að garðurinn beygir til suðurs og suðausturs er hann víðast greinilegur þó hann liggi sumstaðar yfir flóa og fen. Syðst er garðurinn á lágum hraungarði.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Loftmynd

SP-214:067 rétt

Hleðsla er í Hofstaðaei, í hraunjaðrinum austan við Stóruflöt. Þessi staður var ekki skoðaður 1996

SP-214:068 garðlag

Þar sem Lambatangi gengur lengst í norður út í Sandvatn, þrengist hann um skeið en víkkar síðan út aftur. Þar sem hann þrengist er garður sem afmarkar ysta hluta nessins. Þessi staður var ekki skoðaður 1996

Heimild: Loftmynd

4. Fornleifar og byggð í héraði

Mývatn er í um 280 metra hæð yfir sjávarmáli og er sveitin öll sléttlend. Bæirnir á skráningarsvæðinu eru á bilinu 240 m.y.s. (Hofstaðir) til 330 m.y.s. (Bjarnastaðir og Hörgsdalur). Svæðið er jafnlent fyrir utan dalinn sem Laxá rennur um, en hann er alldjúpur eftir að áin fer að

renna til norðurs hjá Helluvaði. Að sunnan og vestan einkennist svæðið af lágum og ávölum fellum með stórum mýrarflákum á milli en að norðan og austan eru ásarnir lægri og breiðari og þar er heiðlendi ríkjandi. Hæstu fell og ásar eru yfirleitt blásin að ofan en mest er svæðið vel gróið og þar er hvergi virkur uppblástur. Jarðvegsþykknun er hinsvegar mikil vegna uppblásturs sunnar og austar á Mývatnsöræfum og hefur svo verið um aldir.

Skilyrði til túnræktar munu hafa verið léleg á skráningarsvæðinu miðað við byggð á láglendi, tún smá og töðufengur lítill. Búskapur hefur því byggst að mestu á útbeit og engjaslætti en auk þess hefur silungsveiði í Laxá og tveimur Sandvötnum, fuglaveiði, eggver og grasatekja verið til verulegra búdrýginda. Á Hofstöðum og Helluvaði eru litlar engjar, helst í eyjum og hólum í Laxá og einnig nokkuð við suðurenda Sandvatns í norðausturhorni Hofstaðalands og í Kæfumýri vestast í Helluvaðslandi. Á báðum jörðunum þótti hinsvegar ágæt beit, sérstaklega í Hofstaðaheiði. Í hinu forna landi Gautlanda og í Hörgsdalslandi eru hinsvegar gríðarlega víðlendar engjar og byggðist búskapur heiðabýlanna sem stofnað var til á 19. öld, á Bjarnastöðum, í Stöng og Hörgsdal, fyrst og fremst á mikilli og góðri málnty en skilyrði til kúabúskapar voru takmörkuð.

Þessi búskaparskilyrði skýra að nokkru hversu víða hefur verið stofnað til búskapar á svæðinu. Túnrækt hefur skipt litlu máli en aðgangur að engjum og beitolandi þess meiru og hefur því mátt stofna til byggðar nálæga hvar sem vatnsból er og sæmilega þurrt. Á móti þessu kemur að mikið landrými þarf fyrir bú sem byggja afkomu sína fyrst og fremst á beit og engjaslætti, og hafa því ávalt verið takmörk fyrir hversu mörg býli gátu verið á svæðinu. Til samanburðar má nefna að svæði það sem skráð var 1996 er nokkuð stærra að flatannáli en allur Öngulsstaðahreppur í Eyjafirði (fyrir utan háfjöll) en þar voru árið 1712 43 bú á 33 lögbýlisjörðum á móti 3 búum á 3 lögbýlisjörðum á skráningarsvæðinu, en Helluvað var þá í eyði en tvíbýli á Hofstöðum. Í Öngulsstaðahreppi voru 137 kýr, kvígur og kálfar en 11 á skráningarsvæðinu, 1249 ær á móti 115,846 sauðir á móti 83,424 lömb á móti 45 og 212 hestar á móti 10 en á skráningarsvæðinu voru einnig 14 geitur en engar slíkar var þá að finna í Öngulsstaðahreppi. Af þessu má sjá að afrakstur lands miðað við flatannál var á skráningarsvæðinu um 10 % af því sem hún var í Öngulsstaðahreppi. Hinsvegar hafa búin verið stærri í Mývatnssveit, með um 12 % fleiri nautgripi, 25 % fleiri ær, 29 % fleiri sauði, 34 % fleiri lömb en hinsvegar 32 % færri hesta.¹⁶

¹⁶ JÁM X, 282-309; XI, 222-23, 242-43.

Jarðirnar þrjár á skráningarsvæðinu þóttu ekki jafngóðar undir bú. Hofstaðir voru langhæst metnir, eða 40 hundruð, en Gautlönd á 16 hundruð og Helluvað á 12 hundruð. Sölu- og matsverð jarðanna segir þó ekki alla söguna því að af bústærð og landskuld (leigu) sést að Gautlönd og Hofstaðir hafa verið ámóta stór býli en Helluvað talsvert minna. 1712 er talið að fódra megi fjórar kýr bæði á Hofstöðum og Gautlöndum en aðeins eina á Helluvaði en þá var landskuld á Hofstöðum 180 álnir (sama 1696 en 200 álnir 1686) en 150 álnir á Gautlöndum (120 álnir 1686, en 140 álnir 1698 og 1552). Á Helluvaði var landskuldin 60 álnir 1696 og 1712 en hafði áður verið 80 álnir (1686) og þar áður mun hærri eða 120 álnir auk þriggja dagsláttu.¹⁷ Svo virðist sem Helluvaði hafi farið mjög aftur sem bújörð á 17. öld en ekki er gott að sjá afhverju það hefur stafað. Landskuldin gæti hafa verið hærri áður, meðan hjáleigurnar Steinbogi og Beinistaðir voru í byggð, önnur hvor eða báðar, en eyðing þeirra stendur eflaust í sambandi við versnandi búskaparskilyrði á Helluvaði og er það því ekki nema hálf skýring. Ef fornt mat jarða endurspeglar raunverulegan afrakstur þeirra á miðöldum þá gæti verið að munurinn á matsverði Gautlanda og Hofstaða eigi sér skýringu í auknu mikilvægi sauðfjárbúskapar á 16. og 17. öld. Þegar eftirspurn eftir sauðfjárafurðum jókst þá hafa Gautlandabændur, með sínar víðáttumiklu engjar og beitolönd, getað aukið framleiðsluna en möguleikar Hofstaðamanna til aukningar hafa hinsvegar verið takmarkaðri.

Þó að jarðirnar á skráningarsvæðinu séu víðáttumiklar eru fornleifar ekki jafnt dreifðar um þær. Langflestar minjar er að finna við bæjarstæðin, í túni eða rétt fyrir utan, yfirleitt innan við 150 metra frá bæ. Fyrir utan bæjarstæðin og næsta nágrenni þeirra eru stekkir oft allfjarri bæjum og virðast góð aðhöld af náttúrnar hendi helst hafa ráðið staðsetningu þeirra. Sel hafa yfirleitt verið eins fjærri bæ og landrými leyfði. Öll eru selin á svæðinu nálægt góðum engjum og frá Sandvatnsseli í Gautlandalandi og Glúmstaðhellrum, seli Hofstaðamanna, hefur verið lagt fyrir silung í Sandvötnunum. Einnig eru heystæði hér og þar í kringum mýrar en að öðru leyti eru mannvirki fá og langt á milli þeirra.

Bæjarhólar og bæjarstæði

Bæjarhólar myndast þar sem bæir hafa staðið á sama stað um aldir. Þeir eru gerðir úr

¹⁷ JÁM XI, 222-23, 242-43; Björn Lárusson: *Old Icelandic Land Registers*, 298; DI XII, 464.

byggingarefni, torfi og grjóti, gólflögum sem hlaðist hafa upp í tímans rás og öskuhaugum, og geta orðið allt á fjórða metra á þykkt. Í bæjarhólum er helst að leita upplýsinga um húsakost, fæðu og almenn lífsskilyrði til forna og þar eru mestar líkur á að finnist merkir gripir. Bæjarhólar eru því langmikilvægustu minjastaðirnir en jafnframt þeir sem einna verst hafa farið útúr uppbyggingu í landbúnaði á 20. öld. Bæir standa oft á sama stað og þeir hafa gert um aldir og hafa þá djúpir kjallarar steypuhúsa nútímans oftar en ekki gereyðilagt minjarnar sem undir eru.

Á skráningarsvæðinu hafa bæjarhólar sloppið nokkuð vel. Það er aðeins á Stöng sem bæjarhóllinn er líklega gerónýtur. Þar hafa bæði leifar bæjarins sem reistur var 1857 skemmst af seinni byggingum og einnig mannvirki sem eldri voru. Þó mun hluti af gömlum garði og hugsanlega tóft vera óskemmt undir hlaðinu framan við bæinn í Stöng (SP-194b:019). Á Hofstöðum stóð gamli torfbærinn fram yfir 1970 en var þá rifinn og jafnað yfir bæjarstæðið en þar hefur ekki verið byggt og heldur ekki sléttað undir tún og er þar að mestum hluta óskemmdur bæjarhóll. Eins og á Hofstöðum var fyrsta steinhúsið á Helluvaði ekki byggt á bæjarhólnum sjálfum heldur fyrir neðan hann og stóð gamli bærinn lengi eftir það. Nú hefur yngra íbúðarhús verið byggt í brekkunni fyrir ofan bæjarhólinn og ofaní hann hefur verið sett rotþró en að öðru leyti er hann óskemmdur. Á Gautlöndum standur steinhús þar sem framhús var í gamla bænum. Djúpur handgrafinn kjallari var undir framhúsinu og var hann ekki stækkaður við byggingu steinhússins. Gamli bærinn stóð um hríð eftir að steinhúsið var byggt, aftan við það, þar sem nú er garður. Fyrir utan kjallarann, sem sennilega er frá seinni hluta 19. aldar, er bæjarhóllinn á Gautlöndum því líklega að stórum hluta óskaddaður. Á Bjarnastöðum var sléttað yfir bæjarhólinn og aðrar rústir í túninu á sjöunda áratug þessara aldar. Það hefur þó ekki verið gert með jarðýtu og sést hóllinn því enn vel og hefur sennilega ekki annað skemmst en leifar síðasta bæjarins.

Það er athyglisvert að bæjarhólarnir á Hofstöðum og Gautlöndum eru ekki háir heldur lágir en mjög breiðir og gæti það hent til þess að bæjarhúsin hafi ekki verið alveg á sama stað heldur færst nokkrum sinnum á takmörkuðu svæði. Á Gautlöndum er því vert að hafa í huga að fornleifar gætu vel leynst á stóru svæði í kringum íbúðarhúsið, þar sem nú eru vegir og hlað að austan og norðan og tún að sunnan og vestan.

Í Hörgsdal hefur varveist heilt bæjarstæði sem hvergi hefur verið snert af nútíma vinnuvélum. Síðasti bærinn, framhús með torfgöflum en að hluta til steypu eldhúsi að aftan,

hangir enn uppi og sést að hann stendur á lágum rústahól, sem eru leifar bæjarins sem byggður var 1825 og sennilega selbygginga fyrir þann tíma. Í Hörgsdalstúni eru fjölmargar hálfhrundar útihúsatóftir og er leitun að jafnheillegu rústasvæði og hefur það tvímælalaust varðveislu- og kynningargildi, jafnframt því sem vert væri að rannsaka nánar minjar um miðaldabyggð í Hörgsdal.

Á Litlu-Gautlöndum, Steinboga og Beinisstöðum eru forn bærarstæði. Litlu-Gautlönd eru alveg ósnortin og eru þar miklar rústir á stóru svæði, bæði eftir hina skammvinnu byggð í kringum 1820 og eldri byggð. Bærarstæðið er komið í þéttan runnagróður og þarfnast nákvæmari skoðunar en gerð var 1996. Á Steinboga er lítið bærarstæði, ósnortið að öðru leyti en því að hluti af túngarði er kominn undir veg. Í Beinissaðatúni standa tóftir beitarhúsa frá Helluvaði sem notuð voru fram á þessa öld. Þau standa sennilega á eldri rústum og hjá þeim eru tveir litlir öskuhaugar. Auk þess eru rústir neðar í túninu sem gætu verið forn bærarhús. Beinissaðatúnið er einnig merkilegt en það hefur ekki verið sléttað með vélum og er sennilega að stórum hluta fornt. Um það er elsta gaddavírsgríðing í Mývatnssveit. Um önnur möguleg bærarstæði er fjallað hér að neðan í kafla um sel og beitarhús.

Útihús og túngarðar

Eins og algengt var á Íslandi voru skepnuhús dreifð um tún á bæjum á skráningarsvæðinu til að dreifa áburði. Flest voru fjárhús, en hesthús voru einnig á hverjum bæ og stóðu þau ávalt næst túngarði. Geitakofar voru hinsvegar utantúns. Fjós voru inni í bæjum en fjóshlöður voru stakar rétt utan við bæ.

Flest útihús sem stóðu í túnnum hafa verið jöfnuð við jörðu en þó standa enn tvö í gamla túninu á Helluvaði og eitt á Gautlöndum. Einnig eru í gamla túninu á Gautlöndum rústir gamalla fjárhúsa sem heita Gauthús (SP-194:006) en þegar grafið var fyrir hlöðu við þau 1855 komu þar upp kuml með manni og hundi (SP-194:042). Í Hörgsdal eru hinsvegar fjölmargar útihúsatóftir frá mismunandi tímum í túninu. Af þeim má sjá að útihúsum hefur fækkað er leið á 20. öld en þau hafa þar í móti stækkað talsvert. Þau hús sem lögð voru af voru jafnframt þau sem fjærst stóðu bænum. Má rekja þessa þróun til aukins framboðs annarsvegar á gerfiáburði og hinsvegar á ódýru byggingarefni og hefur munað mest um langar þaksperrur og gildar stoðir sem gerðu kleyft að byggja mun breiðari hús en áður var hægt. Bygging tvístæðra fjárhúsa mun hafa hafist

á Íslandi í kringum aldamótin 1900 og í Hörgsdal sést að tvö fjárhúsanna hafa verið stækkuð úr einstæðum í tvístæð eftir 1919. Svo virðist sem endurbætur á torfhúsum hafi hafist seinna í Mývatnssveit en víða annarsstaðar og að þar hafi jafnvel verið hlaupið yfir eitt stig í byggingarsögunni þannig að nýttiskuleg steypuhús tóku beint við af torfhúsum með fornu lagi, án þess að á milli kæmi tímabil með stækkuðum torfhúsum, bættum með steypu og timbri.

Þó að flest útihús séu horfin úr túnnum á skráningarsvæðinu eru gamlir túngarðar enn sýnilegir á öllum bæjunum sem í byggð voru á 19. öld. Glæsilegasti garðurinn er án efa á Gautlöndum en þar er alllangur bútur enn eftir við suðvesturhorn gamla túnsins. Á Bjarnastöðum og í Hörgsdal eru túngarðarnir enn óslitnir, en sá á Bjarnastöðum hefur orðið fyrir hnjaski og verið lækkaður við túnasléttun á þessari öld. Á Stöng eru garðleifar enn á tveimur stöðum, en á öðrum hefur verið sléttað yfir garðinn og á hinum settur yfir hann uppmokstur. Allir þessir túngarðar eru sennilega frá 19. öld en þá var mikill áróður rekinn fyrir garðhleðslum sem fyrsta skrefi í átt að bættri túnrækt, Á Hofstöðum hefur aldrei verið byggður garður í kringum heimatúnið sjálft en hinsvegar er mikill garður, kallaður Túngarður, fyrir suðurhlið gamla túnsins og liggur hann síðan langt til austurs og norðurs í kringum bæinn. Þessi garður er sennilega miklu eldri 19. aldar garðarnir og byggður í einhverjum öðrum tilgangi. Sambærilega garða er víða að finna í Laxárdal, t.d. í kringum Geldingatóftir nyrst í Helluvaðslandi og í kringum Brettingsstaðasel.

Tún og garðar

Þó að tún séu ekki mannvirki í venjulegum skilningi er þau þó til orðin af mannavöldum og með aðferðum lífefnafræði og fornvistfræði má fá gömul tún til að gefa vísbendingar um sögu jarðræktar. Lagnflest heimatún á Íslandi eru enn í fullri notkun og hafa verið sléttuð margsinnis með stórvirkum vinnuvélumog á þau hefur verið borinn ólífrænn áburður um árabil. Tún sem orðið hafa fyrir slíku hnjaski henta ver til rannsókna og því er mikilsvert ef hægt er að finna tún sem eru að mestu ósnert af tækni 20. aldar.

Á skráningarsvæðinu eru það aðeins túnin á Beinisstöðum og í Hörgsdal sem ekki hafa verið sléttuð með vélum. Í Hörgsdal eru beðasléttur í yngri hlutum túnsins. Sléttur voru víða í gömlum túnnum á skráningarsvæðinu en nú hefur svotil allsstaðar verið sléttað yfir þær. Í suðvesturhorni Gautlandatúns var sléttað með plógi 1857 en þar hefur seinna verið sléttað með

nútímatækjum.

Kál- og kartöflurækt mun hafa átt erfitt uppdráttar í Mývatnssveit á 19. öld¹⁸ og er aðeins einn einasti gamall kálgarður á skráningarsvæðinu. Hann er á Gautlöndum, lítill garður í miklum halla mót suðri eins og tíðkaðist með elstu kálgarða.

Garðlög

Eitt af því sem einkennir heiðalöndin milli Laxárdals, Reykjadals og Bárðardals eru gríðarleg garðlög. Þeirra gætir ekki að sama skapi á Mývatnsheiði en í Laxárdal í landi Hofstaða og Helluvaðs eru nokkur mikil garðlög. Stór vörslugarður er í kringum Geldingatættur nyrst í Helluvaðslandi. Hluti hans nær inní Brettingsstaðaland og bendir það til að landamerki á þessum slóðum hafi breyst eftir að hætt var að nota Geldingatættur. Svipaður garður virðist hafa verið í kringum Beinisstaði en mjög lítið sést nú af honum. Eins og áður er minnst á er garður af þessu tagi í kringum Hofstaðabæinn, kallaður Túngarður þó hann afmarki miklu stærra svæði en Hofstaðatúnið. Gríðarmikill garður liggur að Hofstaðabænum í vestanverðri Hofstaðaheiði og heldur hann áfram til norðurs inní land Hamars. Má vera að garður þessi, sem kallaður er Göngugarður, hafi verið gerður sem samgöngubót. Á merkjum Hofstaða og Hólkots (nú Hamars) er forn landamerkjagarður. Enn eru tveir garðar í Hofstaðalandi, annar nær frá Sandvatni að Sortulæk og afmarkar þannig mikil engjasvæði og varplönd, en hinn liggur um móa (nú tún) í suðausturhorni Hofstaðalands og er erfitt að sjá hvaða hlutverki hann hefur gegnt.

Engjar og áveitur

Miklar engjar eru á skráningarsvæðinu og hefur yfirleitt ekki þótt taka því að reyna að bæta þær með áveitum. Í kringum Gautu, Dýnu og Stangarmýri eru víða heystæði á þurrlendisblettum. Langmestu áveitumannvirkin eru í flæðiengjum sem ná frá Suðurenda Arnarvatns og suður fyrir Gautlandabæ. Minniháttar veitumannvirki eru einnig við Laxá syðst í Hofstaðalandi og við Gautlandalæk nyrst í Bjarnastaðalandi. Eins og margar jarðir í Mývatnssveit sóttu Helluvaðs- og Hofstaðabændur engjaheyskap á Framengjar hjá Skútustöðum. Gautlönd eignuðust á seinni

¹⁸ sbr. SSb, 126.

hluta 19. aldar stóran hluta af Sveinsstrandarlandi og þar með miklar engjar í Nautey vestast í Framengjum. Þar voru reist mikil veitumannvirki sem verða skráð með öðrum minjum á Sveinsströnd.

Vatnsból

Hvergi er örðugt um vatnsból á skráningarsvæðinu enda virðast bæjarstæði oft hafa verið valin með nálægð við gott vatnsból í huga. Á Hofstöðum, Beinisstöðum, Bjarnastöðum og Þrælagerði í Hörgsdalslandi eru lindir í túnfæti en á Gautlöndum, Stöng og í Hörgsdal hefur bæjarlækjum verið veitt heim að bæjunum í handgröfnum rásum. Við túngarð á Arnarvatnsseli hefur verið grafinn djúpur brunnur og Hólssel hefur verið byggt við hliðina á stórri lind. Helluvaðsbær og Gautlandasel og Nollssel við Selgróf eru á árbakka og Litlu-Gautlönd og Sandvatnssel á vatnsbakka, sem þó hafa tæplega þótt góð vatnsból. Í Glúmstaðahellrum, seli Hofstaðamanna, eru lindir í sumum hellanna en við Geldingatættur, bæði þær í Hofstaðalandi og Helluvaðslandi og hjá Syðraseli í Helluvaðslandi eru ekki vatnsból í grennd við rústirnar. Einnig hefur verið spölur fyrir heimamenn á Steinboga að klöngrast ofan í Steinbogagil eftir vatni. Þó að vatnsból séu ekki sýnileg á þessum síðast nefndu stöðum er ekki útilokað að þar hafi áður verið lindir sem seinna hafa horfið eða brunnar hafi verið grafnir sem ekki sér til lengur. Ef lindir hafa horfið á þessum stöðum þá gæti það skýrt hversvegna þeir voru yfirgefnir.

Svarðartekja og torfrista

Samkvæmt Jarðabók Árna og Páls frá 1712 voru lauf og kvistir helsti eldsmatur á skráningarsvæðinu, rifhrís á Helluvaði, víðir á Gautlöndum og fjalldrapi og lyng á Hofstöðum.¹⁹ Seinna virðist taði hafa verið elt, a.m.k. á Hofstöðum en eins og víða annarsstaðar á Norðurlandi virðist svarðartekja hafa hafist á ný á 19. öld og er ekki hægt að skýra hversvegna hún lagðist af eða hversu lengi.

Engin svarðartekja er nú í Hofstaðalandi, en þó hefur komið í ljós að þeir sem fyrstir byggðu á Hofstöðum, laust fyrir 900, byrjuðu á að brenna sverði en færðu sig seinna yfir í

¹⁹ JAM XI, 222, 224, 243.

viðarkol og enn síðar í ókolaðan við. Í Helluvaðslandi eru miklar svarðargrafir í Botnum vestan við bæinn. Góð svarðartekja var einnig skammt frá Gautlöndum og sóttu fleir bær þangað eftir sverði. Í landi Stangar og Hörgsdals er einnig víða að finna góðan svörð og eru þar grafir heima undir bæjunum. Lengst munu Bjamastaðamenn hafa þurft að fara eftur eldsneyti en svarðargrafir þeirra voru í Króksmýri tæpa tvo kílómetra frá bænum.

1712 var torfrista og stunga talin bjargleg á Gautlöndum en leirug, sendin og lítt nýtandi á Helluvaði og mjög lök og lítt nýtandi á Hofstöðum.²⁰ Torfrista á Hofstöðum var í mýrinni niðurundan bænum og þótti léleg. Í Helluvaðslandi var svipaða sögu að segja en í landi Gautlanda, Stangar og Hörgsdals var víða góð rista en ekki mun hún hafa þótt sérstaklega góð.

Stekkir og kvíar

Fráfærur lögðust af á skráningarsvæðinu um aldamótin 1900, nema í Hörgsdal þar sem ær voru mjaltaðar allt til 1943. Kvíar voru allsstaðar rétt utan við tún og virðast á öllum bæjunum hafa verið torfkvíar en færirkvíar hvergi náð fótfestu. Aðeins á Gautlöndum eru kvíar enn sýnilegar, en við Sandvatnssel er einnig tóft, sem kölluð er Stekkur (SP-194:41), en hefur sennilega verið kvíar.

Stekkir voru yfirleitt miklu fjær bæ en kvíar og virðist helst hafa ráðið staðsetningu þeirra að gott aðhald væri frá náttúrunnar hendi. Í Stekkjargróf í Gautlandalandi var notast við aðhald frá náttúrunnar hendi og á Stekkjarhaga við Laxá í Helluvaðslandi eru aðeins lítilfjörlegar hleðslur millir árinna og hraungarðs sem mynda stekkin. Hellar voru einnig notaðir til að stía í og eru tveir þannig í Hofstaðalandi og einn í Lambey í Helluvaðslandi. Aðrir stekkir hafa verið meiri mannvirki og eru þeir oftast með venjulegu sniði, tvö hólfi, annað stærra en hitt. Eldri virðast þeir stekkir vera sem eru aflangir, lítil kró við endann á aflangri rétt og ekki dyr á milli (dæmi um slíkan stekk er Brothólastekkur, en einnig koma yngstu tóftirnar á Geldingatættum og á Nesi í Dal til greina). Í yngri stekkjum eru hólfin hinsvegar ekki jafn misstór (í Hörgsdalsstekk eru þau jafnstór, réttin jafnvel minni), þau geta eins verið hlið við hlið eins og hvert af annars enda og oft eru dyr á milli.

Sumsstaðar eru miklar garðhleðslur í kringum stekki, einkum þar sem hægt hefur verið að girða af tanga eða nes. Þar sem þannig er háttað má vera að meiri umsvif hafi verið á

²⁰ Sama heimild.

staðnum en einsaman stíun lamba. Afgirtir stekkir af þessu tagi eru við Skötueyjarvað við Laxá og yst á Lambatanga í Sandvatni en meiri mannvirki eru á Brothólastekk og Nesi í Dal í Gautlandalandi. Þeim rústum svipar til Náttþaga í Bjarnarstaðalandi og má vera að garðarnir í kringum stekkina hafi einnig gegnt hlutverki við yfirsetu sauðfjár.

Þegar fráfærur lögðust af virðast geitur hafa að nokkru tekið við mjólkurframleiðslu fyrir ostagerð í Mývatnssveit og voru þær allmargar á hverjum bæ fram að fjárskiptum á fimmta áratugnum en þá voru allar geitur í Mývatnssveit skornar. Geiturnar munu hafa verið mjaltaðar inni í geitakofunum.

Beitarhús og sel

Beitarhús voru í notkun fram á þessa öld bæði á Hofstöðum og Helluvaði. Hofstaðabeitarhús voru við Laxá syðst í landinu og sjást rústir þeirra enn vel. Helluvaðsbeitarhús voru á hinu forna bæjarstæði Beinistaða og eru rústir þeirra einnig vel skýrar. Nokkra furðu vekur að ekki skuli hafa verið beitarhús á neinum af hinum býlunum á skráningarsvæðinu en vera má að setin í landi Gautlanda hafi verið notuð sem beitarhús. Hafi svo verið þá hefur því verið hætt fyrir síðustu aldamót. Mögulegt er einnig að tóftirnar SP-194:046 í Dal, fyrir vestan Gautlönd, séu eftir beitarhús en ekki eru heimildir um það.

Á lögbýlunum þremur voru sel. Lengst mun vera síðan haft var í seli frá Hofstöðum.

Selið þar var í Glúmsstaðahellrum við suðurenda Sandvatns. Þeir eru fjölmargir og ónákvæm rannsókn 1996 leiddi ekki í ljós að þar væru verulegar mannvirkjaleifar en þörf er á nákvæmari úttekt á hellunum. Auk Glúmstaðahellra geta Geldingatættur í Laxárdal, nyrst í Hofstaðalandi, hafa gegnt hlutverki sels eins og áður hefur verið bent á. Þá eru tóftir á Lambatanga spölkorn vestan við Glúmstaðahellra og aðrar við Sortulæk talsvert sunnar. Við fyrnefndu tóftirnar er mikill garður sem liggur frá Sandvatni og að Sortulæk og afmarkar hann allmikið engjasvæði og varpland og gæti staðið í sambandi við seljabúskap. Tóftirnar við Sortulæk eru lengra frá engjunum við suðurenda Sandvatns en þrískipta tóftin þar minnir mjög á mannabústað og gæti þetta verið hvort sem er, sel eða smákot.

Í Helluvaðslandi eru tvær selstöður, sem upphaflega hafa verið kallaðar Syðrasel og Ytrasel. Ytrasel var leigt Arnarvatnsmönnum eftir að byggð hófst í Hörgsdal 1825 og þeir gátu ekki lengur haft í seli þar. Ytrasel hefur síðan verið kallað Arnarvatnssel og var haft þar í seli

fram undir aldamótin 1900. Þar eru miklar tóftir og túnstæði. Frá Arnarvatnsseli hefur verið farið til engjasláttar í Kæfumýri en selið er við suðausturenda hennar. Á Syðraseli var á þessari öld byggð fjárrétt úr torfi og sjást þar nú aðeins veggjabrot standa útundan réttarveggnum. Ekki er vitað hvenær þar var síðast haft í seli. Fyrir utan selin tvö eru svo Geldingatættur nyrst í landinu og gæti þar hafa verið sel. Einnig hefur verið hent á nafnlausar tóftir undir Brattási sem mögulegan mannabústað, smákot eða sel.

Allmargar selstöður eru í landi Gautlanda. Við Sandvatn hefur einna lengst verið haft í seli eða fram á seinni hluta 19. aldar og eru þar skýrar tóftir. Við Selgróf neðst í norðurhlíðum Sandfells hafa verið þrjú sel. Mestar tóftir eru á Gautlandaseli, en það er alveg niður við Gautu, og var þar haft í seli á 19. öld. Á Hólsseli eru engar tóftir sem líta út fyrir að hafa verið mannabústaðir, þar er aðeins stór rétt og ein örsníð tóft en á Nollsseli eru meiri tóftir og má vera að það hafi verið þar sem Álftagerðismenn höfðu í seli, en samkvæmt jarðabók Árna og Páls frá 1712 leigðu þeir selstöðu á Gautlöndum fyrir 10 álnir á ári.²¹ Þá telja sumir að enn eitt selið hafi verið þar sem bærinn í Stöng stendur nú, en eins og þegar hefur verið rætt gætu það einnig hafa verið tóftir áþekkar Þrælagerði í Hörgsdalslandi og Geldingatættum á Helluvaði og Hofstöðum.

Hörgsdalsbærinn stendur á fornri selstöðu sem lengi var eign Helgastaðakirkju en var hinar seinni aldir a.m.k. leigð Arnarvatnsmönnum. Fornleifar þær sem komu í ljós við uppgröft 1892 og 1902 eru sennilega frá miðaldaseli á þessum stað. Í Hörgsdalslandi er einnig oftnefnt Þrælagerði en það er af sömu gerð og Geldingatættur í landi Hofstaða og Helluvaðs. Ekki er vitað hvaða hlutverki staðir af þessu tagi hafa gegnt. Þeir gætu hafa verið smáýli, en eins og áður hefur verið stungið upp á má vera að þar hafi verið einskonar útibú frá bæjunum sjálfum. Þrælagerði er algengt nafn á tóftum af svipuðu tagi um allt Norðurland, einkum þó í Skagafirði. Ef nafnið er upprunalegt á hverjum stað, sem alls ekki þarf að vera, þá gæti það hent til að menn hefðu á 10. og kannski 11. öld látið þræla sína reka útibú fjarri heimabæ en sú hugmynd hefur verið þekkt á 13. öld þegar Egils saga og Geirmundar þáttur heljarskinns voru færð í letur.²² Nafnið á Geldingatættum bendir til að þar hafi verið geymdir sauðir og gæti það vel komið heim við hugmyndina um útibú.

Fast norðan við Hofstaðatúnið heitir Gerði og voru þar mörg útihús sem nú hafa verið

²¹ JÁM XI, 224.

²² ÍF II, 75- 76; Sturl,

jöfnuð niður. Í Eyjafirði heita ystu hlutar í gömlum túnnum eða stakir túnhlutar utan við heimatún gjarnan Gerði og er svo nálega á hverjum bæ í þeim sveitum. Ekki hafa hinsvegar verið Gerði á Helluvaði eða Gautlöndum svo vitað sé. Ekki er vitað hvaða tilgangi þessi Gerði gegndu.

Kuml og kirkjugarðar

Eitt kuml hefur fundist á skráningarsvæðiun (SP-194:042). Það fannst árið 1855 þegar grafið var fyrir hlöðu við fjárhús (SP-194:006) í túninu austan við Gautlandabæ. Beinir voru látin niður aftur en síðan grafinn upp á ný á þessari öld og send þjóðminjasafni. Aldrei hefur hinsvegar verið gerð rannsókn á þessum stað en full þörf væri á því. Sennilegt er að kuml sé einnig að finna einhversstaðar í Hofstaðalandi þar sem byggð var komin þar löngu fyrir kristnitöku.

Samkvæmt máldaga Reykjahlíðarkirkju frá 1318 voru þrjú bænhús auk hálfkirkju í Reykjahlíðarsókn.²³ Eitt þessara bænhúsa var á Hofstöðum og er þess getið í jarðaskiptabréfi frá 1477.²⁴ Bænhúsið mun hafa verið þar sem seinna stóð smiðja norðaustan í bæjarhólnum og var fram á þessa öld bogadregin garður, kallaður Kirkjugarður, sem lá í boga austurfyrir smiðjuna. Ekki hafa komið upp bein á þessum stað svo vitað sé.


Af miðaldamáldögum Skútustaðakirkju má einnig sjá að a.m.k. ein útkirkja og nokkur bænhús hafa verið í Skútustaðasókn. Eins og áður hefur verið vikið að hefur hálfkirkja sennilega verið á Arnarvatni en bænhús gæti hafa verið á Gautlöndum. Rökin fyrir því eru annarsvegar að Gautlönd eru greinilega fornjörð eins og kumlið er til vitnis um og guðshús er mjög oft að finna á slíkum jörðum og hinsvegar að jörðin er með þeim stærri í sókninni. Einnig hafa mannabein komið upp í túninu þar sem Lækjarhús SP-194:009 standa nú. Ekki eru skýrar frásagnir um þennan fund en þar gæti verið um að ræða kristinn grafreit.

Leiðir

Skráningarsvæðið er allt fremur jafnlent og auðvelt yfirferðar. Mýrarnar eru óvída svo blautar að það tálmi yfirferð að ráði og liggja því reiðgötur þvers og kruss um svæðið. Eini farartálminn

²³ DI II, 429-30.

²⁴ DI VI, 109-10.



Kort 13. Gamlar leiðir á skráningarsvæðinu

er Laxá, en á henni eru engin vöð ofantil í Laxárdal eftir að hún fer að renna til norðurs hjá Helluvaði. Beint norður af Helluvaði voru vöð um hólmana yfir Laxá kölluð Brotin (SP- 214:014) og lá um þau leið úr Reykjadal og Bárðardal norður fyrir Mývatn. Árið 1912 var settur kláfur á Laxá litlu austar en vöðin (SP-214:013).

Helstu þjóðleiðir um svæðið voru þessar: Frá Helluvaði og Brotavöðum lá leið niður í Reykjadal á svipuðum slóðum og þjóðvegurinn er nú og sjást þær götur enn vestan við þjóðveginn hjá Tjaldstæðisbundu. Lengi vel var aðeins bílvegur að vestan að suðurenda Mátvatns og var þá farið með kerrur þangað frá Helluvaði svipaða leið og vegurinn liggur nú, en frá Gautlöndum um svokallaðar Akureyrargötur sem lágu fyrir sunnan Helluvaðstjörn og vestan við Selbundu og frá Stöng austan í Víðafelli.

Frá Helluvaði lá svokallaður Arndísarstaðavegur beint í vestur um Laugasel og Brenniás þar sem hann beygði til norðvesturs og kom niður hjá Arndísartöðum í Bárðardal. Þessi vegur er á köflum ruddur og annarsstaðar upphlaðinn. Hann er þráðbeinn á löngum köflum og tekur hvergi tillit til landslags eða aðstæðna. Hann mun vera gerður á seinni hluta 19. aldar. Áðurnefndar Akureyrargötur frá Gautlöndum lágu einnig upp á þennan veg.

Frá Gautlöndum lágu götur beint í vestur í norðurhlíðum Sandfells og í Hörgsdal og þaðan áfram til vesturs ofaní Bárðardal miðja vegu milli Sigurðarstaða og Sandvíkur. Frá Helluvaði lágu einnig götur um Stöng sem sameinuðust þessum í Hörgsdal.

Frá Gautlöndum lágu aðrar götur í Bárðardal. Þær lágu suður með Sandfelli, milli þess og Sandvatns og í Engjadal en þaðan liggja götur beint í suður í Víðiker og aðrar til vesturs í Lundarbrekku.

Aðalleiðin frá suðurhluta Mátvatnssveitar til Reykjahverfis og Húsavíkur lá um Hólasand og var þá farið um Haganes og yfir Mátvatn á Rifinu og þaðan beint til vesturs norðan við Geirastaði og yfir Sortulæk á Melhólsvaði en þaðan beint í norður um austanverða Hofstaðaheiði og með vesturhlíð Sandvatns og upp á Hólasand. Þessar götur heita Kaupstaðargötur eða Húsavíkurgötur.

Af þessu yfirliti má ráða að bæði Helluvað og Gautlönd hafa verið í þjóðbraut og einnig hefur fyrrum verið meiri umferð um hlað í Hörgsdal og á Stöng. Bjarnastaðir munu hinsvegar ávallt hafa verið afskektir. Hofstaðir hafa einnig legið fjarri þjóðbrautum hinar seinni aldir en vera má að því hafi ekki alltaf verið þannig farið. Vestaní Hofstaðaheiði er gríðarlegur garður kallaður Göngugarður og heldur hann áfram úteftir Laxárdal í Hamarslandi. Ekki er fullvíst

hvaða hlutverki garður þessi hefur gegnt en sú kenning að hann hafi verið samgöngumannvirki er ekki ósennileg. Hafi þjóðleiðin að norðan einhverntíma legið eftir þessum garði þá hafa Hofstaðir verið í þjóðbraut og er mikilsvert að komast að því frá hvaða tíma garðurinn er og hvaða ástæður gætu legið að baki því að þjóðleiðin færðist til austurs.

5. Verndun og kynning á fornleifum á skráningarsvæðinu

Engin minjastaður telst vera í verulegri hættu á skráningarsvæðinu en vert er að hyggja að varðveislu og kynningu á minjum á svæðinu. Skilningur eykst nú á því að minjastaðir hafi gildi fyrir útivist og ferðamannaiðnað og er það eitt af meginmarkmiðum fornleifaskráningar að finna og skilgreina staði eða svæði sem þurfa á verndun að halda eða henta til kynningar fyrir útlendum jafnt sem innlendum ferðamönnum og skólabörnum. Allar fornleifar á Íslandi eru friðaðar og þeim má ekki raska eða spilla, en hér að neðan verða gerðar tillögur um sérstaka verndun og er þá átt við að hirt sé um viðkomandi minjastað eða minjasvæði, hann kynntur eða gerður aðgengilegur og að ráðstafanir séu gerðar til að korna í veg fyrir eyðingu af völdum náttúruafla þar sem það á við.

Ekki verður hægt að gera endanlegar tillögur um verndun og kynningu fyrr en heildaryfirlit er fengið af fornleifum í Skútustaðahreppi öllum og má nefna að þó að þrjú gömul torfhús standi enn á skráningarsvæðinu er ekki víst að þau hafi varðveislugildi en úr því mun fást skorið þegar ljóst er hversu mörg torfhús eru enn standandi í sveitinni og í hvernig ástandi þau eru.

Hér á neðan verður bent á helstu minjasvæði og athyglisverðustu minjastaði á skráningarsvæðinu.

a) Laxárdalur. Stór hluti af Laxárdal er nú í eyði, eða frá Auðnum að vestan og Hólum að vestan og að Hofstöðum og Helluvaði. Miklar minjar frá ýmsum tímum eru á svæðinu og má nefna sunnan hreppamarkanna: Geldingatættur í Hofstaðalandi, fornþýli í túni Hofstaða, Steinbogi, Stekkur í Stekkjarhaga, Beinisstaðir og Geldingatættur í Helluvaðslandi. Laxárdalur er, eins og Mývatnssveit öll, náttúruverndarsvæði og er nauðsynlegt að móta stefnu um aðgang að minjastöðum þar og kynningu á þeim.

b) Glúmsstaðahellrar og nágrenni. Við suðurenda Sandvatns eru tóftir og garðar á nokkrum

stöðum auk hellanna þar sem haft var í seli. Þetta svæði er friðland varpfugla og því ekki um að ræða kynningu á minjastöðum þar fyrir almenningi.

c) Hörgsdalur. Bæjarstæði Hörgsdals er einstaklega vel varðveitt og eru þar frábærir möguleikar til kynningar á heiðabúskap þeim sem einkenndi byggð á þessu svæði á 19. öld. Örskammt frá túninu er klakkofi sem eru einu minjarnar á skráningarsvæðinu um tilraunir manna fyrr á þessari öld til að auka fiskgengd í ám og vötum.

d) Selgróf. Við Selgróf eru þrjú vel varðveitt sel, auk heystæða, og eru þar góðar aðstæður til að kynna seljabúskap.

e) Arnarvatnssel. Á Arnarvatnsseli eru miklar og vel varðveittar rústir og er það stærsta selið á skráningarsvæðinu. Þar eru tóftir frá mismunandi tímum sem hafa rannsóknargildi auk ótvíræðs varðveislu- og kynningargildis.

f) Litlu-Gautlönd. Gríðarmiklar minjar frá mismunandi tímum eru á Litlu-Gautlöndum sem mikilsvert væri að rannsaka.

g) Sandvatnssel. Á Sandvatnsseli eru vel varðveittar seltóftir sem hafa varðveislugildi.

h) tóftir undir Brattási. Undir Brattási sunnarlega í Helluvaðslandi eru þrjár tóftir. Þær eru nafnlausar og hlutverk þeirra er ekki þekkt. Þær hafa ótvírætt rannsóknar- og kynningargildi.

i) tóftir á Nesi í Dal. Í Dal vestur af Gautlandabæ eru allmiklar tóftir á svokölluðu Nesi. Ekki er vitað um hlutverk þeirra en sennilega er um að ræða stekk og kannski nátthaga. Þessi staður hefur bæði rannsóknar- og varðveislugildi.

j) Nátthagi. Um 1,5 km vestan við Bjanastaði er mikill afgirtur nátthafi og sýnist garðurinn vera forn. Þessi staður hefur bæði rannsóknar- og varðveislugildi.

k) Arndísarstaðavegur. Vegur, á köflum upphlaðinn og á köflum ruddur, liggur beint vestur frá Helluvaði. Hann er mikið mannvirki og gott dæmi um vegagerð 19. aldar.

Auk upptalinna staða er vert að hafa í huga að nauðsynlegt verður að varðveita dæmi um veitumannvirki einhversstaðar í Mývatnssveit og eins geitakofa og reykkofa en slíkar minjar hafa sérstakt gildi fyrir atvinnusögu sveitarinnar.

Heimildir

- Adolf Friðriksson: *Fornleifar í Skútustaðahreppi*, Reykjavík 1993 [fjölrit].
- Adolf Friðriksson: *Fornleifarannsóknir á Hofstöðum í Mývatnssveit 1991-92*, Reykjavík 1993. Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson: *Fornleifarannsóknir á Hofstöðum í Mývatnssveit 1995*, Reykjavík 1995.
- AÍ: *Alþingisbækur Íslands I-XV*, Reykjavík
- Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskrá*, Reykjavík 1990.
- BBSÞ**: *Byggðir og bú Suður Þingeyinga 1985*, Reykjavík 1986.
- Björn Sigfússon: *Saga Þingeyinga til loka þjóðveldisaldar*, (Ritsafn Þingeyinga ,f), Reykjavík 1946.
- Björn Teitsson: *Bosetning i Suður-Þingeyjarsýsla 1300-1600. En punktundersøgelse under Det nordiske ødegårdsprojekt*, Reykjavík 1978 [fjölrit].
- Björn Teitsson: *Eignarhald og ábúð ájörðum í Suður-Þingeyjarsýslu 1703-1930*, Reykjavík 1973.
- Bruun, Daníel: *Fortidsminder og nutidshjem paa Island*, København 1928.
- Bruun, Daníel & Finnur Jónsson: 'Om hove og hovudgravninger paa Island.' *Aarbøger for Nordisk Oldkyndighed og Historie 1910*, 62-100.
- Bruun, Daniel & Finnur Jónsson: 'Undersøgelser og Udgravninger paa Island 1907-09.' *Geografisk tidsskrift* 20: 302-15.
- Bruun, Daniel & Finnur Jónsson: 'Finds and Excavations of Heathen Temples in Iceland.' *Saga Book of the Viking Club* 7: 25-37.
- Bruun, Daniel & Björn M. Olsen: 'Hörgsdalsfundurinn.' *Árbók hins íslenskt fornleifafélags* 1903, 1-16.
- Brynjúlfur Jónsson. "Rannsóknir á Norðurlandi sumarið 1900." *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1901, bls 7-27.
- Brynjúlfur Jónsson. "Rannsókn á Norðurlandi sumarið 1905." *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1906, bls 1-27.
- BÞS**: *Bréfabók Þorláks biskups Skúlasonar*, (Heimildaútgáfa Þjóðskjalasafns I), Reykjavík 1979.
- DI**: *Íslenskt fornbréfasafn I-XVI*, Kaupmannahöfn/Reykjavík 1857-1972.
- FF**: *Frásögur umfornaldarleifar 1817-1823*, Sveinbjörn Rafnsson gaf út, Reykjavík 1983.

- ÍF:** *Íslenzk fornrit I-*, Reykjavík 1933-.
- JJ:** J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.
- JÁM:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*, XI. Þingeyjarsýslur, Kaupmannahöfn 1943.
- KEKH:** Kristján Eldjárn: *Kuml og haugfé*, Akureyri 1956.
- KK:** Kristian Kaalund: *Eidrag til en topografisk-historisk Beskrivelse af Island I-II*, København 1877-82.
- LÞ:** Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu I. Suður Þingeyjarsýsla*, (Ritsafn Þingeyinga II), Reykjavík 1954.
- Olsen, Olaf: *Hörg, hov og kirke. Historiske og arkæologiske vikingetidsstudier*, (Aarbøger for nordisk oldkyndighed og historie 1965), København 1966.
- ÓO:** Ólafur Olavíus. *Ferðabók I-II*, Reykjavík 1964.
- SSSP:** *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1844*, Reykjavík 1994.
- Söguminjaskrá:** Helgi Hallgrímsson: *Söguminjar í Mývatnssveit* [1979 - fjölrít].
- Túnakort. Þjóðskjalasafn Íslands. Jarðadeild XIV. Uppdrættir af túnum 1919.
Skútustaðahreppur
- ÞJÁ:** *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri I-VI*, Safnað hefur Jón árnason, Reykjavík 1954-61. Ö-Bjarnastaðir: Örnefni í Mývatnssveit, 1360-63 (Pétur Jónsson safnaði, Ari Gíslason skráði), Örnefnastofnun.
- Ö-Gautlönd: Örnefni í Mývatnssveit, 1140-52 (Pétur Jónsson safnaði, Ari Gíslason skráði), Örnefnastofnun.
- Ö-Helluvað: Helluvað (örnefnaskrá eftir Jón Sigurgeirsson), Örnefnastofnun.
- Ö-Hofstaðir: Örnefni í Mývatnssveit, 1378-84 (Pétur Jónsson safnaði, Ari Jónsson skráði), Örnefnastofnun.
- Ö-Hörgsdalur: Hörgsdalur (örnefnaskrá eftir Ernu Helgadóttur, byggð á eldri skrá eftir Ara Gíslason og Pétur Jónsson), Örnefnastofnun.
- Ö-Stöng: Stöng (örnefnaskrá eftir Ásmund Kristjánsson, byggð á eldri skrá eftir Ara Gíslason og Pétur Jónsson), Örnefnastofnun.